Fullgilding Íslands var gerð með þeim fyrirvara, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákveðið, að siglingamálastofnunin (IMCO) skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis. Samtímis var því lýst yfir, að af Íslands hálfu væri áherzla lögð á raunhæft gildi 59. gr. samþykktarinnar, varðandi uppsögn á þátttöku.

Samþykkt þessi er birt sem fylgiskjal með lögum nr. 52/1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 1. febrúar 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

7

6. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kys til fjögurra ára í senn. Atvinnumálaráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 6. febrúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

8

14. febr.

L Ö G

um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bjargráðasjóður er allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því.

Það er hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða felli.

2. gr.

Árlegar tekjur bjargráðasjóðs eru þessar:

- Framlag sveitarfélaga, er skal vera 5 krónur fyrir hvern meðlim sveitarfélagsins, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar 1. des. næsta ár á undan.
- Framlag ríkissjóðs, er nemur 5 krónum fyrir hvern mann, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar 1. des. næsta ár á undan.
- Vextir af fé sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr sjóðnum.

4. gr.

8

Bjargráðastjórn hefur á hendi alla stjórn sjóðsins, reikningshald hans og annað það, er sjóðinn varðar. Rétt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, sem annast þá í umboði stjórnarinnar allt reikningshald og daglega afgreiðslu á vegum sjóðsins. 14. febr.

Bjargráðastjórn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

5. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og endurskoðendur ríkisreikninganna skulu endurskoða reikningana án sérstaks endurgjalds frá sjóðnum, og skal þeirri endurskoðun vera lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Sveitarstjórn skal lúka framlagi til bjargráðasjóðs, sbr. 2. gr. a., á manntalsþingum. Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og skila því til sjóðsins eigi síðar en 1. október ár hvert.

Framlag ríkissjóðs, sbr. 2. gr. b., greiðist sjóðnum fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur, samkvæmt 2. gr. a, skal vera séreign þess kaupstaðar, er framlagið greiddi, eða sýslu vegna þeirra framlaga, sem hreppar sýslunnar hafa greitt, og leggjast vextir af því fé við séreignina. Annað fé sjóðsins, sbr. 2. gr., skal vera sameign allra landsmanna.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóði.

8. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu álitu bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætta er við bjargarskortu fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

9. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt:

- a. að veita sveitarfélögum og sýslufélögum styrk eða lán úr sjóðnum, ef um er að ræða hallæri í sveitarfélaginu eða sýslunni vegna óvenjulegra harðinda, langvarandi aflaleysis eða vegna tjóns af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu.
- b. að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, styrk eða lán úr sjóðnum, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu. Lán skal tryggt með ábyrgð sveitarfélags eða annarri öruggri tryggingu.

Ef handbært fé sjóðsins verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu styrkja eða lána, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, er stjórn sjóðsins heimilt að veita sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra og sýslufélögum lán gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

8

14. febr. Fé bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara, skal ávaxtað í banka með ríkisábyrgð.

11. gr.

Sá, sem óskar láns eða styrks úr bjargráðasjóði, samkvæmt 9. gr. a—b, skal senda sjóðstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Bjargráðastjórn getur krafizt upplýsinga varðandi slíkar beiðnir frá þeim aðilum, sem slíkar upplýsingar geta veitt, og er þeim skylt að veita þær, svo sem föng eru á.

12. gr.

Nú hrekkur fé sjóðsins eigi til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, sbr. 9. gr. a—b, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði.

Tryggja má slík lán með veði í eignum og tekjum sjóðsins.

13. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

9

25. febr.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól
í Rangárvallasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Einari Jónssyni bónda, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 25. febrúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

10

29. marz

um Seðlabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands (á ensku the Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Seðlabanki Íslands (hér eftir nefndur Seðlabankinn) tekur við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands, Seðlabankans, skulu 100 millj. kr. teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarping Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt;
2. að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;
3. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;
4. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;
5. að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum;
6. að gera sem fullkonnastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans;
7. að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

II. KAFLI

Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

5. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er bókhaldslega aðskilin deild í Seðlabankanum. Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að veita fyrirtækjum, er stunda sjávarútveg, stofnlán gegn veði í eignum þeirra.

A 3

10 Stofnlánadeildin starfar samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum. Heimilt
 29. marz er stofnlánadeildinni að opna nýja lánaflokka, eftir því sem stjórn Seðlabankans
 telur nauðsynlegt, enda séu þeir háðir ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum
 3.—11. greinar. Um nýja lánaflokka skal setja ákvæði í reglugerð, er ráðherra sá,
 sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar Seðlabankans.

III. KAFLI

Seðlaútgáfa og mynt.

6. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla eða annan gjaldmiðil,
 er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða lögleggar myntar.

Seðlar þeir, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með
 fullu ákvæðisverði.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður samkvæmt tillögu Seðlabankans
 lögum, útlit og fjárhæð seðla þeirra, sem bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu
 um það efni.

7. gr.

Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi
 seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar
 eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er. Skal bankinn birta
 reglulegar skýrslur um það, hve miklum hluta seðlaveltunnar þessi trygging nemi.

8. gr.

Fjármálaráðuneytið getur samið við Seðlabankann um, að hann taki við útgáfu
 myntar af ríkissjóði, og skulu þá úr gildi falla lög nr. 19/1925, um innlenda skipti-
 mynt. Í stað þeirra skulu ákvæði 6. greinar þessara laga ganga í gildi um útgáfu
 myntar á sama hátt og um peningaseðla.

IV. KAFLI

Innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi.

9. gr.

Seðlabankinn tekur við innlögum frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peninga-
 stofnunum og getur veitt þeim lán með endurkaupum tryggra vixla eða á annan hátt
 gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

10. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, inn-
 lánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hvernar þeirrar stofnunar
 annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi
 að mati hans.

Bankaeftirlitið, en svo skal þessi starfsemi nefnast, skal fylgjast með því, að
 innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.
 Einnig skal því heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur inn-
 lánsstofnunar óheilbrigðan, og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar ráðherra þegar
 í stað. Gagnvart sparisjóðum tekur bankaeftirlitið við þeim störfum, sem sparisjóðs-
 eftirlitinu eru falin með lögum um sparisjóði, nr. 69/1941.

Skylt er innlánsstofnunum að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar
 upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig er bankaeftirlitinu heimilt
 að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana, hvenær sem ástæða þykir til.

Seðlabankinn skal taka við vörzlu og stjórn tryggingasjóðs sparisjóða, sbr. 17. 10 grein laga nr. 69/1941, enda fer um endurskoðun reikninga hans eftir ákvæðum 29. marz 30. gr. laga þessara.

11. gr.

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, svo og aðrar opinberar lánsstofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið, að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísá má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Seðlabankinn getur innan þessara hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 2. málsgrein.

Valdi flutningar innstæðna vegna framkvæmdar 1. eða 2. málsgreinar í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því, m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar.

12. gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann, hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni. Þegar komin eru á regluleg kaupþingsviðskipti, skulu yfirleitt ekki önnur verðbréf metin gild en þau, sem þar eru skráð, og skal þá miða verðmæti þeirra við markaðsgengi.

13. gr.

Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. grein, mega reikna af innlánnum og útlánnum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960. Vaxtaákvarðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.

14. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankapjónustu. Skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, geymdar í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið. Þurfi að eiga sér stað verulegar tilfærslur á innstæðum vegna þessa ákvæðis, skal Seðlabankinn leitast við að tryggja, t. d. með verðbréfakaupum á móti, að þær valdi ekki viðkomandi innlánsstofnunum erfiðleikum.

Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma, enda skal að því stefnt, að slík lán greiðist upp í lok hvers fjárhagsárs.

15. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfavíðskipti. Er honum í

10 því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, þar sem verzlauð yrði með vaxtabréf 29. marz og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir.

16. gr.

Seðlabankinn skal starfrækja greiðslujöfnunarkerfi til að auðvelda ávísanaviðskipti og vinna á annan hátt að því að greiða fyrir peningagreiðslum innanlands.

17. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talizt hlutverki hans sem seðlabanka, en hann skal þó yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um viðskipti við aðrar lánsstofnanir.

V. KAFLI

Gengismál og erlend viðskipti.

18. gr.

Seðlabankinn kaupir og selur erlenda gjaldeyri og ákveður gengi hans, að svo miklu leyti sem það er ekki sérstaklega ákveðið í lögum.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum og í gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

19. gr.

Rétt til að verzla með erlenda gjaldeyri hafa auk Seðlabankans Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans að fengnu samþykki ráðherra að leyfa öðrum bönkum, svo og póztstjórninni, að verzla með gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákveður.

20. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

21. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisverzluninni og eftirlit með því, að lögum og reglum um verzlun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Gjaldreyriseftirliti bankans er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans samkvæmt ákvæðum þessara laga og laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-mála o. fl., skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyris-eftirlits.

22. gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyris-sjóðnum, en um leið og það kemur til framkvæmda og kvóti Íslands hjá sjóðnum flyzt á reikning Seðlabankans, falla niður skuldir ríkissjóðs við bankann vegna framlaga Íslands til sjóðsins hingað til.

VI. KAFLI

Hagskýrslugerð.

10
29. marz

23. gr.

Seðlabankinn starfrækir hagfræðideild, er safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hún birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Einnig skal hagfræðideildin vinna að annarri skýrslugerð og athugunum varðandi efnahagsmál og þar á meðal taka að sér þau verkefni á því sviði, sem ríkisstjórnin kann að fela henni. Í þessum efnum skal hagfræðideildin hafa nána samvinnu við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem að hliðstæðum verkefnum vinna.

Skýlt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta hagfræðideild Seðlabankans í té þær upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar.

VII. KAFLI

Stjórn bankans.

24. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

25. gr.

Bankastjórn Seðlabankans er skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipar að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin kys sér formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir, getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað á meðan.

Ekki mega bankastjórar vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum störfum, sem ekki má skoða í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til.

26. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

27. gr.

Ráðherra getur að fengnu álitu bankaráðs vikið bankastjóra frá starfi. Ráðherra skal gera skriflega grein fyrir ástæðum fyrir uppsögninni, og skal bankastjóri eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, svo og á eftirlaunum eftir 65 ára aldur, er nemi að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutum launa, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Segi bankastjóri upp starfi, skal hann njóta launa í allt að eitt ár, svo og eftirlauna samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er einnig heimilt að vikja bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

10

29. marz

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

29. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náð samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt, svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um vexti og innlánsbindingu. Enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

Bankaráð gerir tillögur um reglugerð bankans og erindisbréf bankastjóra, er ráðherra gefur út.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Bankastjórnin undirbýr fundi bankaráðs ásamt bankaráðsformanni. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema þegar rætt er um mál, er varða þá sjálfa.

30. gr.

Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans, og skal sérstök endurskoðunardeild starfa við bankann undir umsjón þess. Auk þess skal formaður bankaráðs, og í forföllum hans varaformaður, ásamt sérstökum bókhaldsfróðum endurskoðanda, sem til þess er ráðinn af bankaráði, fylgjast með framkvæmd endurskoðunar og gera reglulegar athuganir á bókhaldi og eignum bankans.

31. gr.

Bankaráð ræður aðalféhirði Seðlabankans og forstöðumann endurskoðunardeildar. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

VIII. KAFLI

Reikningsskil.

32. gr.

Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningar bankans skulu samdir svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Að lokinni endurskoðun skulu þeir staðfestir af bankaráði og úrskurðaðir af ráðherra. Skulu reikningarnir síðan birtir í ársskýrslu bankans og Stjórnartíðindum. Bankinn skal enn fremur birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

33. gr.

Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað, svo og tap, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu.

Af tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðsla aldrei hærrí upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráð getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærrí arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa.

Þeim hluta tekjuafgangansins, sem ekki er greiddur út sem arður, skal bankaráð ráð- **10**
stafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar. 29. marz

Arður sá, sem greiddur er af stofnfé samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, rennur
í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveitir, en hálfar árlegar tekjur sjóðsins
skulu renna til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnar-
skyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara sam-
kvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt
látið sé af starfi.

35. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni
sem nefnast, þar á meðal til rikissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og
í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar
af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

36. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs,
nánari ákvæði um starfsemi bankans, þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi
dagsekta eða refsivaxta, ef ákvörðunum bankans samkvæmt lögum þessum er
ekki hlýtt.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 63 frá 21. júní 1957.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal á Alþingi kjósa bankaráð samkvæmt ákvæðum
þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, en það skal ásamt ráðherra
hlutast til um, að skipuð verði ný bankastjórn fyrir Seðlabankann, enda fellur
þá um leið niður umboð núverandi stjórnar Seðlabankans.

Á meðan Seðlabankinn starfar í sama húsi og Landsbanki Íslands, geta bank-
arnir haft samvinnu um starfsmannahald, endurskoðun o. fl., eftir því sem um
semst.

Heimilt er Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu að semja um það sín á milli,
að inn á vaxtalausan reikning rikissjóðs við Seðlabankann vegna ákvæða 5. greinar
laga um efnahagsmál, nr. 4/1960, greiðist óráðstafaðar innstæður rikissjóðs í Seðla-
bankanum vegna mótvirðissjóðs, svo og 50 millj. kr. af mótvirðisfé, sem geymt er á sér-
stökum reikningi í Seðlabankanum, sbr. 4. grein laga nr. 17/1953, um Framkvæmda-
banka Íslands, enda taki Seðlabankinn að sér að greiða eftirstöðvar reikningsins
af rekstrartekjum ársins 1960 og næstu ára þar á eftir samkvæmt nánari ákvörðun
bankaráðs.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um Landsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Landsbankans er að reka hvers konar bankaviðskipti og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna.

4. gr.

Landsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða.

II. KAFLI

Um starfsemi bankans.

5. gr.

Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:

- a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
- b. að kaupa og selja vixla, tékka og ávisanir;
- c. að kaupa og selja verðbréf;
- d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
- e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
- f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
- g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

6. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, vixlum og lánnum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. KAFLI

Um veðdeild.

11
29. marz

7. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Landsbankinn.

Veðdeildin lánar gegn veði í fasteignum samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

IV. KAFLI

Stjórn bankans og reikningsskil.

8. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

9. gr.

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðlmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

10. gr.

Bankastjórn Landsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi. Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

Ekki mega bankastjórar reka sjálfir atvinnu, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf, nema samþykki bankaráðs komi til.

11. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans.

12. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Landsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

13. gr.

Bankaráð ræður aðalféhirði bankans, aðalbókara og forstöðumann endurskoðunardeildar og útubúa utan Reykjavíkur. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

11 Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

14. gr.

Bankastjórn Landsbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni eftir reglum, er ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo að gilt sé.

15. gr.

Starfsár Landsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

16. gr.

Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

Tekjuafgangi skal bankaráð ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum nema veðdeild, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

19. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparissjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskipta-

bókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lög- **11**
birtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur **29. marz**
hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskirteinið eða við-
skiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskirteinið eða viðskiptabókin
kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

20. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

21. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess er undanþegið kyrr-
setningu eða lögaldi, meðan það stendur þar.

22. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem
hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess
fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrir-
vara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn
stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið með auglýsingu
í Lögbirtingablaði.

23. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá
uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Landsbankanum, og geta þess
í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert
viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laganna skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð samkvæmt ákvæðum
þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, og fellur þá jafnskjótt niður
umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

12

29. marz

L Ö G

um Útvegsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Útvegsbanka Íslands er að reka hvers konar bankaviðskipti, styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar.

4. gr.

Útvegsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða.

II. KAFLI

Um starfsemi bankans.

5. gr.

Hlutverk sitt leysir Útvegsbanki Íslands af hendi með því:

- a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
- b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávisanir;
- c. að kaupa og selja verðbréf;
- d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
- e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
- f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
- g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

6. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánnum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. KAFLI Um Fiskveiðasjóð Íslands.

12
29. marz

7. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands skal vera sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi og ber sjálfur kostnað af rekstri sínum.

Bankastjórn Útvegsbankans hefur á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og rekstur.

Um Fiskveiðasjóð fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um hann gilda.

IV. KAFLI Stjórn bankans og reikningsskil.

8. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

9. gr.

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

10. gr.

Bankastjórn Útvegsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi. Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

Ekki mega bankastjórar reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf nema samþykki bankaráðs komi til.

11. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

Bankaráðsfundir eru lögmatir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans.

12. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

12

29. marz

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útibúa utan Reykjavíkur. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

14. gr.

Bankastjórn Útvegsbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni eftir reglum, er ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo að gilt sé.

15. gr.

Starfsár Útvegsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

16. gr.

Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

Tekjuafgangi skal bankaráð ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

19. gr.

Glatist viðtökuskirteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslu-
fé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum,
getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskirteinis eða viðskipta-
bókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í
Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur
hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskirteinið eða við-
skiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskirteinið eða viðskiptabókin
kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

12

29. marz

20. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

21. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess er undanþegið
kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

22. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem
hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess
fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga
fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá
bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið með
auglýsingu í Lögbirtingablaði.

23. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá
uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett í Útvegsbankanum, og geta þess
í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert
viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 34 frá 29. maí
1957, um Útvegsbanka Íslands, nema VI. kafli laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laganna skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð samkvæmt ákvæðum
þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, og fellur þá jafnskjótt niður
umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

13

29. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 600 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi, þegar lánsamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánsammans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára og annan varaformann.

Þá skal og ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitja fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin 1. gr. laga nr. 39 1954, um breyt. á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, og lög nr. 35 1957, um breyt. á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

14

25. febr.

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1959 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga	kr.	778 600 000.00	kr. 780 712 474.82
2.	— —	3. — A.	— . —	240 000 000.00	— 257 247 044.39
3.	— —	3. — B.	— . —	10 000.00	— 348 211.85
4.	— —	4. —	— . —	2 000 000.00	— 2 631 093.95
5.	— —	5. —	— . —	10 000 000.00	— 18 952 399.19
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	—	2 450 000.00	— 159 017 903.51
	Greiðslujöfnuður	—	—	3 380.00	—
				kr. 1 033 063 380.00	kr. 1 218 909 127.71
Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga	kr.	5 353 787.00	kr. 3 128 477.69
2.	— —	8. —	— . —	1 338 260.00	— 1 276 592.13
3.	— —	9. —	— . —	8 552 797.00	— 8 668 092.63
4.	— —	10. — I.	— . —	17 033 084.00	— 16 928 300.95
5.	— —	10. — II.	— . —	14 292 935.00	— 13 712 977.63
6.	— —	11. — A.	— . —	62 917 597.00	— 64 285 125.81
7.	— —	11. — B.	— . —	25 248 448.00	— 25 703 465.49
8.	— —	11. — C.	— . —	1 285 000.00	— 1 443 015.08
9.	— —	12. —	— . —	39 341 244.00	— 39 379 488.12
10.	— —	13. — A.	— . —	80 601 036.00	— 87 351 171.24
11.	— —	13. — B.	— . —	13 855 600.00	— 14 757 132.27
12.	— —	13. — C.	— . —	22 998 705.00	— 23 105 654.74
13.	— —	13. — D.	— . —	9 423 023.00	— 11 142 629.30
14.	— —	13. — E.	— . —	4 377 425.00	— 4 502 997.66
15.	— —	13. — F.	— . —	3 252 775.00	— 4 206 205.40
16.	— —	14. — A.	— . —	138 558 584.00	— 139 295 096.36
17.	— —	14. — B.	— . —	10 712 755.00	— 11 046 747.48
18.	— —	15. —	— . —	12 745 433.00	— 13 018 613.60
19.	— —	16. — A.	— . —	73 612 234.00	— 74 043 004.40
20.	— —	16. — B.	— . —	16 242 781.00	— 17 735 037.69
21.	— —	16. — C.	— . —	3 254 500.00	— 3 664 607.69
22.	— —	16. — D.	— . —	21 818 611.00	— 21 702 071.20
23.	— —	16. — E.	— . —	7 948 923.00	— 8 681 802.47
24.	— —	17. —	— . —	154 225 143.00	— 156 304 645.29
25.	— —	18. —	— . —	23 905 157.00	— 26 142 636.02
26.	— —	19. — 1.	— . —	17 200 000.00	—
27.	— —	19. — 2.	— . —	152 100 000.00	— 152 100 000.00
28.	— —	19. — 3.	— . —	5 000 000.00	— 11 090 723.66

A 5

14	29. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga kr.	85 867 543.00	kr. 238 996 412.21
25. febr.	Greiðslujöfnuður	—	— 25 496 403.50
		<hr/>	<hr/>
		kr. 1 033 063 380.00	kr. 1 218 909 127.71
		<hr/>	<hr/>

Gjört i Reykjavík, 25. febrúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

15

16. febr.

AUGLÝSING

um viðurkenningu á ferðaskilríkjum fyrir brezka borgara.

Hinn 9. febrúar 1961 var með nótuskiptum milli utanríkisráðherra og brezka sendiherrans gert samkomulag milli Íslands og Bretlands um viðurkenningu á sérstökum ferðaskilríkjum fyrir brezka borgara, sem ferðast vilja til Íslands til stuttrar dvalar.

Samkomulagið gengur í gildi hinn 15. marz 1961 og gildir til 1 árs í senn verði því ekki sagt upp með 6 mánaða skriflegum fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. febrúar 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

16

25. febr.

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stokkseyrarhreppi í Árnassýslu allt land jarðanna Stokkseyri I—III og eignarhluta sinn í eftirtöldum hjáleigum og grasbýlum: Kaðlastöðum, Grímsfjósum, Ranakoti, Eystri-Móhúsum, Starkaðarhúsum, Símonarhúsi, Roðgúl, Gerði, Vestra-Íragerði, Eystra-Íragerði, Hellukoti, Vestri-Rauðárhóli, Eystri-Rauðárhóli, Nirði og Hóli.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnassýslu

oddamann. Þó skal Stokkseyrarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs. 16

25. febr.

Andvirði landsins skal Stokkseyrarhreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Stokkseyrarhreppi var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefndinni að selja öðrum land eða lóðir úr jörðum þessum.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 25. febrúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

17

10. marz

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „50 millj. kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna komi: 150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:

1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingafangelsi.

2. gr.

Stofna skal í Reykjavík eða nágrenni hennar ríkisfangelsi, sem rúmi 100 fanga. Skal því skipt í þessar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilla-deild, kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald. Dómsmálaráðherra kveður nánar á um skiptinguna.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

3. gr.

Í vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni í Árnessýslu skal vera rúm fyrir 60 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til.

4. gr.

Stofna skal í sveit unglíngafangelsi fyrir 25 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri. Skal um fangelsi þetta fara svo sem ákveðið er í 43. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

5. gr.

Afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum fer fram í vinnuhæli eða unglíngafangelsi eftir aldri barnsfeðra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála, ákveður nánar staðsetningu og gerð fangelsa, setur reglugerð um rekstur þeirra og skipar forstjóra þeirra.

7. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 1 milljón króna á ári hverju hið minnsta til fangelsa-bygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem lög þessi mæla fyrir um.

8. gr.

Þegar hið nýja ríkisfangelsi samkvæmt 1. gr. 1. tölulið tekur til starfa, skal hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík lagt niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 26 7. marz 1928, um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli. Þegar hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður samkvæmt 8. gr., fellur

úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl. 18
15. marz

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

SAMÞYKKT

19

fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

18. marz

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk.

1. gr.

Félagið heitir Verzlunarbanka Íslands h/f, og er það nefnt Verzlunarbankinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h/f. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum 14. júní 1960 samþykkt eignaryfirfærsluna.

2. gr.

Heimili Verzlunarbancans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar (aðalbankans) getur stjórn félagsins, sem nefnt er bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík svo og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verzlun landsmanna.

II. KAFLI

Um hlutafé Verzlunarbancans.

4. gr.

Hlutafé Verzlunarbancans er 10.230 millj. kr. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféd eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 34. gr. Hluthafar í A- og B-flokkum, sbr. 5. gr., hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjäreign sína í félaginu innan tímamarka, sem greind verða í samþykktum um aukningu hlutafjár. Nú neyta hluthafar ekki forkaupsréttar síns, og eru hlutabréfin þá boðin til kaups með opinberu útboði eða á annan hátt, eftir nánari fyrirmælum hluthafafundar.

Innborgað hlutafé er kr. 3 604 750. Hlutaféd er allt jafn rétt hátt.

Bankaráði er rétt að auka hlutaféd á fyrsta starfsári félagsins um 2 millj. kr. Forgangsrétt að þessum hlutafjárouka eiga, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. 1. málsgr., að jöfnu starfsfólk hjá meðlimum Kaupmannasamtaka Íslands annars vegar, og teljast þeir hluthafar til B-flokks á hluthafaskrá og starfsfólk hjá meðlimum Félags íslenzkra stórkaupmanna og Verzlunarráði Íslands hins vegar, og teljast þeir hluthafar til A-flokks á hluthafaskrá. Um hluthafa þessa gilda að öðru leyti í hvívetna ákvæði samþykktu þessara.

19

18. marz

Hlutabréfin hljóða á nafn.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 1 000.00, kr. 5 000.00 og kr. 10 000.00.

Hlutabréfin skiptast í flokka, og bréf í hverjum flokki eru í framhaldandi tölu-röð. Í flokki A eru hlutabréf, sem Verzlunarráð Íslands og Félag íslenzkra stórkaupmanna gangast fyrir, að menn innan þeirra vébanda festi kaup á, og eru þau að nafnverði 5.115 millj. kr. Í flokki B eru hlutabréf, sem Kaupmannasamtök Íslands gangast fyrir, að menn innan þeirra samtaka festi kaup á, og eru þau að nafnverði 5.115 millj. kr. Ábyrgðarmenn Verzlunarsparisjóðsins hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu að tiltölu við hlut þeirra í heildarábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins, sbr. 2. gr. laga um Verzlunarbanka Íslands h/f nr. 46/1960.

Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi. Réttur til arðs fellur niður, ef hans er ekki vitjað innan þriggja ára frá gjalddaga, og rennur hann þá í varasjóð bankans.

6. gr.

Halda skal skrá um hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokk og tölu, þ. á m. hvort hluthafi í A-flokki teljist til Verzlunarráðs Íslands eða Félags íslenzkra stórkaupmanna.
3. Ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti.
4. Til handa hverjum hlutabréf var gefið út svo og síðari aðilaskipti.

7. gr.

Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það bankaráði og greina söluverð og söluskilmála og væntanlegan kaupanda, ef því er að skipta. Ef hlutabréfið er í A-flokki, hlutast bankaráðið til um, að Verzlunarráði Íslands eða Félagi íslenzkra stórkaupmanna — eftir því til hvorra samtakanna hluthafinn telst samkv. hluthafaskrá, sbr. 6. gr. — verði boðinn forkaupsréttur að hlutabréfinu. Ber stjórn samtakanna að skýra bankaráði frá afstöðu sinni, innan tveggja vikna frá því, er henni barst tilkynning bankaráðsins um væntanlega sölu bréfsins. Nú berst ekki svar frá stjórn samtakanna innan tiltekins tíma eða stjórnin hafnar forkaupsrétti, og skal þá bankaráðið hlutast til um, að hinum samtökunum, sem teljast til A-flokks, verði boðinn forkaupsrétturinn, enda gilda þá sömu tímamörk og fyrr greinir. Nú óskar hvorugt samtakanna að neyta forkaupsréttar, og ber bankaráði þá að hlutast til um, að Kaupmannasamtökum Íslands sé boðinn forkaupsréttur, að sínu leyti innan þeirra tímamarka, er fyrr greinir. Ef þau neyta ekki forkaupsréttar, hefur bankaráðið vegna bankans forkaupsrétt að hlutabréfum innan áður greinds tímafrests, enda geti bankinn keypt bréfið vegna ákvæða 28. gr. 2. málsg. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Ef enginn framangreindra aðilja óskar að neyta forkaupsréttar, getur hluthafi boðið bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmara kaupanda en framangreindum aðiljum var gefinn kostur á.

Nú vill hluthafi í B-flokki selja hlutabréf sitt, og fer þá um tilkynningu til bankaráðs með sama hætti og um sölu hlutabréfs í A-flokki. Bankaráð hlutast til um, að Kaupmannasamtökum Íslands sé boðinn forkaupsréttur innan fyrrgreindra tímamarka. Að þeim samtökum frágengnum, ber að bjóða Verzlunarráði Íslands og Félagi íslenzkra stórkaupmanna forkaupsréttinn, og tekur sameiginlegur stjórnarfundur þessara samtaka afstöðu til þess, hvort neyta skuli réttarins innan tveggja vikna frá því, er þeim barst tilkynning bankaráðsins. Nú neyta þessi samtök ekki forkaupsréttar, og hefur bankaráð f. h. bankans þá forkaupsrétt, en bankaráðinu ber að lýsa afstöðu sinni til málsins innan tveggja vikna frá því, er þann tveggja vikna frest þraut, sem Verzlunarráð Íslands og Félag íslenzkra stórkaupmanna

hafði til umráða. Nú neytir enginn framangreindra aðilja forkaupsréttar, og er hluthafa þá heimilt að bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmara kaupanda en framangreindum aðiljum var gefinn kostur á. 19
18. marz

8. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum skulu tilkynnt bankaráðinu, og taka þau eigi gildi gagnvart félaginu, fyrr en bankaráðið hefur staðfest aðiljaskiptin með áritun sinni á hlutabréfin.

Nú verða eigendaskipti að hlutabréfi fyrir erfð, og nægir þá að tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið í hlúthafaskrá.

Veðsetning hlutabréfa er óheimil, nema samþykki bankaráðs komi til.

9. gr.

Verzlunarbankinn má eigi veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín.

10. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráðið þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali.

Nú skemmist hlutabréf, stofn eða arðmiði, en þó orkar ekki tvímælis um flokk skjalsins, tölu þess eða efni. Getur bankaráðið þá gefið út til aðilja á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Verzlunarbanks fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hlúthafafundar.

III. KAFLI

Um starfsemi Verzlunarbanks.

12. gr.

Bankinn rekur hvers konar bankastarfsemi, svo sem:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að geyma verðmæta muni gegn endurgjaldi.

13. gr.

Verzlunarbankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvivetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 46., 48. og 50.—54. gr. laga nr. 63/1957. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggu og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum banks, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

IV. KAFLI
Stjórn Verzlunarbanks.

14. gr.

Með stjórn Verzlunarbanks fara:

- A. Hluthafafundir.
- B. Bankaráð.
- C. Bankastjóri (bankastjórar).

A. Hluthafafundir.

15. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Verzlunarbanks samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

16. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaðinu með 4 vikna fyrirvara hið skemmsta, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboðið með viku fyrirvara hið skemmsta í útvarpi og dagblöðum og sé þar greint, hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla til fundar, og skal afhending fara fram þrjá síðustu daga fyrir fundardag svo og á fundardegi, eftir nánari ákvörðun bankaráðs.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs og skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráði er skylt að boða til aukafunda, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundar efni, enda fer þá um fundarboðun svo sem segir í næsta málslið á undan. Bankaráð boðar til fundar og undirbýr þá ásamt bankastjóra.

Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík (eða nágrenni).

17. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundar, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem þar getur, svo og breytingartillögur við þau.

Nú óska hluthafar, að tiltekin tillaga sé tekin til meðferðar á hluthafafundi, og er þá skylt að gera það, ef tilmælin koma frá hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra, sem fara með eigi minna hlutafé en nemur 1 000.000.00 krónum, enda berist tilmælin bankaráði viku fyrir fundinn hið skemmsta. Tilkynna skal hluthöfum almennt um tillögu þessa, eftir því sem föng eru á.

18. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga bankans fyrir s. l. reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra og bankaráðs fyrir reikningsskil.
4. Kosning bankaráðs, sbr. 23. gr.
5. Kosning endurskoðenda, sbr. 31. gr.
6. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
7. Ákvörðun um greiðslu arðs, sbr. 33. gr.

19. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, sem fundarhald varðar.

Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita **19**
hana ásamt ritara.

18. mars

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa.

20. gr.

Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverjum 1000 krónum í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða landslögum, en enginn hluthafi getur þó farið með meira en $\frac{1}{5}$ samantlagðra atkvæða í félaginu. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir Verzlunarbankann, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim, er greinir í 31. gr. 2. málsg. a—f-liða hlutafélagalaga nr. 77/1921.

21. gr.

Stofnfundur gengur frá reglugerð, sem viðskiptamálaráðherra staðfestir, um nánari stjórn bankans og starfrækslu hans. Breytingar á reglugerðinni má ekki gera, nema á aðalfundi, enda staðfesti ráðherra þær.

22. gr.

Hver hluthafi, sem hyggst neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, skal vitja aðgöngumiða síns innan frests, sem greindur er í fundarboði og á þeim stað, sem þar er tiltekinn, og gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum. Á aðgöngumiða skal greina, hve mörg atkvæði viðkomandi hafi á fundinum. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum hluthöfum umboð til þess að sækja fund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín. Heimildir til þess að sækja hluthafafund fyrir hönd einhvers hluthafa ber að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

B. Bankaráðið.

23. gr.

Aðalfundur hluthafa kys ár hvert með hlutfallskosningu úr sínum hópi 3 menn í bankaráð, og jafnmarga til vara. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins, hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana né vera starfsmenn þeirra.

24. gr.

Bankaráðið kys sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kveður bankaráð til funda og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf.

Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir því aðeins lögmætir, að mættir séu 3 fulltrúar á fundi, aðalmenn eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Bankaráðið setur sér að öðru leyti fundarsköp.

25. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Verzlunarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum. Því ber þess vegna:

- 19 1. Að ráða bankastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
18. marz 2. Að koma fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnarvöldum og þriðja manni.
3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ásamt bankastjóra að ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu bankans að svo miklu leyti, sem slíkt er ekki lögbundið eða ákveðið af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, er bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
4. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibúi, hve útibúi hverju skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki starfa sinn óaðfinnanlega
6. Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans og setja þeim starfsreglur, svo og að veita þeim lausn frá starfanum og að ákveða tryggingu þá, er gjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
7. Að ákveða tölu starfsmanna Verzlunarbankans og setja reglur um laun þeirra.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans.
9. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf skulda, án gjaldprotaskipta skuldunauta, að fengnum tillögum bankastjóra.
10. Að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um það, hvort og hvernig aðrir starfsmenn bankans megi binda hann ásamt bankastjóra með undirskrift sinni, svo og að ákveða, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem hluthafafundir eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

26. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum.

27. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmannanna. Verzlunarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. Bankastjóri (bankastjórar).

28. gr.

Framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn Verzlunarbankans í samræmi við reglur þær, sem honum eru eða verða settar af bankaráðinu samkvæmt samþykktum þessum.

Bankastjóri má ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskilt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækis.

Hann má ekki vera skuldskeyttur Verzlunarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautur eða ábyrgðarmaður.

Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn Verzlunarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nú ákveður bankaráðið, að fleiri en einn bankastjóri skuli vera við bankann, og tiltekur bankaráðið þá verkaskiptingu milli þeirra.

29. gr.

19

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Verzlunarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi bankans og viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans.

18. marz

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting tekjuafgangs og varasjóður.

30. gr.

Reikningsár Verzlunarbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarmánaðarlok, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. — Yfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði.

31. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur, til eins árs í senn, að viðhafðri hlutfallskosningu. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Verzlunarbankans að öðru leyti. Má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þá tilnefnir viðskiptamálaráðherra einn endurskoðanda, að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókom hans og skjölum. Fyrir marzmánaðarlok skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þeim þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skal bankastjórinn hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

32. gr.

Ársreikningurinn skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum.

Aður en ársreikningur er gerður, skal bankaráðið ákveða, hvað lagt skuli til hliðar á afskriftarreikning vegna skulda, sem taldar eru tupaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. 18. gr. 2. tölulið.

33. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. $\frac{1}{3}$ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs, með þeim takmörkunum, sem hér segir:

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemur 10% af innlánsfénu. Nú er tekjuafgangi óráðstafað vegna framangreindra takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.

4. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar, að fengnum tillögum bankaráðs. Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.

19

18. marz

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum félagsins.

34. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða hið minnsta. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en lagabreytingin er samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða hið minnsta, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

VII. KAFLI

Um félagsslit.

35. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar. — Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. 39. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.

Framanrituð samþykkt, sem gerð var fyrir Verzlunarbanka Íslands hf. á stofnfundi bankans hinn 4. febr. 1961, staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. marz 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

20

18. marz

REGLUGERÐ

fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Stofnun bankans og skipulag.

1. gr.

Verzlunarbanki Íslands h.f. er stofnaður fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h.f. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og kemur í hvívetna í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins samþykkt eignayfirfærsluna á fundi sínum hinn 14. júní 1960.

Bankinn er hlutafélag, og er hlutafé hans ákveðið 10.230 millj. króna.

Bankinn nefnist *Íslands Handelsbank A/S* á dönsku, *Iceland Bank of Commerce Ltd.* á ensku og *Die Isländische Handelsbank A/G* á þýzku.

2. gr.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Bankaráð ræður bankastjóra, einn eða fleiri.

II. KAFLI

Störf bankans.

20

18. marz

3. gr.

Verzlunarbankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 46., 48. og 50.—54. gr. laga nr. 63/1957. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggu og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggu verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

A. Um ávöxtun fjár.

4. gr.

Verzlunarbankinn tekur fé til ávöxtunar svo sem hér segir:

- a. í hlaupareikning;
- b. í innlánsbók;
- c. gegn viðtökuskirteini.

5. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við bankann, skal semja um það við bankastjóra hans. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda bankanum sýnishorn af undirskrift sinni.

6. gr.

Viðskiptamaður fær lausa kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvírtaða, ef óskað er.

7. gr.

Viðskiptamaður, er fé vill taka út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði gefa út tékkávisun á bankann á eyðublöð, er bankinn sjálfur hefur til sölu. Gerð eyðublaða ákveður bankaráð, að fengnum tillögum bankastjóra. Tékkinn skal undirskrifaður af viðskiptamanni sjálfum, af prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísar á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent bankanum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fölsuð ávisun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem féð á, nema um sé að kenna augljósi gáleysi bankans.

Viðskiptamenn geta og fengið fé, er þeir eiga á hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegum fyrirmælum eða eftir símskeyti, enda sé þá undirskrift rétts hlutaðeiganda undir símskeytið staðfest á venjulegan hátt eða á annan hátt þannig frá gengið, að útborgun sé áhættalaus fyrir bankann.

8. gr.

Enginn má gefa út ávisun á meira fé en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé um samið við bankastjóra.

9. gr.

Í tékkávisun, sem gefin er út á innstæðu á hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávisanaupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú upphæð, sem með bókstöfum er skráð.

20

18. marz

Bankastjóri ákveður, hvort taka skuli við ákveðnu fé á hlaupareikning og hvort greiða skuli vexti af því fé, sem tekið er við. Sé um miklar fjárhæðir eða annars óvenjulega ráðstöfun að ræða, skal slíkt borið undir bankaráð til samþykkis eða synjunar.

10. gr.

11. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annarra manna.

12. gr.

Bankinn tekur á móti fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst 10 kr. í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórinn telur það óhagkvæmt fyrir bankann.

13. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 10 krónum, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi, eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aurum.

Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 10000 krónum eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

14. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar bankastjóri telur það fært. Heimta má, að upphæðum frá 10000—30000 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að borga meira en 50000 kr. á hverjum mánuði úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir kostnaðarverð fyrir. Bankastjóri ákveður, hvort sú borgun er tekin fyrir fram eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr bankanum, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé, án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera.

Heimilt er að starfrækja sérstaka deild við bankann, þar sem taka má við innlögum og ávísa á innstæðuna, án þess að viðskiptabók sé sýnd. Skulu slík innlög og útborganir færast í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiptabækur við þá deild skulu greinilega bera með sér, að gefa megi út ávisanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Heimilt er bankanum að hverfa frá notkun viðskiptabóka, þegar um ávísana-reikning er að ræða, telji hann aðra aðferð heppilegri.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því. Um falsaðar ávisanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 7. greinar.

Vexti skal færa í viðskiptabækur, þegar þær í fyrsta skipti eftir 14. janúar

ár hvert eru sýndar í bankanum. Bankastjóri löggildir viðskiptabækurnar eða þeir starfsmenn bankans, sem bankaráð gefur umboð til þess.

20
18. marz

16. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til bankastjóra eða fulltrúa hans, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 46. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 63/1957, sbr. 11. gr. laga 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h.f. Kostnaðinn greiðir eigandinn.

17. gr.

Bankastjóra er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal annaðhvort rita uppsögnina í innlánsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í Lögbirtingablaðinu, og að minnsta kosti í 2 öðrum blöðum.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því fé, sem sagt er upp.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 16. gr., skorað á eiganda að vitja fjárins. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtum rennur í bankann.

Þó má bankastjóri greiða féð að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára og bankaráðið samþykkir.

19. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eignir annarra í bankanum, nema skylt sé að lögum.

20. gr.

Sá, sem tekið hefur allt út úr viðskiptabók, skal skila henni í bankann. Sé bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

B. Um útlán.

21. gr.

Útlánastarfsemi Verzlunarbankans og öðrum störfum hans skal hagað svo, að sem bezt samrýmist því hlutverki hans að styðja verzlun landsmanna.

22. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja vixla, tékka, ávisanir og verðbréf.

23. gr.

Bankinn veitir auk þess, sem um ræðir í 22. gr., lán í því formi og gegn þeim tryggingum, er nú skal greina:

- a. reikningslán og útlán úr hlaupareikningi;
- b. sjálfskuldarábyrgðarlán;
- c. lán gegn fasteignaveði;
- d. lán gegn handveði;
- e. lán gegn ábyrgð ríkis, sýslu- eða sveitafélaga.

24. gr.

Um reikningslán skal gerður sérstakur lánsamningur og undirritaður af bankastjóra og lántakanda. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur af

20 skuld og innstæðu. Reikningslán skal að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða
 18. marz handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök ástæða þykir til.

Veð fyrir lánum eða önnur trygging skal vera fulltryggilegt og lánið veitt með því skilyrði, að annað hvort sé hægt að heimta viðbótarveð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, eða afborgun af láninu, þótt gjalddagi sé eigi kominn.

Um innborganir og útborganir gilda sömu reglur og um hlaupareikninga.

Útlán úr hlaupareikningi skulu að jafnaði veitt til skamms tíma í senn og tryggð með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignaveði, sem fulltryggilegt getur talizt.

25. gr.

Bankinn veitir lán gegn sjálfskuldarábyrgð, er bankastjóri álitur fullnægjandi. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð veitast eigi til lengri tíma en eins árs í senn. Heimilt er bankastjóra að framlengja slík lán, telji hann það áhættulaust fyrir bankann. Samanlagður lánstími má þó að jafnaði eigi vera lengri en 10 ár.

26. gr.

Lán gegn fasteignaveði má bankinn veita gegn sérhverjum veðrétti í fasteign, er bankastjóri telur fullnægjandi tryggingu fyrir láninu.

Ef líkur eru til, að verðbreyting hafi orðið á fasteign, eða verðmæti fasteignar er torkannað, má láta sérstakt mat fram fara. Skal það framkvæmt annað hvort af dómkvöddum mönnum eða af mönnum, sem bankastjóri tilnefnir sjálfur. Að öðru leyti skal lánbeiðandi útvega sérhver þau skilríki, sem bankastjóri krefst og málið varða.

Lán gegn fasteignaveði skulu að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en 10 ára.

27. gr.

Bankinn lánar fé gegn handveði, svo sem arðberandi, vel tryggðum verðbréfum og öðrum þeim munum, sem bankastjóri tekur gilda og sér bankanum fært að geyma.

Enn fremur má veita lán gegn tryggingu í váttryggðum verzlunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskírteini eða geymsluskírteini, sem bankanum er afhent og framselt.

28. gr.

Bankinn má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfarandi skilyrði og gögn eru fyrir hendi.

- a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lántökunnar.
- b. Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- og bæjarfélagsins næsta ár á undan lánsbeiðninni.
- c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, sem annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir aðilar.
- d. Endurrit úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé endurrit staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
- e. Ábyrgðaryfirlýsing hreppsnefndar, sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

29. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.

C. Ábyrgðir.

30. gr.

20

18. marz

Bankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða.

D. Innheimtur.

31. gr.

Bankinn má annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda kröfuhafa. Hann annast að öðru leyti hvers konar bankastörf.

III. KAFLI

Reikningur og endurskoðun.

32. gr.

Ársreikningi Verzlunarbankans, sem miðast við almanaksárið, skal lokið fyrir febrúarmánaðarlok, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. Reikningsyfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði. Reikningurinn skal vera svo sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

33. gr.

Aðalfundur í hlutafélaginu kýs með hlutfallskosningu tvo bókhaldsfróða endurskoðendur til eins árs í senn, en viðskiptamálaráðherra tilnefnir hinn þriðja einnig til eins árs í senn, að loknum aðalfundi. Skulu þeir rannsaka reikninga bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda bankastjóra og bankaráði á það og gera tillögur um endurbætur.

34. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti ársfjórðungslega fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlum.

Enn fremur skal sams konar rannsókn fara fram á útibúum bankans, sem stofnuð kunna að verða, fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

35. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggst sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

36. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda bankans, og skulu reglur um endurskoðunardeild settar af bankaráði.

37. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af aðalfundi Verzlunarbankans. Rétt er, að bankaráð setji endurskoðendum erindisbréf.

IV. KAFLI Stjórn bankans.

38. gr.

Stjórn bankans annast bankaráð og bankastjóri, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h.f. og reglugerð þessari, og hluthafafundur ráða til lykta málefnum félagsins, eftir því sem segir í samþykktum þess.

Verzlunarbankinn á stjórnarfarslega undir viðskiptamálaráðherra.

39. gr.

Bankaráðið heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en tvisvar í hverjum mánuði. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn, aðalmenn eða varamenn þeirra, að sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Þegar jöfn eru atkvæði, ræður atkvæði formanns. Það, sem gerist á fundum bankaráðsins, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit.

Bankastjóra er rétt og skylt að sitja fundi bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er snertir hann sjálfan.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fé hans sé bundið í hverri atvinnugrein, um verðbréfaeign hans, um innlánsfé í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans, en hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit ásamt honum.

40. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Verzlunarbancans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í lögum, reglugerð eða samþykktum. Því ber þess vegna:

- a. Að koma fram fyrir hönd Verzlunarbancans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, sem og að úrskurða um öll mál, er bankann varða, heyrri þau ekki undir úrskurð aðalfundar.
- b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, þar á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum sé vel við haldið og að vel sé farið með alla innanstokksmuni og vélar og eignir bankans yfirleitt.
- c. Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra Verzlunarbancans, ef því er að skipta, og setja þeim erindisbréf.
- d. Að ráða stjórnendur útibúa bankans og veita þeim lausn, að fengnum tillögum bankastjóra.
- e. Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans og veita þeim lausn, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalgjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
- f. Að ákveða tölu starfsmanna bankans og setja reglur um laun þeirra.
- g. Að ákveða með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú og hve mikið fé skuli fengið hverju útibúi til umráða.
- h. Að ákveða ásamt bankastjóra forvexti, innlánsvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabancans, svo og að ákveða aðra þóknun, sem bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
- i. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf á skuldum, ef slíkt reynist óhjákvæmilegt.

- j. Að setja reglur að fengnum tillögum bankastjóra um, hverjir starfsmenn bankans skulu ásamt honum geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða, að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans skulu geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum. **20** 18. marz
- k. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru lögð til hluthafafunda eða bankastjóra og þeim málum, sem hluthafafundur eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

41. gr.

Bankastjóri Verzlunarbankans hefur með höndum hina daglegu stjórn málefna bankans. Hann ræður starfsmenn bankans aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hann segir þeim fyrir hverjum um sig um skyldur þær, sem á þeim hvíla, og störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

42. gr.

Bankastjóri ráðstafar fé bankans í samræmi við fyrirmæli bankaráðs og stendur fyrir rekstri hans, annast vörzlu á eignum bankans og sér um bókfærslu hans og reikningshald. Honum ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerð og samþykktum bankans.

43. gr.

Allir starfsmenn bankans skulu undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir skuli ekki gera neinum út í frá kunnugt um málefni bankans né segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

44. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er fengið hafa umboð bankastjóra Verzlunarbankans til slíkra undirskrifa.

Aðalgjaldkeri ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störf, ef eigi er séð fyrir því, að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum hans.

45. gr.

Ekki má bankastjóri Verzlunarbankans hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskyld að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

46. gr.

Starfsmenn mega ekki án leyfis bankastjóra taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

47. gr.

Ekki má bankastjóri vera skuldskeyttur bankanum, hvorki skuldunautur né ábyrgðarmaður annarra.

48. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

20

18. marz

Starfsmenn bankans eru skyldir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

49. gr.

50. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

51. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

52. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1960, um Verzlunarbanka Íslands h.f. og stofnfundur í bankanum hefur hinn 4. febrúar 1961 samþykkt, öðlast þegar gildi.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með sem reglugerð fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. marz 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

21

15. marz

L Ö G

um héraðsfangelsi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu, og skal hún þá senda til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina. Ef ráðuneytið telur málaleitunina á rökum reista, skal það láta semja áætlun um kostnað og gera uppdrátt af húsínu.

2. gr.

Sveitarfélag leggur til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög standa að sama héraðsfangelsi, skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

3. gr.

Beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. gr. skal dómsmálaráðherra senda Alþingi, og ákveður það við afgreiðslu fjárlaga, hvort við henni skuli orðið.

Nú samþykkir Alþingi slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu

framlaga til hvernar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 21 þriggja ára, frá því er fyrsta framlag var innt af hendi.

15. marz

4. gr.

Dómsmálaráðherra hefur þá iðlutun um byggingu héraðsfangelsa, sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

5. gr.

Þarfnist héraðsfangelsi verulegra endurbóta eða viðauka, skal að öllu svo með fara sem segir í 1.—4. gr.

6. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra þörf á stofnun héraðsfangelsis eða viðbót við eða endurbót á héraðsfangelsi, sem fyrir er, en sveitarstjórn hefur eigi hafizt handa um aðgerðir, eða hann telur áform hennar í þessum efnum ófullnægjandi, og skal hann þá leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um lausn málsins. Veiti Alþingi fé til framkvæmdanna, skal sveitarsjóði skylt að greiða sinn hluta kostnaðarins innan þriggja ára með jöfnum ársgreiðslum, ef eigi semst um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.

8. gr.

Rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um rekstur héraðsfangelsa, eftir því sem þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

22

22. marz

AUGLÝSING

um loftferðasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Hinn 12. ágúst 1959 var undirritaður í Bonn loftferðasamningur milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Skipzt var á fullgildingarskjöllum hinn 5. desember 1960 og gekk samningurinn í gildi einum mánuði síðar, eða 5. janúar 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 22. marz 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝZKALAND

sem telja æskilegt að gera með sér samning um loftferðir milli landssvæða sinna og stöðva þar fyrir handan hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1) Í samningi þessum hafa eftirtalin orð þá merkingu er nú skal greina nema annað sé tekið fram í samningnum.

- a) Hugtakið „flugmálayfirvöld“ merkir, að því er Ísland snertir, flugmálaráðherra, og að því er Sambandslýðveldið Þýskaland snertir, samgöngumálaráðherra Sambandslýðveldisins, eða, að því er báða aðila snertir, hvern þann aðila eða stofnun, sem hafa umboð til framkvæmda;
- b) Hugtakið „tilnefnt félag“ merkir flugfélag, sem annað samningsríkið tilkynnir hinu samningsríkinu skriflega, í samræmi við 3. gr. þessa samnings, að sé flugfélag það sem eigi að annast millilandaflug á leiðum samkvæmt 2. lið 2. gr. samnings þessa.

2) Hugtökin „landssvæði“, „flugrekstur“, „millilandaflug“ og „viðkoma án flutningsréttinda“ skulu, að því er samning þennan varðar, hafa sömu merkingu og tekið er fram í 2. og 96. gr. í alþjóðasamningum um flugmál frá 7. desember 1944.

DIE REPUBLIK ISLAND

und

DIE BUNDESREPUBLIK
DEUTSCHLAND

in dem Wunsche, den Luftverkehr zwischen ihren Hoheitsgebieten und darüber hinaus zu regeln, haben folgendes vereinbart:

Artikel 1

1) Im Sinne dieses Abkommens bedeuten, soweit sich aus dessen Wortlaut nichts anderes ergibt,

- a) „Luftfahrtbehörde“, in bezug auf die Bundesrepublik Deutschland den Bundesminister für Verkehr, in bezug auf die Republik Island den Luftfahrtminister oder in beiden Fällen jede andere Person oder Stelle, die zur Ausübung der diesen obliegenden Aufgaben ermächtigt ist;
- b) „Bezeichnetes Unternehmen“ ein Luftverkehrsunternehmen, das ein Vertragsstaat dem anderen Vertragsstaat nach Artikel 3 schriftlich als das Unternehmen benannt hat, das den internationalen Fluglinienverkehr auf den nach Artikel 2 Absatz 2 festgelegten Fluglinien betreiben soll.

2) Die Begriffe „Hoheitsgebiet“, „Fluglinienverkehr“, „internationaler Fluglinienverkehr“ und „Landing zu nichtgewerblichen Zwecken“ haben für die Anwendung dieses Abkommens die in Artikel 2 und 96 des Abkommens über die internationale Zivilluftfahrt vom 7. Dezember 1944 festgelegte Bedeutung.

2. gr.

1) Hvort samningsríki um sig heimilar hinu samningsríkinu að veita tilnefndum flugfélögum í millilandaflugi, réttindi til flugs yfir landssvæði þess á flugleiðum samkvæmt 2. lið þessarar greinar án viðkomu; réttindi til viðkomu á landssvæði þess án flutningsréttinda; réttindi til þess í atvinnuskyni að taka og skila farþegum, pósti og/eða farmi á stöðvum þeim innan landssvæðis þess, sem greindar eru í flugleiðum samkvæmt 2. lið þessarar greinar.

2) Flugleiðir, sem heimilar eru tilnefndum flugfélögum hinna tveggja samningsríkja í millilandaflugi, skulu tilgreindar í flugáætlun, sem samið verður um með erindaskiptum.

3. gr.

1) Millilandaflug á flugleiðum samkvæmt 2. lið 2. gr. þessa samnings má hefja hvenær sem er, að því tilskyldu,

- a) að samningsríki það, sem öðlast hefur þann rétt sem 1. liður 2. gr. veitir, hefur tilkynnt skriflega flugfélag eða félög, og
- b) að samningsríki það sem réttindi þessi veitir, hefur leyft hinu tilnefnda flugfélagi eða félögum að hefja flugrekstur.

2) Samningsríki það, sem réttindi þessi veitir skal, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. liða þessarar greinar, og í samræmi við þann skilning sem fram kemur í 9. gr. þessa samnings, veita tafarlaust leyfi til millilandaflugs.

3) Hvort samningsríki getur krafizt þess af tilnefndu flugfélagi hins samningsríkisins, að það sýni fram á að það sé fært um að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum og reglugerðum

Artikel 2

1) Jeder Vertragstaat gewährt dem anderen Vertragstaat zur Durchführung des internationalen Fluglinienverkehrs durch die bezeichneten Unternehmen auf den nach Absatz 2 festgelegten Linien das Recht, sein Hoheitsgebiet ohne Landung zu überfliegen, das Recht, in seinem Hoheitsgebiet zu nichtgewerblichen Zwecken zu landen und das Recht, an den Punkten in seinem Hoheitsgebiet, die in den festgelegten Linien aufgeführt sind, zu landen, um Fluggäste, Post und/oder Fracht gewerblich aufzunehmen und abzusetzen.

2) Die Linien, auf welchen die bezeichneten Unternehmen der beiden Vertragsstaaten den internationalen Fluglinienverkehr zu betreiben berechtigt sind, werden in einem Fluglinienplan festgelegt, der durch Notenwechsel zu vereinbaren ist.

Artikel 3

- a. Í 1. málsg. 2. gr. laganna falli niður orðin „hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti“.
- b. Aftan við 1. málsg. 2. gr. laganna komi nýr málslíður, svofelldur:
Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

27

23. marz

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölulíður 1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

28

24. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 105/1936, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 1. málsg. 5. gr. laganna falli niður orðin „eða í 1. málslið 4. töluliðs.“

3. gr.

Í 5. gr. 1. nr. 105/1936 breytast orðin „1.—5. tölul.“ í : 1.—3. og 5. tölul.

4. gr.

Í 9. gr. 1. nr. 105/1936 falli niður orðin „og 1. másl. 4. tölul.“

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

29

24. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 4. töluliðs 10. gr. falli niður.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

30

24. marz

um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851,
um eftirlaun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. og 6. gr. falli niður.

2. gr.

Ákvæði 5. töluliðs 7. gr. og 4. töluliðs 11. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

31

24. marz

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svofelld:

Viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga þessara verður ekki beitt, nema um þau sé mælt í heimildum þeim, sem greinir í 1. málsgrein.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, 2. gr. a, svo hljóðandi:

Viðurlögum þeim við brotum, sem um getur í VII. kafla laga þessara, verður ekki beitt, nema um þau hafi verið mælt í heimildum þeim, er greinir í 1. gr., á þeim tíma, er brot var framið, og skal gæta meginreglna 2. gr. við ákvörðun þeirra.

3. gr.

1. málsgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Reynslutíma má ákveða allt að 2 árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma.

4. gr.

64. gr. laganna falli niður.

31

24. marz

1. málsliður 65. gr. laganna orðist svo:

Pyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefur verið leitað, að sakborningur, sem framið hefur brot undir áhrifum áfengis, geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður inn á viðeigandi hæli til lækningar.

5. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað, og má þá í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess.

Nú er maður dæmdur sekur um brot, og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlæzt, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta mann ofangreindum rétti, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.

Svipta má mann réttindum þeim, er greinir í 2. málsg., um tiltekinn tíma, allt að 5 árum, eða ævilangt.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er greinir í 1. og 2. málsgrein, skulu halda gildi sínu.

Svipting réttinda telst frá þeim tíma, sem ákveðinn er í dómi, og í síðasta lagi frá birtingu fullnaðardóms.

Nú er íslenzkur ríkisborgari eða maður, sem búsettur er hér á landi, sviptur réttindum erlendis með dómi vegna refsiverðs verknaðar, og getur ákærvald þá höfðað opinbert mál á hendur honum til réttindasviptingar. Sama er, ef manni hefur verið dæmd refsing erlendis, þótt réttindasvipting hafi ekki verið dæmd. Ákvörðun um framangreinda réttindasviptingu hlítir íslenzkum lögum.

7. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein, 68. gr. a, svofellð:

Nú er manni synjað um opinbert starf eða opinbert leyfi til þess að stunda starf fyrir þá sök, að hann hafi framið refsiverðan verknað, og má þá bera synjun stjórnvalda undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála. Úrlausn héraðsdóms sætir kærnu til Hæstaréttar.

Nú hefur maður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi í opinberu máli, og er þá heimilt, þegar 5 ár eru liðin frá uppsögu dóms, að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviptingu. Úrlausn héraðsdóms sætir kærnu til Hæstaréttar. Sérákvæði í lögum um brottfall réttindasviptingar skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

32

24. marz

um breyting á lögum nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um leyfi samkv. 1. gr., ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

33

24. marz

um breyting á lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a. Í 1. tölulið 3. gr. laganna falli niður orðin „óflekkað mannorð“.

b. Aftan við 3. gr. bætist nýr töluliður, 9. töluliður, svofelldur:

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

34

L Ö G

24. marz

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „3. gr. 1.—6. tölul.“ í: 1.—3. og 5.—6. tölul. 3. gr. Orðin „1.—6.“ síðar í greininni breytast í: 1.—3. og 5.—6.

3. gr.

Í 1. málsg. 6. gr. breytast orðin „3. gr. 1.—4. og 6. tölul.“ í: 3. gr. 1.—3. og 6. tölul.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

35

L Ö G

24. marz

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og lögum nr. 47 1958, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „60“ í f-lið 2. gr. laganna komi: 150.

2. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs i.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

4. gr.

Í 8. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

5. gr.

35

24. marz

Í 10. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsg. 14. gr. laganna falli niður.

b. Á eftir 1. málsg. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

9. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

10. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

11. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

12. gr.

a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svofelld:

Heimilt er að synja manni um skírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

13. gr.

Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

15. gr.

Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

16. gr.

Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

17. gr.

Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

18. gr.

Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

19. gr.

Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

35

20. gr.

24. marz

15. gr. laga nr. 47 1958 breytist þannig, að í stað orðanna „einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefur skírteini samkv. 36. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefur skírteini samkvæmt 36. gr.“ komi: og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefur skírteini samkvæmt 36. gr.

21. gr.

52. gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlazzt gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

36

Á B Ú Ð A R L Ö G

29. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum land utan skipulagssvæða kaupstaða eða kauptúna með ákveðnum þinglýstum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, er hefur sameiginlegt beiti-land með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem farin er í eyði og öll hús á henni fallin eða rifin, telst þó eftir sem áður jörð eða lögbýli, þar til liðin eru 25 ár, frá því að hún fór síðast í eyði. Eftir þann tíma telst hún í flokki óbyggðra landa.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki nýbýlastjórnar sem lögbýli samkv. skilgreiningu laga nr. 48 1957, III. kafla, 14. gr.

Sama gildir um jarðarhluta, sem skipt er úr jörð og stofnað á honum til sjálfstæðs búrekstrar, þótt hann falli ekki undir ákvæði laga nr. 48/1957, enda hafi nýbýlastjórn ríkisins viðurkennt þennan jarðarhluta sem lögbýli.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega. Sami maður má heldur ekki samtímis hafa ábúð á tveimur jörðum eða fleiri, ef þær geta framfleytt til samans meira en 60 kúgildum eða hafi sjávargagn eða önnur hlunnindi, sem því svarar, enda geti sú jarðanna, sem minnst er, framfleytt meiri bústofni en 10 kúgildum. Heimild til

slíkrar sameiningar skal því aðeins veitt, að úttektarmenn eða sveitarstjórn mæli **36** með því og nýbýlastjórn ríkisins samþykki það, sbr. þó síðustu málsgr. 3. gr. og **29. marz** 11. gr., 4. málsgr. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt.

3. gr.

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð, og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi úttektarmanna.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en tún jarðar fer í órækt, mannvirki niðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélagið bíður hnekki af því, allt að dómi úttektarmanna, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgr. Nú byggir jarðareigandi ekki jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar, næst eftir að frestur er útrunninn, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórninni innan 6 daga að ráðstafa jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta það, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa áður fylgt, í ábúðarfæru ástandi og peningshús að minnsta kosti fyrir þá áhöfn, sem jörðin ber, er ábúandi tekur við henni, eða setji tryggingu fyrir, að svo verði gert, áður en ábúandi þarf að nota peningshúsin.

Sinni sveitarstjórn ekki boði jarðareiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkvæmt grein þessari fyrir 15. apríl, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geli hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár, en skylt er honum að annast viðhald mannvirkja, svo sem girðinga, húsa, vatnsbóla og annars, er jörðinni tilheyrir, enn fremur að ganga þannig frá húsum og mannvirkjum, að hættulaust sé fyrir búfé.

Nú hefur jörðin verið í eyði í 3 ár eða lengur og rýrnað að búrekstrargildi af þeim sökum, og er þá jarðareiganda skylt að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörðina. Skal jörðin metin til slíkrar sölu af gerðardómi, sem skipaður sé þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn mannninn hvor og hlutaðeigandi sýslumaður oddamaður, og er hann formaður. Hafni þessir aðilar að kaupa samkvæmt þessu mati, er jarðareiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar að þessu gerðu, er landsdrottni ekki skylt að greiða af jörðinni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af hendi, svo sem vegagjöld, fjallskilagjöld og kostnað við fyrirskipaðar smalanir heimalanda. Má krefjast sölu slíkra jarða til greiðslu á skuldum af þessum sökum, ef vanskil hafa orðið í þrjú ár eða lengur.

4. gr.

Nú sinnir jarðareigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í 2. málsgr. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á henni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðniðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, enda leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að

36 hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfir-
29. marz lýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd eða Landnám ríkisins heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heima-
jörð, ef sami eigandi er að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt
ræktað land ekki minnkað.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda sýslumanni, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra itaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða iskyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu. Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús, land til fiskreita og uppsátur í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið heitt vatn; námur, þar með talið byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur; svo og önnur verðmæt jarðarefni, sem geta ekki talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð; einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsparfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvilíkra fyrirtækja.

7. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sömu leigu sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hana hæfilega og hvorugur aðila sannar, að öðruvisi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjalld jarðarinnar.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, váttryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir fleiri en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvort tveggja eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

9. gr.

Allar jarðir skal byggja ævilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, tiltekinn tíma, sbr. þó 3. málsg.

Ekkja leiguliða hefur ábúðarrétt hans, þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð til ábúðar handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

Nú getur jörð framfleytt meira en 36 kúgildum að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunauta eða trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottinn þá ekki skylt að byggja ævilangt meira af jörðinni en sem því svarar.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs, frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

10. gr.

Landskuld samkvæmt 6. gr. skal jafnan miða við búrekstrargildi jarðar, sbr. 2. málsg. 7. gr. Miða skal landskuld við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða þeirra hlunninda, sem jörðin gefur af sér, og greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert.

III. KAFLI

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús í íbúðarhæfu ástandi og peningshús í nothæfu lagi, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vitalaust er þó landsdrottni, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálpi, er ætla má að þurfi, til þess að jörðin verði nytjuð með venjulegum hætti, og ef peningshús fylgja fyrir $\frac{3}{4}$ þess búfjár, sem úttektarmenn meta að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt, og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef eigi má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsakýldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar verða ekki gerðar búhæfar, sbr. lög nr. 48 1957, 38. gr., svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitarþorpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á löndum til þess með þeim leigumála, sem þessir aðilar samþykkja.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt að endurbyggingu fullgerðri að hækka landskuld. Skulu úttektarmenn meta, hverju sú hækkan nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar, og miðað, að því er tekur til peningshúsa, við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhúsakost með hliðsjón af búspörfum. Leiguliða er þó skylt að leggja til við endurbyggingu rif niðurlagðra húsa, gröft allan, þar með talið frá-

36 rennsli og aðfærsla vatns til búsparfa, svo og öflun og aðflutning á öllu byggingar-
 29. marz efni endurgjaldslaust, enda dragast framlög þessi frá stofnverði því, sem leiga er metin eftir.

Nú er jörð á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og hefur verið tekin á áætlun um raforkuframkvæmdir, og er þá landsdrottinn skylt að borga kostnað þann, er leiðir af heimtaug og raflögn í þau jarðarhús, sem raftaugar eru lagðar í, nema annað hafi verið tekið fram í byggingarbréfi.

Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt 11. gr., 1. málsgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og landsdrottinn vill ekki framkvæma aukningu þeirra samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og er leiguliða þá heimilt að gera hús, sem þörf krefur að dómi úttektarmanna. Þó skal landsdrottinn, áður en bygging er hafin, gerður kostur á að kynna sér teikningar, sem byggt verður eftir. Verði þá ágreiningur við ábúanda um stærð þeirra eða fyrirkomulag, skal leitað álits viðkomandi héraðsráðunautar og byggingarfulltrúa, og með hliðsjón af umsógn þessara aðila úrskurða úttektarmenn, hvernig byggt skuli. Þegar bygging er fullgerð, skulu úttektarmenn meta húsagerðina til verðs að frádregnu tilskildu framlagi leiguliða og leiguliðabót, sem til verksins er lögð. Kveðja skal landsdrottinn eða umboðsmannt hans til að vera viðstaddan, þegar leitað er álits sérfræðinganna um matsgerðina og þegar úrskurður er felldur, og getur hann krafizt nægra sannanagagna um kostnaðinn að dómi úttektarmanna. Skal landsdrottinn gerður kostur á að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt því mati. Nú greiðir landsdrottinn leiguliða húsagerðarkostnaðinn, og má hann þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum þeirra sjóða Búnaðarbanka Íslands, er lán veita til byggingar sveitabýla. Skulu vextirnir reiknast á matsverð íbúðarhúss eftir vöxtum byggingarsjóðs, en á önnur penings- og útihús eftir vöxtum ræktunarsjóðs auk váttryggingargjalds af húsunum. Hafni landsdrottinn kaupum, er hann skyldur að veita leiguliða leyfi til að veðsetja jörðina til tryggingar þeim lánnum, sem heimilt er að veita til bygginganna úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði í Búnaðarbanka Íslands. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar. Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu. Hafi landsdrottinn hafnað að innleysa húsinn samkvæmt matinu, á leiguliði endurgjaldskröfu á landsdrottinn fyrir húsinn, er hann flyzt af jörðinni. Skal þá af úttektarmönnum metinn hæfilegur endingartími húsanna, og skiptist matsfjárhæðin á þann tíma, og á leiguliði endurgreiðslurétt fyrir þau ár, sem eftir eru af fyrningartímanum, er hann flyzt af jörðinni.

Nú er annar hvor aðili, landsdrottinn eða leiguliði, óánægður með úrskurðaða stærð og skipan húsanna, sem ákveðið er að reisa á jörðinni, og samkomulag næst ekki þar um, og getur þá hvor aðili um sig krafizt, að matið sé lagt í gerð, þannig að aðilar tilnefna sinn manninn hvor, en hlutaðeigandi sýslumaður tilnefnir oddamann, sem jafnframt er formaður gerðardómsins.

13. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottinn skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt af-

gjald að dómi úttektarmanna. Skyllt er landsdrottinni að kaupa hús úr varanlegu 36 efni, sem ekki er unnt að flytja af jörðinni, en séu þau ekki nauðsynleg vegna 29. marz búrekstrar viðtakanda á jörðinni, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Fjárhæð þá, sem landsdrottinni er gert að greiða samkvæmt mati, skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum, að viðbættum almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja, er jarðeigandi ekki skyldur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skyllt að sjá um, að þau séu rifin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé minnst mein að.

14. gr.

Leiguliði greiðir fyrningargjaldið af húsum landsdrottins, nefnist það leiguliðabót, og skal hún tilgreind í byggingarbréfi og hvernig hún skuli greidd. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera $\frac{1}{3}$ — $\frac{2}{3}$ % af steinhúsum, en $\frac{3}{4}$ — $1\frac{1}{2}$ % af húsum úr öðru efni. Sýslumenn innheimta gjald þetta árlega á manntalsþingi fyrir allar jarðir, þegar ekki er öðruvísi um samið í byggingarbréfi. Leiguliðabót, sem ekki er innheimt sem að framan greinir, er í vörzlu leiguliða með 5% ársvöxtum frá eindaga, sem skal vera í lok hvers fardagaárs, þar til hann fer frá jörðinni og úttekt fer fram, þá skulu úttektarmenn meta ástand húsanna og gera á þau álag, ef þau hafa hrörnað umfram eðlilega fyrningu. Nú hefur leiguliði gert meira en að varna eðlilegri fyrningu húsa, og ber honum þá að fá það greitt eftir mati úttektarmanna af þeirri leiguliðabót, er stendur inni hjá honum. Álag það, sem hér um ræðir, hefur lögtaksrétt. Leiguliðabót, sem innheimt er af sýslumanni á manntalsþingum, fylgir lögtaksréttur. Innheimtar fjárhæðir skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist Endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og landbúnaðarráðuneytisins. Hver jörð hefur sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og hibýli jarðarinnar.

Er leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð, þar til hús jarðarinnar verða endurreist.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari reglur um sjóðinn að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu að álitu og mati úttektarmanna. Setur landbúnaðarráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Nú hefur leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn gera honum að bæta það, er vantar, svo að í lagi sé, og selja honum frest til, að úr sé bætt. Sé það vanrækt, varða vanefndir útbyggingu.

16. gr.

Skyllt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengi og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi sé fylgt og jörðin setin yfirleitt.

36

29. marz

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða, og skal eigandi bera kostnaðinn. Um aðrar tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum hvers konar geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skyllt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalda gegn endurgreiðslu. Við sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjöld af sínum eignarhluta.

17. gr.

18. gr.

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á $\frac{3}{4}$ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár gegn almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvilandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir. Nú gegnir landsdrottinn ekki þessari skyldu sinni, og getur þá leiguliði krafizt þess að fá jörðina keypta með þeim skilyrðum, sem um getur í 1. málslíð þessarar málsgreinar.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. málsg., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, en jafnframt sé eðlilegt tillit tekið til framlags jarðareiganda til umbóta á jörðinni í tíð leiguliða, einnig búrekstrargildis jarðarinnar, þegar kaupin eru gerð, og breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga, eftir að fasteignamat síðast fór fram.

IV. KAFLI

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

19. gr.

Skyllt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja jörðina og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

20. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þegar 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalaus, þegar sjö vikur eru af sumri, eða umboðsmaður hans, og hvorugur hefur gert ráðstafanir til að hagnýta hana, hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

21. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Verði tún eða engjar jarðarinnar fyrir ágangi af búfénaði fráfaranda á tímabilinu frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina, skal hann bæta viðtakanda það afrakstur stjón, er af þessu kann að leiða, samkvæmt mati úttektarmanna. Heimillt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má og eigi síðar en fyrir næstu veturnetur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

22. gr.

Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefur aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáraburð af jörðinni undan þeim búpeningi, sem fóðraður er aðallega á heyi, sem aflað er á jörðinni sjálfri. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa, sbr. 3. gr.

36

29. marz

23. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáraburð allan á tún, áður en hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu í tæka tíð, ef ekki er um annað samið milli viðtakanda og fráfaranda. Hann skal og hreinsa hús, hlöður og hey-stæði, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bætir hann viðtakanda eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, sellátur, uppsátur og fiskreitir eru á jörð eða önnur þvilík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. Sama gildir um veiðirétt.

24. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða leigu eftir þau, 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá, og skila þeim fullgildum við brottför.

25. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, en það eru leiguliðanot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur felst í leiguliðanotum réttur til aðgerða, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar, annað tveggja tímabundið eða varanlega.

Teljast því til leiguliðanota öll hús og mannvirki svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin, og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkararreitna og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstæður hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að rétttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

26. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að

36 láta í té landsnytjar heimilismönnum, sem vinna á búi hans. Enn fremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefur aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum og sómuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur eftir mati úttektarmanna.

27. gr.

Skyldur er leiguliði að halda við húsum jarðar, þar með talið vatns-, hita- og raflagnir, eldunar-, hreinlætis- og hitunartæki, að þau eigi gangi úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við ræktun jarðar og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heinreiðar-, ræktunar- og engjavega, sem jörð fylgja, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

Ef leiguliði vanrækir slíkt viðhald, situr illa ábúðarjörð sína að öðru leyti, svo að hún verður fyrir varanlegum skemmdum af þeim sökum, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema málsbætur séu, að bæta má fébótum og hann hafi lofað að bæta úr á næsta ári og setji tryggingu fyrir. Greini landsdrottin og leiguliða á um viðhald jarðar eða hvað telja skuli jarðniðslu, geta þeir lagt ágreining í gerð að undangenginni skoðun samkvæmt ákvæðum 16. gr.

28. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigjörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottinni að kostnaðarlausu. Landskuld og leigur og önnur afgjöld skal hann greiða fyrir 31. desember ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

Nú hefur leiguliði eigi greitt afgjöldin 31. júlí, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöldin að fullu fyrir 1. nóvember næstan eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir næstu jól á eftir.

29. gr.

Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldunum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hins vegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð.

30. gr.

Hvarvetna þar, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

31. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og varðar útbyggingu, ef hann:

1. Brýtur ákvæði 15. gr.
2. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr.
3. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
4. Brýtur fyrirmæli 27. gr.
5. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr.

6. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., 36 meira en eitt ár. 29. marz
7. Brýtur fyrir mæli 44. gr.

Þá hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum, eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa víði úr húsum til eldsneytis eða gera önnur því lík spellvirki að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliði halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvort tveggja að mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála þannig, að sannað verði.

33. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, án þess að valdi ástæður, sem landsdrottinn á sök á, geldur hann landsdrottni jarðarafgjald næsta ár og ber alla ábyrgð á jörðinni, eins og hann sitji hana sjálfur, nema landsdrottinn leysi hann frá þeim skyldum. Nú hefur leiguliði sagt jörð lausri í tæka tíð, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann þá landsdrottni skaða þann, er af hefur hlotizt, eftir mati úttektarmanna.

34. gr.

Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottinn þá rétt að krefjast útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI

Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottinn eða umboðsmanni hans aðvart og krefst skoðunar á skemmdunum. Skoðun sé framkvæmd af héraðsráðunaut, sem skilar skriflegri skoðunargerð. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu háðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggi þó aldrei meira til en svarar eins árs afgangi af jörðinni.

Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn ásamt héraðsráðunaut meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðarinnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi.

Á sama hátt skal ábúandi tilkynna landsdrottinn, ef skóga-, mosa- eða sinubruni verður, svo að land eða mannvirki spillist, ræktun, vegir, heitilönd, einnig ef hlunnindi verða fyrir skemmdum vegna umferðar óviðkomandi manna, þannig að verulegt tjón hljóti af, og skal skoðunargerð fara fram, eins og að framan greinir.

Leiguliði á sókn þess máls, nema öðruvísi semjist milli leiguliða og landsdrottins.

36

29. marz

Nú verða verulegar breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist mjög, t. d. þannig, að tekjur af jarðarnytjum eða hlunnindum hverfa eða stórukast frá því, sem áður var, án þess að einstök fyrirmæli þessara laga nái til þess, og getur þá hvor aðila krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af samningsbundnum leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa, síðan hann var gerður. Nú telur annar hvor aðili leigumála jarðar óviðunandi samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum, einnig þótt leigumáli hafi verið settur samkvæmt eldri gildandi ábúðarlögum.

36. gr.

VI. KAFLI

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, sem rekur, og draga úr flæðarmáli, svo að eigi taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt ítak á reka er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við varmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða $\frac{1}{3}$ hluti hans, nema byggingarbréf taki annað fram.

38. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa $\frac{2}{3}$, en leiguliði $\frac{1}{3}$ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga, sem lög ákveða. Gera skal hann landsdrottinn strax aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottinn allan þann hval, sem hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

39. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VII. KAFLI

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

40. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju eða öllu leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, á leiguliði rétt til þeirra framlaga, sem á framkvæmdirnar kunna að verða greiddar samkvæmt ákvæðum sérstakra laga.

Til afgjaldsgreiðslu og við úttekt reiknast umbæturnar kostnaðarverði að frádregnum framlögum, sem á þær hafa verið greiddar. Vanræki leiguliði að framkvæma umsamdar umbætur, á landsdrottinn heimtingu á greiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta. Nú næst ekki samkomulag milli landsdrottins og leiguliða, hverjar jarðabætur skuli gerðar á leigujörð, og ræður þá landsdrottinn, enda kosti hann umbæturnar að öllu leyti sjálfur. Ákveði leiguliði að gera jarðabæturnar á sinn kostnað, er honum það heimilt, enda hafi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands áætlað framkvæmd þeirra, talið þær jörðinni og leiguliða nauðsynlegar og að þær stuðli að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig að hann

fái tólfaldaða landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna 36
að frádreginni fyrningu og jarðræktarframlögum. 29. marz

41. gr.

Hafi leigujörð tún yfir 10 ha og leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti meira en nemur tvöföldu eftirgjaldi jarðarinnar, og skal hann þá jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu, rökstuddu álitu hlutaðeigandi héraðsráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, og er leiguliða þá heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í 40. gr. og eftir mati sömu manna. Jarðar-eigandi á þó rétt til að skjóta ágreiningi um þetta til yfirdóms, sbr. 53. gr.

42. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiri háttar jarðabót á jörð, sem hefur tún yfir 10 ha, og jörðin er í fastri byggingu, og skal hann þá um það leita samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum ræktunarsjóðs af kostnaðarverði jarðabótarinnar. Úttektarmenn skulu um hverja tegund jarðabótar leiguliða áætla hæfilegan endingartíma, sem jafnan skal vera 10—20 ár fyrir ræktun, fyrir opna skurði 6—20 ár og girðingar 6—10 ár. Skiptist matsfjárhæð á hinn metna endingartíma. Kemur þá til frádráttar sú fyrning, er fellur á þann tíma, sem leiguliði hefur haft umbótarinnar not, að frádregnum jarðabótaframlögum. Nú telur leiguliði sér ekki hagkvæmt að auka bú sitt, svo að hann geti fullnýtt umbótina, og úttektarmenn telja honum ekki fært að greiða afgangshækkunina samkvæmt framansögðu, og er þá landsdrottinn rétt að leita úrskurðar landnámsstjóra, hvort jörðin geti skipzt í tvö býli, gegn því að hann bæti leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðarinnar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

43. gr.

Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í 6. lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878. Krafa sú, sem leiguliði á á hendur landsdrottinni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr., síðustu málgr., og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. KAFLI

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefur ekki svarað kauptilboði innan missiris,

36 og hefur leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

29. marz

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn þá senda sveitarstjórn samrit af tilboði sína til ábúanda.

IX. KAFLI

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmati skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið. Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið. Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottinn eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

46. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

48. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er metið til skatts í viðkomandi sýslu. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá saksóknari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Rétt er þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðilja væri óhæfur dómari í því máli.

Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að léttu dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt, og benda dómara tafarlaust á það til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

Skipuðum sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

22. gr.

84. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmönnum og þeim héraðsdómslögmönnum, er fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun saksóknara að sækja opinbert mál í lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu, og þar í grennd. Nú reynist skipaður sækjandi óhæfur að álitu dómara eða honum verða forföll, og skipar þá saksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraleg skylda hverjum heilum lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli innan lögsagnarumdæmis, þar sem hann er búsettur. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar dómari þá annau löghæfan mann í hans stað.

23. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsg. 87. gr. orðist svo:

Þóknun sækjanda, sem saksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun.

24. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsg. 112. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsg. sömu gr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fimmta málslið 4. málsg. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

25. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsg. 113. gr. komi orðið: saksóknara.

57

29. marz

26. gr.

Í stað orðanna „22. gr.“ í lok 1. málsgr. 114. gr. komi: 2. málsgr. 21. gr.

27. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsgr. 115. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

28. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 118. gr. komi orðið: saksóknari.

29. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 124. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

30. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 129. gr. komi orðið: saksóknari.

31. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 1. málsgr. 130. gr. komi orðið: saksóknara og í stað orðanna „22. gr.“ í sama tölulið komi: 2. málsgr. 21. gr.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

32. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrra málslið 131. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Síðari málsliður sömu gr. orðist svo: Saksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

33. gr.

1. málsgr. 143. gr. orðist svo:

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsgr. 87. gr. Saksóknari sækir mál í héraði og fyrir Hæstarétti svo og fulltrúi hans í héraði án sérstaks endurgjalds, en verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renni í rikissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

34. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. tölulið 154. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. tölulið sömu gr. komi orðið: saksóknara.

35. gr.

159. gr. orðist svo:

Ef skipaður sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði.

36. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 171. gr. komi orðið: Saksóknari.

57

29. marz

37. gr.

Þriðji málsliður 2. málsgr. 174. gr. orðist svo:

Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en saksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.).

38. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 175. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í upphafi 2. málsgr. sömu gr. komi: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. tölulið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.

39. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 177. gr. komi: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. 177. gr. komi: saksóknara.

40. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 179. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komið orðið: saksóknari.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
6. Síðasti málsliður sömu málsgr. orðist svo: Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst saksóknara.

41. gr.

180. gr. orðist svo:

Saksóknari undirbýr ágríp dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkamt hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölríta ágríp.

Nú telja saksóknari og verjandi sakaratriði miður rannsökuð en skyldi, og gera þeir þá, um leið og þeir undirbúa ágríp dómsgerða, skrá um þau atriði og kynna þau hvor öðrum. Saksóknari ákveður því næst, hverra frekari gagna skuli leita með prófun máls í héraði. Að því loknu annast saksóknari gerð viðbótar-ágríps.

Saksóknari endursendir Hæstarétti síðan dómsgerðir héraðsdóms ásamt framhaldsprófum, ef því er að skipta, og ágríp dómsgerða. Ákveður forseti Hæstaréttar svo þingfestingardag máls og tilkynnir saksóknara og verjanda það með hæfilegum fyrirvara.

42. gr.

181. gr. orðist svo:

Saksóknari sækir öll opinber mál í Hæstarétti án sérstaks endurgjalds, og

57 hvíla á honum sömu skyldur, sem hingað til hafa hvílt á sækjanda fyrir þeim 29. marz dómi, og samkvæmt þeim fyriræmum, er í lögum þessum segir.

Nú er saksóknari settur samkvæmt 22. gr., og ákveður dómismálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

43. gr.

Í stað orðsins „sækjanda“ í 182. gr. komi orðið: saksóknara.

44. gr.

Í stað orðsins „sækjandi“ í 184. gr. komi orðið: saksóknari.

45. gr.

Í stað „181. og 182. gr.“ í 185. gr. komi: 182. og 183. gr.

46. gr.

1. Í stað „200—2000 krónur“ í 1. málslið 1. málsgr. 186. gr. komi: 200—5000 krónur.
2. Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „Sækjanda“ í fyrra málslið 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknara.
5. Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.

47. gr.

187. gr. orðist svo:

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir Hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum 200—5000 króna sekt á hendur til rikissjóðs.

48. gr.

188. gr. orðist svo:

Nú þykir Hæstarétti að vísu vera gallar á verki héraðsdómara, skipaðs sækjanda í héraði, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá vítt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.

49. gr.

Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í 191. gr. komi orðið: saksóknara.

50. gr.

Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í 1. málsgr. 193. gr. komi orðið: saksóknara.

51. gr.

Í stað orðsins „Dómismálaráðherra“ í 1. málsgr. 194. gr. komi orðið: Saksóknari.

52. gr.

Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í 195. gr. komi orðið: saksóknari.

53. gr.

Í stað orðsins „dómismálaráðherra“ í 198. gr. komi orðið: saksóknara.

54. gr.

57

29. marz

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laganna um störf saksóknara ríkisins koma til framkvæmdar 1. júlí 1961.

Lögmæti aðgerða, sem fram hafa farið fyrir þann tíma, skal meta eftir eldri lögum, en aðgerðir, sem síðar fara fram, hlíta ákvæðum þessara laga.

Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið afhenda saksóknara ríkisins þau skjöl opinberra mála, sem þar eru og embætti hans varða.

55. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál 1.—53. gr. þeirra inn í lög nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

SVEITARSTJÓRNARLÖG

58

29. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Sveitarstjórnarumdæmi.

1. gr.

Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.

Eigi skal neinu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, til lykta ráðið án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

2. gr.

Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.

Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Kaupstöðum og sýslum má eigi fækka eða fjölga nema með lögum.

Sama gildir um breytingu á mörkum kaupstaða og sýslna.

4. gr.

Ráðuneytið skal sameina hreppa, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi hreppsnefndum, ef sýslunefndin mælir með því. Með sömu skilyrðum er ráðuneytinu heimilt að breyta hrepparmörkum, sbr. þó 7. gr.

58

29. marz

Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í fimm ár, og er þá ráðuneytinu heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að sameina hreppinn þeim nágranna-hreppi í sömu sýslu, sem sýslunefnd telur eftir atvikum best henta.

Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið verja fé úr Jöfnunarsjóði til greiðslu hluta þeirra, svo að eigi verði talið, að þær íþyngi hinum sameinuðu hreppum óeðlilega.

5. gr.

Nú er kaптún eða þorp með 300 íbúa eða fleiri í hreppi og hinn hluti hreppsins telur 200 íbúa eða fleiri, og hefur þá hvort um sig, kaптúnið eða þorpið annars vegar, og sá hluti hreppsins, sem kaптúnið eða þorpið er ekki í, hins vegar, rétt til þess að vera sérstakt sveitarfélag.

Nú hafa tilmæli um skiptingu hrepps samkvæmt 1. mgr. verið samþykkt á sveitarfundi, sbr. 31. gr., af a. m. k. $\frac{2}{3}$ hlutum hreppsþúa, sem eiga lögheimili í þeim hluta hans, sem óskar skiptingar, og skal þá ráðuneytið skipta hreppnum samkvæmt 1. mgr. Ráðuneytið ákveður staðarmörk milli hinna nýju sveitarfélaga samkvæmt grein þessari, eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar.

7. gr.

Ráðuneytið getur skipt hreppi, samkvæmt beiðni hreppsnefndar að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200.

Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Ef ekki næst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt, samkvæmt 4., 6. eða 7. gr. þessara laga, sker ráðuneytið úr ágreiningi

B. Þegnar sveitarfélaga.

9. gr.

Þegnar sveitarfélags eru allir þeir, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, samkvæmt lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili, 10. gr.

C. Hlutverk sveitarfélaga.

10. gr.

- A. Skytt er sveitarfélagi að annast þau hlutverk, sem því eru falin í lögum eða á annan löglegan hátt, svo sem:
- a. fjárreiður og reikningshald sitt, þar á meðal greiðslu lögboðinna framlaga til almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, byggingarsjóðs verkamanna o. s. frv.,
 - b. framfærslumál,
 - c. barnavernd,
 - d. vinnumiðlun,
 - e. fræðslumál,
 - f. skipulags- og byggingarmál,
 - g. hreinlætis- og heilbrigðismál,
 - h. eldvarnir og önnur brunamál,
 - i. lögreglumál,
 - j. forðagæzlu og fjallskil,
 - k. refa- eða meindýraeyðingu.

- B. Hlutverk sveitarfélaga er enn fremur það að vinna að sameiginlegum velferðarmálum þegna sinna, svo sem:
- a. að sjá um vegagerð, gatnagerð, holræsagerð, hafnargerð, vatnsveituframkvæmdir, rafveituframkvæmdir, hitaveituframkvæmdir, leikvallagerð, íþróttavallagerð o. fl.,
 - b. að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi eða hjargarskort, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

58

29. marz

11. gr.

Ráðstafanir sveitarfélags eru háðar þeim takmörkunum, sem hér skal greina:

- a. Hækkun útsvara er háð samþykki ráðuneytis eða sýslunefnda, samkvæmt ákvæðum gildandi laga.
- b. Kröfu sveitarfélags til útsvars og skatts má ekki selja og veðsetning slíkrar kröfu er aðeins heimil vegna rekstrarlána, sem endurgreiða skal fyrir næstu árslok.
- c. Sala eigna og tækja, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmda, samkvæmt 10. gr. A, er óheimil, svo og aðrar þær ráðstafanir á þeim eignum og tækjum, sem brjóta í hága við framkvæmdir samkvæmt tédum ákvæðum. Veðsetning sömu eigna er óheimil, nema til tryggingar skuldum, sem til er stofnað vegna kaupa þeirra eða byggingarkostnaðar.
- d. Mannvirki þau, sem gerð kunna að vera, samkvæmt 10. gr. B a, og nauðsynleg eru vegna þeirra mála, sem þar um getur, má ekki selja. Veðsetning slíkra eigna er óheimil, nema til tryggingar skuldum, sem til er stofnað vegna þeirra.
- e. Samþykki ráðuneytisins þarf til þess að reka áhættusaman atvinnurekstur, svo sem útgerð, iðnað og verzlun. Ráðuneytið skal leita umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, áður en það veitir hreppnum slíkt samþykki.
- f. Samþykki sýslunefndar þarf til þess, að ályktun hreppsnefndar sé gild um eftirtalin atriði:
 1. Lántökur vegna hreppsins, sem nemi meiru en á lögð útsvör í hreppnum það ár.
 2. Sala eða veðsetning fasteigna hreppsins svo og kaup nýrra fasteigna.
 3. Ólögboðnar skuldbindingar, sem gilda eigi langan tíma.
 Nú synjar sýslunefnd um samþykki til ráðstöfunar, sem um ræðir í staflið þessum, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á sveitarfundi, sbr. 31. gr., undir atkvæði. Hljóti ályktun hreppsnefndar $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða, skal hún vera gild án samþykkis sýslunefndar.
- g. Öðrum takmörkunum, sem lög kunna að ákveða.

II. KAFLI

Stjórn sveitarfélaga.

A. Sveitarstjórnir.

a. Skipun sveitarstjórna.

12. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.

Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr.

Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast má þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.

58 Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutað-
29. marz eigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.

Í Reykjavík skulu borgarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

14. gr.

Í hverri hreppsnefnd skulu vera fimm hreppsnefndarmenn, en haldast má þó óbreytt tala hreppsnefndarmanna eins og nú er.

Sýslunefnd er heimilt að breyta tölu hreppsnefndarmanna, samkvæmt ósk hreppsnefndar, þó þannig, að hreppsnefndarmenn séu eigi færri en þrjú og eigi fleiri en sjö.

b. Kosning sveitarstjórna.

15. gr.

Sveitarstjórnarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Bæjarstjórnir svo og hreppsnefndir í hreppum, þar sem $\frac{3}{4}$ þegna, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar, sbr. 13. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, eru búsettir í kaптúni, skal kjósa hlutfallskosningu.

Í öðrum hreppum skulu hreppsnefndarkosningar vera óhlutbundnar. Þó skal einnig þar kjósa hlutfallskosningu, ef 25 kjósendur, sem eru á kjörskrá, eða 1/10 hluti kjósenda, sem er á kjörskrá í hlutaðeigandi hreppi, krefjast hlutfallskosningar í bréfi stíluðu til oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag.

Nú kemur enginn framboðslisti fram, samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar, áður en framboðsfresti lýkur, og skal þá kjósa óhlutbundinni kosningu.

16. gr.

Kjörtímabil sveitarstjórna er fjögur ár. Þegar kjósa verður vegna þeirra atvika, er um ræðir í 17. gr. 2. mgr., skal kjörtímabil eigi standa lengur en til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.

17. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna skipta á sveitarfélagi, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða ef kjósa á bæjarstjórn, samkvæmt 33. gr. 2. mgr., og skal þá kosning fram fara svo fljótt sem við verður komið.

18. gr.

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir sem:

- a. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenskir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
- c. eru fjárráðir.

Að fullnægðum skilyrðum þessarar greinar, a—c, hefur hver þegn sveitarfélags kosningarrétt í sínu sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

19. gr.

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.

Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.

Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

58
29. marz

20. gr.

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósa-andi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnaráflakkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnaráflakki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnaráflakki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

c. Formenn sveitarstjórna.

21. gr.

Eftir sveitarstjórnarkosningar kýs sveitarstjórn sér formann og einn eða tvo varaformenn úr sínum hópi.

Formaður bæjarstjórnar nefnist forseti, en formaður hreppsnefndar oddviti.

Aldursforseti sveitarstjórnar gegnir formannsstörfum, unz formaður hefur verið kosinn.

Sá er rétt kjörinn formaður eða varaformaður, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings fulltrúa sveitarstjórnar. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Hinn nýkjörni formaður skal þegar í stað tilkynna kjör formanns og varaformanns til sýslumanns, ef um oddvita er að ræða, en til ráðuneytisins, þegar um forseta bæjarstjórnar er að ræða.

58

29. marz

22. gr.

Kjörtímabil formanns og varaformanns sveitarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn ákveði skemmri kjörtíma.

Ef formaður deyr eða verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum áður en kjörtíni hans er á enda, skal kjósa formann í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins, sbr. 21. gr.

d. Skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna.

23. gr.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka sæti í nefndum og framkvæma önnur þau störf, sem sveitarstjórn felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefur formaður sveitarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur, eða haft önnur störf á hendi fyrir sveitarstjórn jafnlangan tíma eða lengur, skorazt undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur gegnt formannsstörfum eða haft starfið á höndum.

24. gr.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra í sveitarstjórn.

e. Sveitarstjórnarfundir.

25. gr.

Bæjarstjórn skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Heimilt er þó að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Hreppsnefnd skal halda a. m. k. tvo nefndarfundu á hverju ári.

Aukafundir skulu haldnir eftir þörfum, samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanns sveitarstjórnar eða þegar a. m. k. þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa krefst þess.

Reglulegir fundir bæjarstjórna og aukafundir, sem boðaðir hafa verið með dagskrá, skulu fara fram fyrir opnum dyrum. Sama gildir um hreppsnefndarfundu, hafi a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krafizt þess í tæka tíð. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar sveitarstjórn ákveður.

26. gr.

Formaður sveitarstjórnar, bæjarstjóri eða sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundu á þann hátt, sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður og fundarstað og fundartíma, hafi sveitarstjórn eigi gert það.

Kunnert skal íbúum sveitarfélags með auglýsingu, hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundu fyrir opnum dyrum.

Greina skal dagskrá í fundarboði.

27. gr.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundu.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

28. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

a. Hina árlegu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

b. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra eða sýslunefndar.

d. Beiðni um aðstoð, sbr. 62. gr. laga þessara.

Heimilt er þó hreppsnefndum að afgreiða ársreikninga, sbr. staflið b, við eina umræðu. Sama gildir um fjárhagsáætlun, sbr. staflið a, í hreppum með færri en 500 íbúa. Athuga skal fjárhagsáætlun lið fyrir lið og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig og áætlunina í heild. Þegar umræður eru tvær, skal þetta gert við hina síðari.

29. gr.

Formaður sveitarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Rétt er sveitarstjórn að ráða sér fundarritara.

Allir fulltrúar, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar. Hver fulltrúi, sem eigi er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

30. gr.

Sveitarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

f. Almennir sveitarfundir.

31. gr.

Rétt er hreppsnefnd að boða til almenns sveitarfundar um málefni sveitarfélagsins, og skylt, ef $\frac{1}{4}$ hluti atkvæðisbærra manna í hreppnum óskar þess, og eru fundir þessir ráðgefandi, sbr. þó 11. gr. f. Slíkir fundir eru lögmætir, ef til þeirra er boðað með opinberri auglýsingu, sem birt er með sama hætti, sem tíðkaður er um opinberar tilkynningar í því sveitarfélagi, og fundurinn er boðaður með a. m. k. þriggja daga fyrirvara, enda sé þess getið í fundarboði, hver málefni komi til umræðu og atkvæða á fundinum. Atkvæðisrétt á sveitarfundum hafa aðeins þeir, sem kosningarrétt eiga til sveitarstjórnarinnar.

B. Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga.

a. Almenn ákvæði.

32. gr.

Framkvæmdastjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Reykjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjóranna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði laga þessara um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.

b. Um bæjarstjóra.

33. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar. Hafi bæjarstjóri verið ráðinn til lengri tíma, skal þó hvorum aðila heimilt, að kjörtímabili loknu, að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara.

Nú næst eigi meiri hluti bæjarstjórnar fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að hann er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

58

29. marz

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og annast yfirleitt framkvæmdir bæjarmálefna, nema bæjarstjórn hafi ákveðið annað um einstök mál.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur ekki atkvæðisrétt, nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á bæjarstjórnar- og nefndarfundum. Ekki má kjósa hann í fastar nefndir, nema hann sé bæjarfulltrúi, en fela má honum formennsku slíkra nefnda.

35. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun bæjarins, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, sem leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

c. Um nefndir o. fl.

36. gr.

Bæjarstjórn setur fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál. Bæjarstjórn getur og ákveðið, að sett skuli bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra. Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda. Bæjarráði er heimil fullnaðar-ákvörðun mála, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

37. gr.

Kosningar í bæjarráð og nefndir skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef þess er óskað. Kosning bæjarráðs og nefnda gildir kjörtímabilið, nema annað sé ákveðið. Varamenn taka sæti í bæjarráði eða nefndum, samkvæmt ákvæðum 20. gr., enda hafi ekki verið kosnir sérstakir varamenn í bæjarráð eða nefndirnar.

38. gr.

Bæjarstjórn setur samþykkt um stjórn bæjarmála, sem ráðherra staðfestir. Í samþykkt þessari skulu vera ákvæði um:

- a. Starfssvið bæjarstjóra og annarra starfsmanna.
- b. Skipun og verksvið fastra nefnda og bæjarráðs, þar sem það er.
- c. Önnur ákvæði um framkvæmd bæjarmálefna.

d. Um oddvita o. fl.

39. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir. Hann annast gjaldheimtu, reikningshald, fésýslu, bréfaskipti og annað það, sem hreppsnefnd varðar, nema hreppsnefnd hafi ákveðið annað, sbr. 41., 42. og 43. gr.

40. gr.

Laun oddvita skulu vera 25 krónur fyrir hvern þegn hreppsins á ári og sé miðað við íbúaskrá 1. desember næsta ár á undan. Þá skal og oddviti njóta sams konar launa-hækkana og starfsmenn hljóta hjá ríkinu eða ríkisstofnunum.

Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 58 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að inn- 29. marz heimta hjá gjaldendum hreppsins, nema sveitarstjórn ákveði annað.

41. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að fara með einstök hreppsmál, svo og falið hverjum nefndarmanna, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf, t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, að annast bréfagerð um einstök mál og annað, er að þeim lýtur, o. fl.

e. Um sveitarstjóra.

42. gr.

Í hreppi með fleiri en 500 íbúa, eða þar sem atvinnurekstur er svo mikill, að störf oddvita séu að dómi ráðuneytisins mun meiri en almennt gerist, er hreppsnefnd heimilt að ráða sveitarstjóra.

Heimilt er tveim hreppum eða fleiri, sem hafa samtals fleiri en 500 íbúa, að ráða einn sveitarstjóra sameiginlega.

Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími hreppsnefndar. Hafi sveitarstjóri verið ráðinn til lengri tíma, skal þó hvorum aðila heimilt, að kjörtímabili loknu, að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara.

43. gr.

Sveitarstjóri fer með þau störf, sem oddvita eru falin, sbr. 39. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt. Eigi hefur hann atkvæðisrétt þar, nema hann sé einnig hreppsnefndarmaður.

Sveitarstjórn setur samþykkt, er ráðherra staðfestir, um starfssvið sveitarstjóra og laun, sem greiðast úr hreppsjóði.

44. gr.

Nú hefur sveitarstjóri verið ráðinn, samkvæmt 42. gr., og falla þá niður launa- greiðslur til oddvita, samkvæmt 40. gr. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans.

III. KAFLI

Um fjárreiður sveitarfélaga.

a. Almenn ákvæði.

45. gr.

Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

46. gr.

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnnum og sýslunefndir hreppsnefndum undanþágu frá þessu ákvæði, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi, þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.

Ræða skal fjárhagsáætlun á tveim fundum með að minnsta kosti einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.

Fjárhagsáætlun, samkvæmt þessari grein, skal vera meginregla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu.

58

29. marz

47. gr.

Sveitarstjórn skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn sveitarfélagsins. Hún skal sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með. Sveitarstjórn skal og gæta þess, að peningaeign sveitarfélagsins sé haldið aðgreindri frá peningaeign sjóðshaldara eða annarra, og sjá um, að fé sveitarfélagsins sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki bæjarstjóra, sveitarstjóra eða oddvita, eftir því sem við á.

b. Um bókhald sveitarfélaga.

48. gr.

Í kaupstöðum og hreppum með 500 íbúa eða fleiri skal hafa tvöfalt bókhald um fjárreiður sveitarfélagsins. Nú rekur sveitarfélag fyrirtæki, og er þá sýslunefnd heimilt að ákveða, að sveitarfélagið skuli hafa tvöfalt bókhald, þó að íbúar þess séu færri en 500.

49. gr.

Sveitarfélög, sem hafa skulu tvöfalt bókhald, skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Dagbók, þar sem skrá skal allar greiðslur í peningum, sem inn koma eða eru látnar af hendi, svo og öll önnur viðskipti, sem fram fara á vegum sveitarfélagsins. Heimilt er að halda sérstaka sjóðbók yfir allar peningagreiðslur.
- b. Gjaldendabók, þar sem hverjum gjaldanda er gefinn sérstakur reikningur og gjöld hans skráð svo og greiðslur þær, sem hann hefur innt af hendi.
- c. Viðskiptamannabók, þar sem skrá skal skipti sveitarfélagsins við aðra aðila, þar með talin önnur sveitarfélög.
- d. Aðalbók, þar sem skrá skal niðurstöðutölur bókhaldsins.
- e. Framfærslubók, þar sem skrá skal alla styrkþega og framfærslustyrk þeim veittan svo og endurgreiðslur slíks styrks.
- f. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársfjórðungslega reikningsjöfnuð sveitarfélagsins, og árlegt efnahagsyfirlit og efnahags- og rekstursreikning þess og fyrirtækja þess. Ef nauðsyn þykir, má nota fleiri en eina efnahagsbók.
- g. Skrá um ábyrgðir, sem sveitarfélagið hefur gengið í.
- h. Aðrar þær bækur, sem nauðsyn krefur.

Sveitarfélögum er heimilt að færa bækur þær, sem hér um ræðir, í spjaldskrárformi eða sem lausblaðabækur, nema bækur þær, sem um getur í staflið d. og f.

50. gr.

Sveitarfélög, sem ekki er skylt að hafa tvöfalt bókhald, samkvæmt 48. gr., skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Sjóðbók, sem rita skal í allar peningagreiðslur, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
- b. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar. Í bók þessa skal og rita niðurjöfnunarskrá hreppsins, skrá um þá, sem notið hafa framfærslustyrks og hve mikils, o. fl., ef henta þykir.

51. gr.

58

Félagsmálaráðuneytið lætur í samráði við Hagstofu Íslands gera bækur þær, sem sveitarfélögum er skylt að halda, samkvæmt 49.—50. gr., og sér um, að þær séu jafnan fáanlegar.

Dagbækur og sjóðbækur, sem ekki eru lausblaðabækur, og efnahagsbækur skulu vera gegnumdregnar, tölusettar og löggiltar.

Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald sveitarfélaga.

c. Um ársreikninga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

52. gr.

Í lok hvers árs skal gera reikning um tekjur og gjöld sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra á umliðnu reikningsári og reikning yfir eignir og skuldir miðað við 31. desember.

53. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður í samráði við Hagstofu Íslands form fyrir ársreikningum sveitarfélaga og lætur gera eyðublöð til afnota fyrir sveitarfélögin í samræmi við það.

Sveitarfélögunum er skylt að gera ársreikninga sína í því formi, sem ráðuneytið ákveður, sbr. 1. mgr.

54. gr.

Ársreikningar hreppanna skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert og ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar.

Sama gildir um ársreikninga fyrirtækja, sem rekin eru á vegum sveitarfélaga.

d. Um endurskoðun.

55. gr.

Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn. Bæjarstjórnir skulu kjósa tvo endurskoðendur og hreppsnefndir einn eða tvo endurskoðendur. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.

Fulltrúar í sveitarstjórn eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga, eða reikninga fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild eða fela endurskoðunarskrifstofu, sem félagsmálaráðuneytið hefur veitt viðurkenningu, að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

56. gr.

Endurskoða skal alla reikninga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Við endurskoðunina skal athuga eftirtalin atriði:

- a. Að fylgt hafi verið þeim bókhaldsreglum, sem lög þessi ákveða, og þeim nánari fyrirmælum, sem sett kunna að verða um bókhald sveitarfélaga,
- b. að reikningarnir séu tölulega réttir og gerðir í því formi, sem lög ákveða, sbr. 53. gr.,
- c. að allar tekjur og öll útgjöld séu staðfest með viðeigandi fylgiskjölum,
- d. að tekjur sveitarfélagsins eða fyrirtækja þess séu allar taldar og að engin útgjöld séu innt af hendi án tilskilinnar heimildar, sbr. 47. gr. 2. mgr.,
- e. að gildandi fjárhagsáætlun hafi verið fylgt svo sem kostur var á,
- f. að sparnaðar og hagsýni hafi verið gætt í rekstrinum.

Sveitarstjórn er skylt að veita endurskoðendum aðgang að öllum bókom, skýrslum eða öðrum gögnum, sem máli skipta við endurskoðunarstarfið.

58 Félagsmálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um endurskoðunina með reglu-
29. marz gerð.

57. gr.

Endurskoðun samkvæmt 56. gr. skal vera lokið í hreppum eigi síðar en 15. marz og í kaupstöðum eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Að lokinni endurskoðun skal endurskoðandi gera skriflega skýrslu um endurskoðunina, þar sem grein er gerð fyrir öllum athugasemdum, sem gerðar hafa verið við bókhald og fjárreiður.

Reikningshaldari skal eiga kost á einnar viku fresti til þess að svara athugasemdum, en síðan gerir endurskoðandi tillögur til sveitarstjórnar um úrskurð á athugasemdum.

Ársreikningar, ásamt endurskoðunarskýrslu, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum endurskoðenda, skulu lagðir fyrir sveitarstjórn til ályktunar.

Tvær umræður skulu vera í sveitarstjórn um ársreikninga, með a. m. k. einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.

e. Um skilafresti og viðurlög.

58. gr.

Bæjarstjórnir skulu hafa lagt fullnaðarafgreiðslu á ársreikninga kaupstaðanna og fyrirtækja þeirra eigi síðar en í júlí ár hvert. Reikningar kaupstaðanna skulu sendir félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

Hreppsnefndir skulu senda sýslunefndum ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess, ásamt fylgiskjölum, ályktun sinni, skýrslu endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum, svo tímanlega, að gögn þessi hafi borizt til endurskoðanda sýslunefndar á sveitarsjóðsreikningum eigi síðar en 31. marz ár hvert. Sýslunefnd athugar og úrskurðar ársreikninga svo sem fyrir er mælt í 92. gr. laga þessara.

59. gr.

Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 53. gr. laga þessara.

Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.

Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.

Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

60. gr.

Nú hefur reikningum eigi verið skilað innan tiltekins tíma, og skal félagsmálaráðuneytið þá leggja fyrir hlutaðeigendur, sbr. 59. gr., að afhenda reikningana fyrir tiltekinn dag, sem ráðuneytið ákveður.

61. gr.

Komi í ljós, að sveitarstjórn hafi þrátt fyrir áminningar sýslumanns eða sýslunefndar, ef um hreppsfélag er að ræða, vanrækt ákvæði laga þessara um bókhald og reikningsskil eða á einhvern hátt beitt valdi sinu ranglega, skal ráðuneytið hlutast til um rannsókn og endurskoðun á bókhaldi, fjárreiðum og rekstri hlutaðeigandi sveitarfélags eins fljótt og verða má.

Ráðuneytið skal leggja fyrir sveitarstjórn að laga það, sem ábótavant kann að reynast, innan hæfilegs frests, sem ráðuneytið ákveður.

62. gr.

58
29. marz

Nú sinnir sveitarstjórn eigi fyrir mælum ráðuneytisins, sbr. 61. gr. 2. mgr., og er ráðuneytinu þá heimilt að veita sveitarstjórn enn nokkurn frest til þess að bæta úr því, sem ábótavant er.

Vanræki sveitarstjórn enn að ráða bót á því, sem áfátt er, getur ráðherra með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim hreppsnefndarmönnum eða bæjarfulltrúum, sem ábyrgð bera á misfellunum.

f. Um fjárþröng sveitarfélaga.

63. gr.

Sveitarfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur sent félagsmálaráðuneytinu beiðni um aðstoð, ef ætla má, að ekki ræst úr í náinni framtíð.

Beiðni um aðstoð skal hafa verið rædd við tvær umræður í sveitarstjórn. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitssgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja beiðninni.

64. gr.

Nú hefur ráðuneytinu borizt beiðni um aðstoð, samkvæmt 63. gr., og skal það þá láta rannsaka fjárreiður og allan rekstur sveitarfélagsins.

Ef nauðsyn krefur, er ráðuneytinu heimilt að gefa út innköllun til skuldheimtumannna sveitarfélagsins, að viðlögðum missi kröfu, sbr. lög nr. 19 4. júní 1924, 2. gr.

65. gr.

Að undangenginni rannsókn, samkvæmt 64. gr., skal ráðuneytið leggja fyrir sveitarstjórn að bæta um það, sem áfátt kann að reynast við rekstur eða fjárreiður sveitarfélagsins, innan hæfilegs frests, sem ráðuneytið ákveður, og gilda um þetta ákvæði 62. gr., eftir því sem við á.

66. gr.

Nú kemur í ljós, að fjárhagur sveitarfélags er slíkur, að það getur ekki með heilbrigðum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum, og er þá ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl.

67. gr.

Nú eru skuldir sveitarfélags, aðrar en skuldir við ríkissjóð og skuldir tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs, svo miklar, að sveitarfélag fær eigi undir risið, án verulegrar lækkunar á þeim, og er þá sveitarstjórn rétt að snúa sér til hlutaðeigandi skiptaráðanda með beiðni um, að leitað verði nauðasamninga um greiðslu á skuldunum.

Ráðuneytið getur einnig lagt fyrir skiptaráðanda að leita nauðasamninga um skuldir sveitarfélaga, sem eins er ástatt um og segir í 1. mgr., þó að sveitarstjórn hafi ekki óskað slíkra samninga.

68. gr.

Þegar sveitarstjórn eða ráðuneytið hafa ákveðið að leita nauðasamninga, samkvæmt 67. gr., skal semja frumvarp til nauðasamninga.

Í frumvarpinu skal flokka skuldir sveitarfélagsins í tvo flokka. Annars vegar skulu taldar þær skuldir, sem samningunum er ekki ætlað að ná til, og geta tryggðing fyrir þeim. Hins vegar skulu taldar þær skuldir, sem ætlað er til, að samið sé um, og þá tilgreint, hve háan hundradshluta þeirra skulda eigi að greiða.

58

29. marz

Beiðni til skiptaráðanda um að leita nauðasamninga, samkv. 67.—68. gr., skal fylgja:

- a. frumvarp til nauðasamninga, sbr. 68. gr.,
- b. efnahagsreikningur sveitarfélagsins fyrir síðastliðið reikningsár,
- c. gildandi áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins.

Gögn þessi skulu liggja frammi til sýnis í skrifstofu skiptaráðanda, á meðan nauðasamningar standa yfir.

70. gr.

Þegar skiptaráðanda hefur borizt beiðni um að leita nauðasamninga, ásamt gögnum þeim, sem um ræðir í 69. gr., skal hann auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að gögn þessi liggja frammi til sýnis í skrifstofu sinni, þar til nauðasamningum er lokið eða tilraunum til þeirra hætt.

Enn fremur skal hann gefa út innköllun til skuldheimtumanna að viðlögðum missi kröfu, sbr. lög nr. 19 4. júní 1924, 2. gr., hafi slík innköllun ekki farið fram, sbr. 64. gr. 2. mgr.

71. gr.

Frá þeim degi að ákvörðun um að leita nauðasamninga hefur verið birt og þar til nauðasamningar hafa verið gerðir eða samningatilaunum lokið, fer um greiðslur á skuldum sveitarfélagsins, sem til voru orðnar við upphaf nauðasamninga, og ráðstöfun á eignum þess samkv. ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti, eftir því sem við getur átt.

72. gr.

Að loknum innköllunarfresti boðar skiptaráðandi til fundar með hæfilegum fyrirvara með öllum þeim skuldareigendum, sem semja þarf við. Boða skal til fundarins með ábyrgðarbréfi eða símskeyti til hvers skuldareiganda. Með sama hætti skal félagsmálaráðuneytinu og sveitarstjórn tilkynnt um fundinn.

73. gr.

Á fundi þeim, sem um ræðir í 72. gr., skal skiptaráðandi leggja fram gögn þau, er um ræðir í 69. gr. Frumvarpið skal síðan rætt, svo og breytingartillögur við það, sem skuldareigendum er rétt að bera fram.

Rétt er skuldareigendum að krefjast allra upplýsinga um hag sveitarfélagsins, sem máli skiptir og unnt er að láta í té.

74. gr.

Að umræðum um frumvarp til nauðasamninga loknum, samkvæmt 73. gr., skal það borið undir atkvæði ásamt framkomnum breytingartillögum. Breytingar á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjöf á þeim öðlast því aðeins gildi, að samþykki hlutaðeigandi veðhafa komi til. Samþykki skuldareiganda þarf og til þess að breyta lánskjörum eða veita eftirgjöf á lánnum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs, sýslunefndar eða annarra.

75. gr.

Hljóti frumvarpið samþykki skuldheimtumanna, er hafa ráð yfir meira en helmingi fjárhæða þeirra skulda, sem því er ætlað að ná til, öðlast það gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það.

Frumvarpið er þá bindandi fyrir alla skuldheimtumenn, en frekari kröfur á hendur sveitarfélaginu falla þá niður.

76. gr.

Nú á skiptaráðandi sæti í sveitarstjórn, sem leitað er nauðasamninga fyrir, og skal hann þá vikja sæti sem skiptaráðandi, en setuskiptaráðandi settur til þess að leita nauðasamninga.

58

29. mars

77. gr.

Auk þeirra ákvæða, sem eru í 67.—76. gr. laga þessara, gilda lög um nauðasamninga, nr. 19/1924, um nauðasamninga sveitarfélaga, eftir því sem við getur átt.

78. gr.

Þegar skuldabyrði sveitarfélags er með þeim hætti, sem lýst var í 1. mgr. 67. gr., og ekki verður leitað nauðasamninga eða slíkar samningatilaunir hafa ekki borið árangur, skal ráðuneytið hlutast til um, að skuldaskil verði gerð fyrir sveitarfélagið.

Við þessi skuldaskil skal verðmæti eigna, sem eigi verða seldar, samkvæmt 11. gr. laga þessara, ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna. Draga skal frá matsverði þann hluta, sem ríkissjóður kann að hafa lagt til eignanna.

Ráðuneytið, sveitarstjórn eða kröfuhafar, sem eiga a. m. k. 40% af kröfum, sem matsgerð hefur áhrif á hvort skerðast að einhverju leyti, samkvæmt ákvæðum 79. gr., geta krafizt yfirmats.

Yfirmatsmenn skulu dómkvaddir af Hæstarétti.

79. gr.

Þegar verðmæti eigna sveitarfélagsins hefur verið ákveðið, samkvæmt 78. gr., og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um allar skuldir þess, skal hlutaðeigandi skiptaráðandi gera úthlutunargerð, samkvæmt ákvæðum skiptalaga, og skulu skuldaskil fara fram samkvæmt henni.

Þær kröfur, sem ekki fást greiddar að einhverju leyti eða öllu samkvæmt úthlutunargerðinni, skulu niður falla.

Ákvæði 76. gr. gilda og um skiptaráðanda, sem gerir úthlutunargerð, samkvæmt grein þessari.

80. gr.

Ráðuneytið skal veita sveitarfélagi lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til greiðslu lausra og óveðtryggðra skulda, sem greiðast eiga samkvæmt úthlutunargerð þeirri, sem um ræðir í 79. gr.

81. gr.

Þegar ákveðin hafa verið skuldaskil sveitarfélags, samkvæmt 78. gr. laga þessara, fer um greiðslur á skuldum sveitarfélagsins, sem þá eru til orðnar, og ráðstöfun á eignum þess, svo og aðför eða kyrrsetningu, samkvæmt ákvæðum laga um gjaldprotaskipti eftir því, sem við getur átt, þar til skuldaskilum er lokið.

g. Um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar.

82. gr.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga, sem óheimilt er að selja eða veðsetja, samkvæmt 11. gr., og eignir sveitarfélaga verða eigi teknar til gjaldprotaskipta, en ráðherra er heimilt að svipta sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipa því fjárhaldsstjórn, ef

- a. sveitarstjórn hefur vanrækt fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuldbindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á,
- b. skuldaskil og lánveiting úr Jöfnunarsjóði, sbr. 80. gr., hefur eigi nægt til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll,

- 58 c. sveitarstjórn vanrækir skyldur sínar, samkvæmt 10. gr. A, svo að vandræði
29. marz hljóttast af.
Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar úrskurði ráðherra.

83. gr.

Rétt er kröfuhafa á hendur sveitarfélagi, sem gert hefur fjárnám í eignum þess án árangurs, að krefjast þess, að ráðherra svipti sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipi því fjárhaldsstjórn.

84. gr.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags samkvæmt 82.—83. gr., skal ráðuneytið skora á sveitarstjórn að gera skil á hinum vangreiddu kröfum, og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest til þess að koma vanskilunum í lag.

85. gr.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þrem mönnum.

Í hreppum skipar hlutaðeigandi sýslunefnd tvo menn í fjárhaldsstjórn, en ráðherra skipar þriðja manninn, sem jafnframt er formaður fjárhaldsstjórnar.

Í kaupstöðum skipar ráðherra alla fjárhaldsstjórnarmenn, og skulu að jafnaði tveir þeirra vera búsettir í kaupstaðnum. Ráðherra skipar og formann fjárhaldsstjórnar.

86. gr.

Nú hefur ráðherra ákveðið að svipta sveitarstjórn fjárforræði sveitarfélags og fjárhaldsstjórn hefur verið skipuð, samkv. 82.—85. gr., og skal þá ráðuneytið gefa út tilkynningu um það, sem auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu, og öðlast ráðstafanir þessar þá gildi þegar í stað.

87. gr.

Á meðan sveitarfélag lýtur fjárhaldsstjórn, samkvæmt 82.—85. gr., má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði, nema með samþykki fjárhaldsstjórnar. Ályktanir sveitarstjórnar, sem hafa kostnað í för með sér, eru ógildar, nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins, á meðan það er undir fjárhaldsstjórn, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

88. gr.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir tiltekið tímabil, sem þó skal eigi vera lengra en eitt og hálf ár. Lok áætlunarinnar skal miða við áramót.

Fjárhagsáætlun þessa skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar, ásamt umsögn sveitarstjórnar.

Eftir að ráðuneytið hefur staðfest áætlunina, gildir hún sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins tiltekið tímabil, sbr. 46. gr. 3. mgr.

Suður-Afríka	10.09
Svíþjóð	10.09
Þýskaland	52.96
	<hr/>
	763.07

II. HLUÐI

Afganistan	1.01
Argentína	18.83
Bólívía	1.06
Brasíla	18.83
Burma	2.02
Ceylon	3.03
Chile	3.53
Colombía	3.53
Costa Rica	0.20
Dóminíkanska lýðveldið	0.40
Ecuador	0.65
El Salvador	0.30
Eþíópía	0.50
Filippseyjar	5.04
Ghana	2.36

SCHEDULE A
INITIAL SUBSCRIPTIONS

(US \$ Millions)*

PART I

Australia	20.18
Austria	5.04
Belgium	22.70
Canada	37.83
Denmark	8.74
Finland	3.83
France	52.96
Germany	52.96
Italy	18.16
Japan	33.59
Luxembourg	1.01
Netherlands	27.74
Norway	6.72
Sweden	10.09
Union of South Africa ..	10.09
United Kingdom	131.14
United States	320.29
	<hr/>
	763.07

PART II

Afganistan	1.01
Argentína	18.83
Bolivia	1.06
Brazil	18.83
Burma	2.02
Ceylon	3.03
Chile	3.53
China	30.26
Colombia	3.53
Costa Rica	0.20
Cuba	4.71
Dominican Republic	0.40
Ecuador	0.65
El Salvador	0.30
Ethiopia	0.50

* In terms of United States dollars of the weight and fineness in effect on January 1, 1960.

59	Grikkland	2.52	Ghana	2.36
29. marz	Guatemala	0.40	Greece	2.52
	Haití	0.76	Guatemala	0.40
	Hondúras	0.30	Haiti	0.76
	Indland	40.35	Honduras	0.30
	Indónesía	11.10	Iceland	0.10
	Írak	0.76	India	40.35
	Íran	4.54	Indonesia	11.10
	Írland	3.03	Iran	4.54
	Ísland	0.10	Iraq	0.76
	Ísrael	1.68	Ireland	3.03
	Jórdan	0.30	Israel	1.68
	Júgóslavía	4.04	Jordan	0.30
	Kína	30.26	Korea	1.26
	Kórea	1.26	Lebanon	0.45
	Kúba	4.71	Libya	1.01
	Libanon	0.45	Malaya	2.52
	Líbýa	1.01	Mexico	8.74
	Malajarikin	2.52	Marocco	3.53
	Marokkó	3.53	Nicaragua	0.30
	Mexíkó	8.74	Pakistan	10.09
	Nicaragua	0.30	Panama	0.02
	Pakistan	10.09	Paraguay	0.30
	Panama	0.02	Peru	1.77
	Paraguay	0.30	Philippines	5.04
	Perú	1.77	Saudi Arabia	3.70
	Samband Arabarikja	6.03	Spain	10.09
	Saudi-Arabía	3.70	Sudan	1.01
	Spánn	10.09	Thailand	3.03
	Súdan	1.01	Tunisia	1.51
	Thailand	3.03	Turkey	5.80
	Túnis	1.51	United Arab Republic ..	6.03
	Tyrkland	5.80	Uruguay	1.06
	Uruguay	1.06	Venezuela	7.06
	Venezuela	7.06	Viet-Nam	1.51
	Viet-Nam	1.51	Yugoslavia	4.04
		<hr/>		<hr/>
		236.93		236.93
		<hr/>		<hr/>
	Alls	1000.00	Total ...	1 000.00
		<hr/>		<hr/>

L Ö G

60

29. marz

um launajöfnuð kvenna og karla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.

2. gr.

Hinn 1. jan. 1962 skulu laun kvenna í starfsgreinum skv. 1. gr. hækka um $\frac{1}{6}$ hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. jan. ár hvert fram til 1967 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir er að veita hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. jan. 1967.

3. gr.

Hin árlega launahækkun skal ákveðin af þriggja manna nefnd — launajafnaðar-nefnd — einum skipuðum af félagsdómi og er hann formaður nefndarinnar, öðrum skipuðum af Alþýðusambandi Íslands og hinum þriðja skipuðum af Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn mann til vara. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir og verða ekki bornar undir dómstóla. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

4. gr.

Stéttarfélög þau, er semja um kaup og kjör fyrir konur í starfsgreinum skv. 1. gr., skulu í nóvembermánuði ár hvert, í fyrsta sinn 1961, sækja um launahækkanir til nefndarinnar og láta fylgja með eintök af viðkomandi kjarasamningum. Tekur nefndin síðan ákvörðun um launahækkun í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. og birtir hana.

Stéttarfélögum er heimilt í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða launahækkun að semja um hækkunina við vinnuveitendur, enda staðfesti nefndin slíka samninga.

5. gr.

Lög þessi skerða ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögín mæla fyrir um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

A 22

61

29. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögregluþjóna í kaupstöðum skipar bæjarstjórn eftir tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

62

29. marz

L Ö G

um afhendingu Þingeyjar í Skjálfafljóti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfafljóti, sem er $\frac{3}{4}$ hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eyinni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

2. gr.

Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

63

29. marz

um lögskráningu sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

2. gr.

Skylt er að lögskrá alla þá menn, sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum, sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Þó þarf eigi að lögskrá:

- a. leiðsögumenn,
- b. eftirlitsmenn með farmi,
- c. verkamenn, er vinna eiga að feringu eða affermingu í höfnum innanlands, þó að þeir fari með skipinu, enda séu þeim ekki ætluð önnur störf á skipinu.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar.

Samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er stött í.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn, er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.
2. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá héraðslendi höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.
3. Hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Skal þá íslenskt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið, ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til lögskráningarstjóra þess, sem lögskráði á skipið um næstu áramót á undan.
Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns, en ráða verði mann á íslenskt skip erlendis, skal skipstjóri þegar tilkynna það til lögskráningarstjóra þess, sem lögskráði á skipið um næstu áramót á undan.
4. Hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi, sem stött er erlendis, skulu þeir lögskráðir, áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
5. Hvert sinn, er íslenskur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella með sama hætti og um getur í 3. lið 4. gr., um lögskráningu í skiprúm.

5. gr.

II. KAFLI

Um lögskráningu á skip, önnur en fiskiskip.

6. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn, nema allir skipsmenn, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Er skipstjóra skylt að sjá um, að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 4. lið 4. gr. og er skipstjóri eigi staddur þar, sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

7. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skal skipstjóri afhenda skráningarstjóra:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefur verið gerð.
5. Viðskiptabækur og sjóferðabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

8. gr.

Þegar skipsmenn allir eru skráðir í senn, skv. 2. lið 4. gr. eða endranær, skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Samgöngumálaráðuneytið ákveður gerð skipshafnarskrár.

Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm, eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána, meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið í aðalskránni, að aukaskrá hafi verið gerð.

9. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómanna-laga og laga um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum svo og reglugerða þeirra, er settar eru samkvæmt þeim lögum.

10. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm samkv. þessum kafla, skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 6. gr.

Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skip af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réð hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

11. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal. Ef lögskráningarstjóri telur samninginn ekki að öllu leyti í samræmi við gildandi

kjarasamninga viðkomandi stéttarsamtaka, skal lögskráningarstjóri benda aðila **63** á það og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Sama gildir, 29. marz ef lögskráningarstjóra virðast einhver ákvæði í samningnum óvenjuleg eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðilum á þau. Vilji báðir aðilar þrátt fyrir það hlíta samningnum, eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bága við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugasvert við samninginn.

12. gr.

Þegar skipstjóri og menn þeir, sem lögskrá skal, hafa undirritað ráðningarsamninginn í viðskiptabók og skipshafnarskrá, skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrár með áritun sinni ásamt þeim skjölum, sem framlögð voru, áður en skráning hófst, sbr. 7. gr., en varðveita sjálfur hitt eintak skipshafnarskrárinnar.

13. gr.

Nú fer lögskráning á hluta skipshafnar eða allri skipshöfn síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er skráð var skv. 2. lið 4. gr., er geymt, og skal þá lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða auka-skrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu. Skal lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, þegar senda þeim, er lögskráði á skipið í ársbyrjun sama ár, afrit af hinni nýju lögskráningu og hann færa það á frumrit það, sem er í hans vörzlu, ásamt viðeigandi athugasemd.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefur eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að lögskrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

14. gr.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja, er slíkrar skráningar er óskað, nema fyrir liggi yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um, að þeir séu því samþykkir.

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók sinni eða viðskiptabók, er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögskráningarstjóra til varðveislu og ráðstöfunar.

Um kaup skipverja, sem haldið er eftir samkvæmt 63. gr. sjómanna laga, fer eftir 70. gr. sömu laga.

III. KAFLI

Um lögskráningu á fiskiskip.

15. gr.

Um lögskráningu sjómanna á skip, sem stunda hvers konar fiskveiðar, gilda sömu ákvæði, er gilda um lögskráningu sjómanna á skip, sem ekki stunda veiðar, með þeim undantekningum, sem greinir í þessum kafla.

16. gr.

Við lögskráningu á skip þau, er um ræðir í þessum kafla, skulu allir þeir menn, sem lögskrá á til þeirra starfa á skipinu, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá á sama hátt og lýst er í II. kafla.

Við lögskráningu þá, er um getur í 2. lið 4. gr., skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá. Sama gildir, ef ákvæði í ráðningarsamningum eru ekki í samræmi við almenna samninga, sem í gildi eru um veiðar þær, sem skipið á að stunda, eða slíkir samningar ekki í gildi.

Að öðru leyti en um getur í næstu málsgrein hér á undan er skipverjum, sem ekki eru ráðnir til réttindastarfa á skipi, eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver þeirra krafizt þess að vera viðstaddur, er hann skal lögskráður, og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

17. gr.

Nú fer lögskráning fram með þeim hætti, sem um getur í 16. gr., enda sé ekki um að ræða lögskráningu samkvæmt 2. lið 4. gr., og skal þá skipstjóri færa á skipshafnarskrá við lögskráningu nöfn þeirra manna, er hann hefur ráðið á skipið og eigi er skylt að mæti sjálfir við lögskráningu, auk nafna þeirra, sem skylt er að vera viðstaddir eða eru það að eigin ósk. Jafnframt skal skipstjóri rita í skipshafnarskrá aðrar þær upplýsingar um ráðna skipverja, sem lögskrá á, en eigi eru viðstaddir, sem tilskilið er, þ. á m. um ráðningarkjör.

Síðan skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, sjá um, að þeir skipverja, sem hafa ekki undirritað skipshafnarskrána, riti nafn sitt á réttum stað á eintak það, er skipstjóri fær af skipshafnarskrá.

18. gr.

Nú ber svo til, að leggja þarf fiskiskipi úr höfn til veiða á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð, og ekki unnt að ljúka lögskráningu á venjulegan hátt, en lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprum, og er þá heimilt, að þeir fari með skipinu án venjulegrar lögskráningar, enda hafi viðkomandi réttindi til þeirra starfa, sem hann er lögskráður til, og skipstjóri eða útgerðarmaður tilkynni lögskráningarstjóra nöfn mannanna og annað, sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Tilkynningin skal vera skrifleg og hafa borizt lögskráningarstjóra eigi síðar en 24 klst. eftir brottför skipsins á þar til gerðu eyðublaði eða í símskeyti.

Sama gildir, ef einn eða fleiri menn eru ráðnir á skip, eftir að almenn lögskráning samkv. 16. gr. hefur farið fram.

19. gr.

Þegar skip lætur úr höfn með einn eða fleiri skipverja, sem ekki hafa verið lögskráðir á venjulegan hátt, sbr. 18. gr., skal skipstjóri, jafnframt því sem hann sér um, að nöfn og upplýsingar séu sendar lögskráningarstjóra, færa nöfn mannanna og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni, sem er í skipinu. Skulu þeir, sem þannig eru lögskráðir, samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

Við næstu lögskráningu skal skipstjóri leggja eintak það af skipshafnarskránni, sem í skipinu er, fyrir lögskráningarstjóra, og skal þá bera hana saman við frumeintak lögskráningarstjóra og þær tilkynningar, sem honum hafa borizt. Enn fremur skal lögskráningarstjóri athuga, hvort allir þeir, sem mættu ekki við lögskráningu hjá lögskráningarstjóra eða lögskráðir hafa verið síðar samkvæmt 18. gr., hafa áritað eintak skipstjóra af skipshafnarskrá. Að athugun lokinni ritar lögskráningarstjóri niðurstöður sínar í eintak það af skipshafnarskránni, sem er í hans vörzlum.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

63

29. marz

20. gr.

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 7. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnar-skrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

Þegar lögskráð er í skipprúm, skal lögskráningarstjóri einnig rannsaka, hvort nokkuð í framlögðum skjölum sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

21. gr.

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefur verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa mála-
vexti.

22. gr.

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl, þau er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

23. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er samgöngumálaráðuneytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

24. gr.

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs skrifstofutíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árdegis til kl. 5 síðdegis, og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðdegis.

25. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að kr. 10 000.00, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

26. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með að hætti opinberra mála.

63

27. gr.

29. marz Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 53 19. maí 1930, um lögskráningu sjómanna.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

64

L Ö G

29. marz

um breyting á lögum nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í síðari málsgrein 5. gr. laganna í stað orðanna „minnst 5 milljónir króna á ári“ komi: minnst 6.5 milljónir króna á ári.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Til bygginga íbúðarhúsa á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þúsund krónur á hverju býli. Framlagið greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, enda hafi byggingarfulltrúi staðfest með vottorði, að fullnægt hafi verið settum skilyrðum um frágang byggingarinnar.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.0 milljónir króna árlega, í fyrsta sinn árið 1962.

3. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt lögum nr. 49 frá 11. júní 1960, greiðir ríkissjóður 6.0 milljónir króna á ári næstu 4 ár frá og með árinu 1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög,
nr. 12 2. apríl 1946.

65

29. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

- e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna, allt að kr. 350 000 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 5/1956.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

66

29. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 81. löggjafarþingi, skuli slitið í dag. Mun ég því slíta Alþingi í dag, miðvikudaginn 29. marz 1961.

Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

67

6. apríl

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Bretlands um gagnkvæma undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds.

Með erindaskiptum milli sendiherra Íslands í London og brezka utanríkisráðuneytisins, dags. 22. og 27. marz 1961, var gengið frá samkomulagi um gagnkvæma undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds í sambandi við kaup eða leigusamning á húsnæði fyrir sendiráð og sendiráðsstarfsmenn beggja landanna.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. apríl 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um loftferðasamning milli Íslands og Finnlands.

68

26. apríl

Hinn 10. marz 1960 var undirritaður í Helsingfors loftferðasamningur milli Íslands og Finnlands.

Samningurinn gekk í gildi við undirritun og gildir um óákveðinn tíma með 12 mánaða uppsagnarfresti.

Samningurinn var gerður á sænsku og birtist hér með sem fylgiskjal með auglýsingu þessari íslensk þýðing á samningnum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 26. apríl 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

LOFTFERÐASAMNINGUR

milli Íslands og Finnlands.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn lýðveldisins Finnlands, sem hafa hug á að gera með sér samning um flugsamgöngur milli Íslands og Finnlands, hafa í því skyni skipað fulltrúa með fullu umboði, sem hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar veita hvor öðrum þau réttindi að annast þær flugferðir, sem um er rætt í viðbæti þessa samnings. Flugferðir má hefja þegar í stað eða síðar, samkvæmt ákvörðun þess samningsaðila, sem réttindin hefur hlotið.

2. gr.

a) Nú hefur annar samningsaðilinn veitt hinum réttindi til að annast flugferðir, og má þá síðarnefndi aðilinn hefja reksturinn jafnskjótt og hann hefur tilnefnt flugfélag, eða flugfélög, sem taki að sér reksturinn, og sá samningsaðilinn, sem réttindin hefur veitt, hefur gefið út nauðsynleg leyfi vegna rekstursins til handa hinu tilnefnda flugfélagi eða -félögum. Að tilskildum ákvæðum 7. gr. hér á eftir er aðila skylt að veita slíkt leyfi þegar í stað.

b) Sá samningsaðili, sem veitir framangreind réttindi, getur krafizt þess af hinu tilnefnda flugfélagi eða flugfélögum, að áður en réttindi eru veitt til að hefja flugferðir, sé sannað, að það eða þau uppfylli öll skilyrði í lögum þeim og ákvæðum, sem í gildi eru á yfirráðasvæði hans.

3. gr.

Flugmálayfirvöld samningsaðilanna skulu að jafnaði bera saman ráð sín og hafa með sér samvinnu, þegar um er að ræða að hafa í heiðri þær grundvallarreglur og annast framkvæmd þeirra ákvæða, sem fram eru tekin í þessum samningi og viðbæti hans.

68

26. apríl

4. gr.

- a) Samningsaðilar eru ásáttir um, að gjöld fyrir afnot flughafna þeirra og annarra hjálpartækja, sem hvor samningsaðili kann að leggja á flugfélög hins, skuli ekki vera hærri en gjöld innlendra loftfara, sem fást við sams konar flutning milli landa, fyrir afnot slíkra flughafna og hjálpartækja.
- b) Eldsneyti, smurningsoliur og varahlutir, sem flutt er til landssvæðis annars samningsaðila af flugfélagi, tilnefndu af hinum aðilanum, eða fyrir reikning slíks flugfélags eða flutt um borð þar, og ætlað er eingöngu loftförum þess félags, skal njóta sömu kjara um tollaálögur, skoðunargjöld eða önnur innanlandsgjöld og gilda um innlend flugfélög eða flugfélög þeirra ríkja, sem beztu kjara njóta.
- c) Eldsneyti, smurningsoliur og varahlutir, venjulegur útbúnaður og vistir, sem eru um borð í loftförum, öðrum en hernaðarloftförum, og eru eign þeirra flugfélaga annars samningsaðilans, sem hafa leyfi til að starfrækja flugferðir samkvæmt ákvæðum samnings þessa, skulu undanþegin tollaálögum, skoðunargjöldum og öðrum slíkum gjöldum við komu til eða burtför frá landsvæði hins samningsaðilans, jafnvel þótt loftförin noti slíkar birgðir á flugi innan þess landsvæðis.

5. gr.

Lofthæfnisskirteini, hæfnisskirteini áhafna og leyfisbréf, sem gefin eru út eða staðfest af öðrum samningsaðilanum, skulu viðurkennd af hinum aðilanum, og að því er við kemur starfrækslu þeirra flugferða, sem í samningnum greinir. Hvor aðili áskilur sér þó rétt til að synja um viðurkenningu, að því er snertir flug yfir landsvæði hans, á hæfnisskirteinum og leyfisbréfum, sem út eru gefin af öðru ríki handa hans eigin ríkisborgurum.

6. gr.

- a) Lög um ákvæði annars samningsaðilans um komu loftfara í millilandaflugi til eða brottför frá landsvæði hans, svo og um starfrækslu og stjórn slíkra loftfara, meðan þau eru innan landsvæðis hans, skulu gilda um loftför flugfélags eða félaga hins aðilans.
- b) Farþegar, áhöfn og sendandi varnings, sem fluttur er loftleiðis, skulu, annað hvort sjálfir, eða með aðstoð þriðja aðila, sem kemur fram á þeirra vegum og fyrir þeirra reikning, fylgja þeim lögum og ákvæðum, sem gilda á landsvæði hvors samningsaðila, um komu, dvöl og brottför farþega, áhafnar eða farms, svo og ákvæðum um komu, brottför, innflytjendur, vegabréf, toll og sóttkví.

7. gr.

Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að synja flugfélagi, sem hinn aðilinn hefur tilnefnt, um réttindi, eða afturkalla slík réttindi, þegar ekki er talið nægilega upplýst, að það séu ríkisborgarar hins aðilans, sem að verulegu leyti eigi og stjórnri flugfélaginu, eða þegar flugfélag þetta lætur undir höfuð leggjast að fylgja lögum og ákvæðum þess lands, sem félagið rekur loftferðir um, sbr. 6. gr. hér að ofan, eða fullnægir ekki skuldbindingum þeim, sem samningur þessi og viðbætir hans leggja því á herðar.

8. gr.

Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er farið þess á leit við hinn samningsaðilann, að hafnar verði viðræður um breytingar á þessum samningi eða viðbæti hans. Slíkar viðræður skulu hefjast áður en 60 dagar eru liðnir frá því að beiðnin kom fram. Breytingar taka gildi, er þær hafa verið staðfestar með diplómátskum erindum.

9. gr.

68

26. apríl

Sérhverjum ágreiningi milli samningsaðila varðandi skýringu eða framkvæmd á samningi þessum og viðbæti hans, sem ekki hefur tekizt að jafna með viðræðum, skal vísað til gerðardóms, skipuðum þremur gerðardómsmönnum. Tilnefna samningsaðilar einn mann hvor í dóminn, og skulu þeir koma sér saman um oddamann, sem jafnframt skal vera formaður. Oddamaðurinn má ekki vera ríkisborgari í landi samningsaðila. Samningsaðilar skulu hafa tilnefnt gerðardómsmenn sína í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá þeim degi, er annarhvor aðilinn hefur afhent hinum erindi eftir diplómátskum leiðum, þar sem krafizt er gerðardóms, og skulu þeir hafa náð samkomulagi um oddamann í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að þeir voru tilnefndir.

Nú hefur annarhvor samningsaðila ekki tilnefnt sinn gerðardómsmann innan tveggja mánaða, eða ekki er unnt að ná samkomulagi um oddamann innan hins tiltekna tíma, og getur þá hvor samningsaðili sem er krafizt þess, að forseti Alþjóðadómstólsins tilnefni gerðardómsmann eða gerðardómsmenn. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hlýða hverjum þeim úrskurði, sem gerðardómurinn kveður upp. Kostnaði við gerðardóminn skal skipt til helminga milli aðilanna.

10. gr.

Nú tekur alþjóðasamningur um loftferðir gildi hjá báðum samningsaðilum, og skulu þeir þá sín á milli samræma ákvæði þessa samnings og viðbætis hans ákvæðum slíks alþjóðasamnings.

11. gr.

Hvor aðili um sig getur tilkynnt hinum, að hann vilji segja upp samningi þessum. Sé slík tilkynning send, skal samningurinn falla úr gildi 12 mánuðum eftir að hinn aðilinn tók við henni, nema samkomulag hafi orðið um að afturkalla tilkynninguna, áður en fresturinn er liðinn.

12. gr.

Samning þennan og hvert það samkomulag, sem honum er tengt, skal skrásetja hjá alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

13. gr.

Samningur þessi gengur í gildi þann dag, sem hann er undirritaður. Þessu til staðfestu hafa þeir fulltrúar, sem til þess hafa gild umboð, undirritað og innsiglað þennan samning.

Gjört í Helsingfors hinn 10. marz 1960 í tveimur eintökum á sænsku.

Fyrir ríkisstjórn Íslands

Fyrir ríkisstjórn Finnlands

Magnús V. Magnússon.

Reino Palas.

VIÐBÆTIR

I.

Ríkisstjórn Finnlands heimilar ríkisstjórn Íslands að láta flugfélög, eitt eða fleiri, sem ríkisstjórn Íslands tilnefnir, starfrækja flugferðir milli Íslands og Finnlands og áfram, beina eða með viðkomu á stöðum þar í milli, í báðar áttir.

68

26. apríl

Ríkisstjórn Íslands heimilar ríkisstjórn Finnlands að láta flugfélög, eitt eða fleiri, sem ríkisstjórn Finnlands tilnefni, starfrækja flugferðir milli Finnlands og Íslands og áfram, beint eða með viðkomu á stöðum þar í milli, í báðar áttir.

II.

III.

Flugfélög, sem hvor sammingsaðili um sig hefur tilnefnt, skulu á landssvæði hins aðilans eiga rétt á að taka við og skila farþegum, vörum og pósti í millilandaflugi við komu til eða burtför frá landssvæði þess síðarnefnda og til og frá þriðja landi.

69

9. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að síldarútvegsnefnd hafi, eins og undanfarin ár, verið veittur einkaréttur til að selja og flytja til útlanda alla saltsíld og eðlilegt þyki, að félögum síldarsaltenda, sem verka síldina til útfutnings, gefist kostur á að tilnefna menn í nefndina. Beri því brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 74 29. desember 1934 í þessa átt.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. grein laganna bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili Síldarútvegsnefndar, er nú situr, skulu skipaðir í nefndina tveir fulltrúar til viðbótar þeim 5, sem fyrir eru og tveir til vara. Skal Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi tilnefna annan fulltrúann ásamt varamanni og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi hinn og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

70

6. júní

um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflugs íslenzkra flugvéla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að komið hafi til stöðvunar á starfsemi þeirra tveggja íslenzku flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum, vegna stöðvunar á benzínafgreiðslu og annarri vinnu hjá félögum þessum, sakir verkfalla þeirra, sem nú eru hafin.

Verði framhald á þessu og flugfélögin þannig neydd til að fella niður alla starfsemi sína, jafnvel um langan tíma, mundi það valda þeim stórkostlegu tjóni og væri rekstrargrundvelli þeirra stefnt í beinan voða og framtíðarstarfsemi þeirra teflt í mikla tvísýnu.

Stöðvun á millilandaflugi hinna íslenzku flugfélaga, sem halda uppi umfangsmiklum flutningum farþega á erlendum flugleiðum, mundi nú er þúsundum erlendra ferðamanna hefur verið heitið fari með flugvélum félaga þessara, verða félögunum óbætanlegur álitshnekkir og íslenzku þjóðinni allri til vansæmdar og mundi taka langan tíma að endurheimta traust það á alþjóðavettvangi, sem íslenzk flugfélög hafa aflað sér, með löngu og happadrjúgu starfi.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun áætlunarflugs í millilandaflugi á vegum íslenzku flugfélaganna, með því að tryggja flugvélum, sem í slíkum ferðum eru, hindrunarlausa umferð og afgreiðslu á flugvöllum hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Óheimilt skal að stöðva eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu eldsneytis til þeirra flugvéla íslenzku flugfélaganna, sem eru í áætlunar- eða leiguflogi milli landa, svo skal og óheimilt að stöðva eða torvelda aðra starfsemi viðkomandi millilandaflugi, á íslenzkum flugvöllum eða á annan hátt.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum, enda liggja ekki þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri, 6. júní 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

71

18. apríl

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamningsins milli Íslands og Kúba.

Hinn 7. apríl 1961 var undirritaður í New York samningur um að framlengja viðskiptasamning Íslands og Kúbu frá 3. október 1955 óbreyttan til 3. október 1964.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 18. apríl 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

72

25. apríl

AUGLÝSING

um samning um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 25. apríl 1961 var undirritaður í Reykjavík samningur um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna.

Samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gekk í gildi við undirritun og gildir þar til 6 mánuðir eru liðnir frá því að annar hvor samningsaðili segir honum upp.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 25. apríl 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, er óska að efla menningar-, vísinda- og tæknitengsl milli þessara landa með það fyrir augum að styrkja enn vinsamlega sambúð milli íslenzku þjóðarinnar og Sovétþjóðanna, og hafa í huga óskir beggja landanna um friðsamlega sambúð, hafa ákveðið að gera samning þennan:

1. gr.

Samningsaðilar munu á allan hátt stuðla að eflingu menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli landanna á grundvelli meginreglanna um virðingu fyrir fullveldi, afskiptaleysi af innanríkismálum, jafnrétti og vinsamleg samskipti.

2. gr.

72

25. apríl

Samningsaðilar munu stuðla að eflingu samvinnu og samskipta á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar, fræðslumála, leiklistar, kvikmynda, bókmennta, myndlista og hljómlistar, með því að greiða fyrir ferðum sendinefnda og einstakra fulltrúa menningarmála, vísindamanna, kennslufrömuða, stúdenta og sérfræðinga, með því að greiða fyrir ferðum listamanna til hljómleikahalds og fyrir sýningum, svo og með því að greiða fyrir þýðingum og útgáfum í báðum löndum á skáldverkum og vísinda- og tækniritum hins landsins.

3. gr.

Samningsaðilar munu, eftir því sem um semur, greiða fyrir skiptum á sendinefndum úr hópi félagssamtaka, er starfa að vináttu- og menningarsamskiptum, samtaka verkamanna, verkalýðsfélaga, æskulýðssamtaka og annarra samtaka, sem óbundin eru ríkisstjórnnum, á Íslandi og í Sovétríkjunum, í því skyni að öðlast reynslu af og kynnast menningar- og félagslífi hins landsins, enda taki umrædd samtök ákvörðun og framkvæmd slíkra skipta.

4. gr.

Samningsaðilar, er telja mjög þýðingarmikið, að aukning verði á ferðamanna-skiptum milli landanna, þar eð slíkt tengir þjóðirnar nánari böndum, munu stuðla að ferðalögum eins margra ferðamanna til hins landsins og mögulegt er, og veita þeim hvers konar fyrirgreiðslu, er þeir ferðast með það fyrir augum að kynnast lífi, starfi og menningu þjóðanna.

5. gr.

Þær menningar-, vísinda-, íþrótt- og aðrar stofnanir, sem með slík mál fara í hvoru landi um sig, skulu undirbúa og framkvæma virkar ráðstafanir samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Samningur þessi gengur í gildi við undirskrift og heldur gildi sínu unz 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er annarhvor samningsaðili tilkynnir hinum ósk sína um að hann falli úr gildi.

Hann er gerður í Reykjavík 25. apríl 1961, í tveimur eintökum, báðum á íslenzku og rússnesku, og eru textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

A. M. Alexandrov.

Guðm. Í. Guðmundsson.

73

15. maí

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París, hinn 5. maí 1961, var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 framlengdur til 31. desember 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 15. maí 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

74

30. maí

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samningnum um hina alþjóðlegu framfarastofnun (IDA).

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59 frá 29. marz 1961 hefur Ísland gerzt aðili að hinni alþjóðlegu framfarastofnun (International Development Association).

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í Washington hinn 19. maí 1961 og aðildarskjal Íslands að samningnum afhent sama dag.

Miðast gildistaka samningsins að því er Ísland varðar við 19. maí 1961.

Orðalag samningsins um hina alþjóðlegu framfarastofnun er birt með lögum nr. 59 frá 29. marz 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. maí 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

75

17. maí

um fullgildingu alþjóðasamþykktar um lágmark félagslegs öryggis.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis frá 30. maí 1958 hefur fullgildingarskjal Íslands að samþykkt alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) um lágmark félagslegs öryggis, sem gerð var á 35. þingi alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf 28. júní 1952 verið skrásett hjá stofnuninni.

Samningurinn gengur í gildi að því er Ísland varðar 12 mánuðum eftir að fullgildingin fór fram eða hinn 20. febrúar 1962.

Fullgilding Íslands var að svo stöddu takmörkuð við V. kafla um ellilífeyri, VII. kafla um fjölskyldubætur og IX. kafla um örorkubætur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. maí 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

CONVENTION

NR. 102 UM LÁGMARK FÉLAGSLEGS ÖRYGGIS (1952)

CONCERNING MINIMUM STANDARDS OF SOCIAL SECURITY

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar kom saman í þrítugasta og fimmta sinn 4. júní 1952 í Genf, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, og eftir að hafa ákveðið að fallast á tilteknar tillögur um lágmark félagslegs öryggis, sem fólgnar eru í fimmta dagskrárlið þingsins, og eftir að hafa ákveðið, að þessar tillögur skyldu gerðar í formi alþjóðlegrar samþykktar, gerir þingið í dag, hinn 28. júní 1952, eftirfarandi samþykkt, sem vitna má til sem Samþykktarinnar frá 1952 um félagslegt öryggi (lágmarksákveði):

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Thirty-fifth Session on 4 June 1952, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to minimum standards of social security, which are included in the fifth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-eighth day of June of the year one thousand nine hundred and fifty-two the following Convention, which may be cited as the Social Security (Minimum Standards) Convention, 1952:

75
17. maí

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari
- (a) merkir orðið „tiltekið“ það, sem tiltekið er með eða samkvæmt landslögum eða reglugerðum;
 - (b) merkir orðið „heimili“ venjulegan dvalarstað í landi aðildarríkisins, og orðin „maður, sem á heimili“ þann mann, sem að staðaldri dvelur í landi aðildarríkisins;
 - (c) merkir orðið „eiginkona“ þá konu, sem framfærð er af manni sínum;
 - (d) merkir orðið „ekkja“ konu, sem var á framfæri manns síns, er hann lézt;
 - (e) merkir orðið „barn“ barn á skólaaldri, eða undir 15 ára aldri, eftir því, sem tiltekið kann að vera;
 - (f) merkir orðið „réttindavinnslutími“ iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, aðseturstíma eða þetta allt sameiginlega, eftir því sem tiltekið kann að vera.

2. Í greinunum 10, 34 og 49 merkir orðið „bætur“ ýmist beinar bætur í formi umönnunar, eða óbeinar bætur í því innifaldar, að endurgreiddur sé kostnaður, er hlutaðeigandi maður hefur sjálfur borið.

2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, skal

- (a) breyta eftir:
 - (i) fyrsta kafla;
 - (ii) að minnsta kosti þremur af köflunum II, III, IV, V, VI, VII, VIII, IX og X og þar af a. m. k. einum af köflunum IV, V, VI, IX og X;
 - (iii) þeim ákvæðum XI., XII. og XIII. kafla, sem við eiga; og
 - (iv) XIV. kafla; og
- (b) um leið og það fullgildir samþykktina, tilgreina hverra af köflunum II.—X. það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar taka til.

PART I
General Provisions

Article 1

1. In this Convention—
- (a) the term “prescribed” means determined by or in virtue of national laws or regulations;
 - (b) the term “residence” means ordinary residence in the territory of the Member and the term “resident” means a person ordinarily resident in the territory of the Member;
 - (c) the term “wife” means a wife who is maintained by her husband;
 - (d) the term “widow” means a woman who was maintained by her husband at the time of his death;
 - (e) the term “child” means a child under school-leaving age or under 15 years of age, as may be prescribed;
 - (f) the term “qualifying period” means a period of contribution, or a period of employment, or a period of residence, or any combination thereof, as may be prescribed.

2. In Articles 10, 34 and 49 the term “benefit” means either direct benefit in the form of care or indirect benefit consisting of a reimbursement of the expenses borne by the person concerned.

Article 2

Each Member for which this Convention is in force—

- (a) shall comply with—
 - (i) Part I;
 - (ii) at least three of Parts II, III, IV, V, VI, VII, VIII, IX and X, including at least one of Parts IV, V, VI, IX, and X;
 - (iii) the relevant provisions of Parts XI, XII and XIII;
 - (iv) Part XIV; and
- (b) shall specify in its ratification in respect of which of Parts II to X it accepts the obligations of the Convention.

3. gr.

1. Sé svo ástatt um aðildarríki, að efnahagsmál þess og heilbrigðismál séu á lítt þroskuðu stigi, skal því heimilt, ef eða á meðan rétt stjórnvöld telja það nauðsynlegt, að færa sér í nyt með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjalinu, þær undantekningar um stundarsakir, sem gert er ráð fyrir í eftirtöldum greinum: 9 (d); 12 2; 15 (d); 18 2; 21 (c); 27 (d); 33 (b); 34 3; 41 (d); 48 (c); 55 (d); og 61 (d).

2. Hvert það aðildarríki, sem gert hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal taka upp í árs-skýrslu sína um framkvæmd þessarar samþykktar, þá er gefin er samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, yfirlýsingu varðandi hverja þá undantekningu, er það færir sér í nyt, um

- (a) að ástæðan til þess, að svo er gert, sé enn fyrir hendi; eða
(b) að það afsali sér réttinum til þess að færa sér í nyt umrædda undantekningu frá tilteknum degi.

4. gr.

1. Hverju því aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, skal síðar heimilt að tilkynna framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálastofunnar, að það taki á sig skuldbindingar samþykktarinnar, að því er varðar einn eða fleiri af öðrum til tíunda kafla, þeirra sem ekki eru þegar tilteknir í fullgildingarskjali þess.

2. Þær skuldbindingar, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skulu teljast heildarhluti fullgildingarskjalsins, og hafa sama gildi og það, frá tilkynningardeginum að telja.

5. gr.

Þar sem þess er krafizt af aðildarríki, til þess að fullnægt sé II.—X. kafla samþykktar þessarar að svo miklu leyti sem fullgildingin nær til þeirra, að það verndi tiltekna flokka manna, svo að ekki nemi minna en ákveðinni hundraðstölu starfs-

Article 3

75

17. maí

1. A Member whose economy and medical facilities are insufficiently developed may, if and for so long as the competent authority considers necessary, avail itself, by a declaration appended to its ratification, of the temporary exceptions provided for in the following Articles: 9 (d); 12 (2); 15 (d); 18 (2); 21 (c); 27 (d); 33 (b); 34 (3); 41 (d); 48 (c); 55 (d); and 61 (d).

2. Each Member which has made a declaration under paragraph 1 of this Article shall include in the annual report upon the application of this Convention submitted under Article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation a statement, in respect of each exception of which it avails itself—

- (a) that its reason for doing so subsists; or
(b) that it renounces its right to avail itself of the exception in question as from a stated date.

Article 4

1. Each Member which has ratified this Convention may subsequently notify the Director-General of the International Labour Office that it accepts the obligations of the Convention in respect of one or more of Parts II to X not already specified in its ratification.

2. The undertakings referred to in paragraph 1 of this Article shall be deemed to be an integral part of the ratification and to have the force of ratification as from the date of notification.

Article 5

Where, for the purpose of compliance with any of the Parts II to X of this Convention which are to be covered by its ratification, a Member is required to protect prescribed classes of persons constituting not less than a specified

75 fólks eða íbúa, skal aðildarríkið, áður en 17. maí það skuldbindur sig til að fullnægja nokkrum þeirra kafla, ganga úr skugga um það, að náð hafi verið umræddri hundraðstölu.

6. gr.

Til þess að fullnægja II., III., IV., V., VIII. (að svo miklu leyti, sem hann fjallar um læknishjálp), IX. eða X. kafla samþykktar þessarar, skal aðildarríki heimilt að taka tillit til þeirrar verndar, sem með tryggingu er fengin, enda þótt þeir aðilar, sem tryggja ber, séu ekki með landslögum eða reglugerðum skyldaðir til slíkrar tryggingar, enda sé hún:

- (a) undir eftirliti opinberra stjórnvalda, eða framkvæmd svo að fullnægi tilteknum kröfum, með samvinnu milli atvinnurekenda og verkafólks;
- (b) svo víðtæk, að hún taki til verulegs hluta þess fólks, sem ekki hefur meiri tekjur af vinnu sinni en faglærðir karlmenn í annarra þjónustu; og
- (c) ásamt annarri vernd, þar sem um slíkt er að ræða, svo að fullnægi viðeigandi ákvæðum samþykktarinnar.

II. KAFLI
Læknishjálp.

7. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessum kafla samþykktar þessarar, skal tryggja hinum tryggðu, að bætur séu veittar í hverju því tilfalli, þar sem læknishjálpar er þörf, hvort heldur til lækningar eða varnar, samkvæmt eftirfarandi greinum þessa kafla.

8. gr.

Þau tilfalli, sem undir þetta koma, skulu taka til allra veikinda, af hverju sem þau stafa, svo og meðgöngu kvenna, barnsburðar og afleiðinga þess.

9. gr.

Tryggingin skal ná til þeirra, sem hér greinir:

percentage of employees or residents, the Member shall satisfy itself, before undertaking to comply with any such Part, that the relevant percentage is attained.

Article 6

For the purpose of compliance with Parts II, III, IV, V, VIII (in so far as it relates to medical care), IX or X of this Convention, a Member may take account of protection effected by means of insurance which, although not made compulsory by national laws or regulations for the persons to be protected—

- (a) is supervised by the public authorities or administered, in accordance with prescribed standards, by joint operation of employers and workers;
- (b) covers a substantial part of the persons whose earnings do not exceed those of the skilled manual male employee; and
- (c) complies, in conjunction with other forms of protection, where appropriate, with the relevant provisions of the Convention.

PART II
Medical Care

Article 7

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of benefit in respect of a condition requiring medical care of a preventive or curative nature in accordance with the following Articles of this Part.

Article 8

The contingencies covered shall include any morbid condition, whatever its cause, and pregnancy and confinement and their consequences.

Article 9

The persons protected shall comprise—

- (a) tiltekinna flokka kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega, og sömuleiðis til eiginkvenna þeirra og barna; eða
- (b) tiltekinna stétta arðbærlega starfandi manna, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúanna og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna; eða
- (c) tiltekinna stétta íbúanna, svo að eigi séu færri en 50% þeirra allra; eða
- (d) þar sem í gildi er yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr., tiltekinna stétta kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri, og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna.
- (a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees, and also their wives and children; or
- (b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents, and also their wives and children; or
- (c) prescribed classes of residents, constituting not less than 50 per cent. of all residents; or
- (d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more, and also their wives and children.

10. gr.

1. Aðstoðin skal að minnsta kosti fela það í sér, sem nú greinir:

- (a) Þegar um veikindi er að ræða:
- (i) aðstoð venjulegs læknis, þar með taldar heimavitjanir;
 - (ii) aðstoð sérfróðs læknis í sjúkrahúsum fyrir legusjúklinga og heimangöngusjúklinga, og þá sérfræðingsaðstoð, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúsa;
 - (iii) nauðsynleg lyf og umbúðir, eftir því sem læknir fyrirskipar; og
 - (iv) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf; og
- (b) þegar um er að ræða meðgöngu kvenna og barnsburð og afleiðingar þess:
- (i) aðstoð annaðhvort læknis eða lærðrar ljósmóður, fyrir, við og eftir barnsburð; og
 - (ii) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf.

2. Krefjast má þess, að bótaþegi eða fyrirvinna hans taki þátt í kostnaði vegna lækninga, sem hann nýtur vegna

Article 10

1. The benefit shall include at least—

- (a) in case of a morbid condition—
- (i) general practitioner care, including domiciliary visiting;
 - (ii) specialist care at hospitals for in-patients and out-patients, and such specialist care as may be available outside hospitals;
 - (iii) the essential pharmaceutical supplies as prescribed by medical or other qualified practitioners; and
 - (iv) hospitalisation where necessary; and
- (b) in case of pregnancy and confinement and their consequences—
- (i) pre-natal, confinement and post-natal care either by medical practitioners or by qualified midwives; and
 - (ii) hospitalisation where necessary.

2. The beneficiary or his breadwinner may be required to share in the cost of the medical care the beneficiary receives

75 veikinda. Reglurnar um slíka þátttöku
17. maí í kostnaðinum skulu miða að því, að af-
stýrt sé harðrétti.

3. Aðstoð veitt samkvæmt þessari grein skal veitt í þeim tilgangi að rétta við, viðhalda eða bæta heilsu hins tryggða og hæfileika hans til að starfa og sjá sér farborða.

4. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, sem aðstoðinni stjórna, skulu með þeim ráðum, sem kunna að teljast henta, hvetja hina tryggðu til þess að færa sér í nyt hina almennu heilsuþjónustu, sem stjórnvöldin eða aðrar stofnanir viðurkenndar af stjórnvöldunum veita þeim aðgang að.

11. gr.

Sú aðstoð, sem 10. gr. tiltekur, skal í þeim tilfellum, sem undir trygginguna falla, tryggð að minnsta kosti þeim aðila, sem hún tekur til, ef hann, eða fyrirvinna hans, hefur lokið þeim réttindavinnslutíma, er kann að teljast nauðsynlegur, til þess að girða fyrir misnotkun.

12. gr.

1. Aðstoð þá, er 10. gr. tiltekur, skal veita svo lengi sem það ástand varir, sem tryggingin tekur til, nema hvað í veikindatilfellum má takmarka timalengdina við 26 vikur í hverju tilfelli, en eigi skal aðstoðinni hætt meðan greiðslum sjúkrabóta er haldið uppi, og gera skal ráðstafanir til þess að lengja megi tímann vegna tiltekinna sjúkdóma, sem viðurkennt er að krefjist langvarandi hjúkrunar.

2. Þegar yfirlýsing gerð samkvæmt 3. gr. er í gildi, má takmarka aðstoðartímann við 13 vikur í hverju tilfelli.

III. KAFLI Sjúkrabætur.

13. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessum kafla samþykktar þessarar,

in respect of a morbid condition; the rules concerning such cost-sharing shall be so designed as to avoid hardship.

3. The benefit provided in accordance with this Article shall be afforded with a view to maintaining, restoring or improving the health of the person protected and his ability to work and to attend to his personal needs.

4. The institutions or Government departments administering the benefit shall, by such means as may be deemed appropriate, encourage the persons protected to avail themselves of the general health services placed at their disposal by the public authorities or by other bodies recognised by the public authorities.

Article 11

The benefit specified in Article 10 shall, in a contingency covered, be secured at least to a person protected who has completed, or whose breadwinner has completed, such qualifying period as may be considered necessary to preclude abuse.

Article 12

1. The benefit specified in Article 10 shall be granted throughout the contingency covered, except that, in case of a morbid condition, its duration may be limited to 26 weeks in each case, but benefit shall not be suspended while a sickness benefit continues to be paid, and provision shall be made to enable the limit to be extended for prescribed diseases recognised as entailing prolonged care.

2. Where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, the duration of the benefit may be limited to 13 weeks in each case.

PART III Sickness Benefit

Article 13

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure

skal tryggja hinum tryggðu sjúkrabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

14. gr.

Tryggingin skal ná til þess, er maður verður vanhæfur til vinnu vegna veikinda, ef það veldur því, að hlutaðeigandi hætti í bili að geta unnið fyrir kaup, eftir því sem landslög eða reglugerðir skýra það.

15. gr.

Tryggingin skal ná til:

- (a) Tiltekinna flokka kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega; eða
- (b) tiltekinna stétta arðbærlega starfandi fólks, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúanna; eða
- (c) allra íbúa, sem meðan ástandið, sem tryggingin nær til, varir, hafa fjárráð undir því marki, er ákveðið sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
- (d) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

16. gr.

1. Þegar kaupþegastéttir eða arðbærlega vinnandi stéttir þjóðfélagsins eru tryggðar, skulu bæturnar vera greiðslur, inntar af hendi á ákveðnum fresti, og með þeim hætti útreiknaðar, að þær séu í samræmi við ákvæði annaðhvort 65. gr. eða 66. gr.

2. Nú eru allir íbúar, sem hafa fjárráð undir ákveðnu marki meðan ástandið varir, tryggðir, og skulu bæturnar þá vera greiðslur, er inntar séu af hendi með vissu millibili og reiknaðar í samræmi við 67. gr.

17. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 16. gr., skulu, í þeim tilfellum, sem þær ná til,

to the persons protected the provision 75 of sickness benefit in accordance with 17. maí the following Articles of this Part.

Article 14

The contingency covered shall include incapacity for work resulting from a morbid condition and involving suspension of earnings, as defined by national laws or regulations.

Article 15

The persons protected shall comprise—

- (a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or
- (b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents; or
- (c) all residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or
- (d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

Article 16

1. Where classes of employees or classes of the economically active population are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66.

2. Where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

Article 17

The benefit specified in Article 16 shall, in a contingency covered, be se-

75 tryggðar að minnsta kosti þeim tryggð-
17. maí um manni, er lokið hefur þeim réttinda-
vinnslutíma, sem teljast kann nauðsyn-
legur, til þess að girt sé fyrir misnotkun.

cured at least to a person protected who
has completed such qualifying period
as may be considered necessary to pre-
clude abuse.

18. gr.

1. Sá styrkur, sem um ræðir í 16. gr.,
skal greiddur meðan ástandið varir,
nema hvað takmarka má bótatímamann við
26 vikur í hverju veikindatilfelli, og þarf
þá ekki að greiða hann þrjá fyrstu dag-
ana eftir að tekjur féllu niður.

Article 18

1. The benefit specified in Article 16
shall be granted throughout the con-
tingency, except that the benefit may be
limited to 26 weeks in each case of sick-
ness, in which event it need not be paid
for the first three days of suspension of
earnings.

2. Þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt
3. grein er í gildi, má takmarka bóta-
greiðslutímamann við:

2. Where a declaration made in vir-
tue of Article 3 is in force, the duration
of the benefit may be limited—

(a) Það tímabil, að heildartala sjúkra-
bótadaga á einu og sama ári sé ekki
lægri en tífalt meðaltal tryggðra
manna á því ári; eða

(a) to such period that the total number
of days for which the sickness bene-
fit is granted in any year is not less
than ten times the average number
of persons protected in that year;
or;

(b) 13 vikur í hverju veikindatilfelli,
og þarf þá ekki að greiða fyrir
fyrstu þrjá dagana eftir að tekjur
féllu niður.

(b) to 13 weeks in each case of sickness,
in which event it need not be paid
for the first three days of suspen-
sion of earnings.

IV. KAFLI

Atvinnuleysisbætur.

19. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli
samþykktar þessarar tekur til, skal
tryggja hinum tryggðu atvinnuleysis-
bætur í samræmi við eftirfarandi greinar
þessa kafla.

PART IV

Unemployment Benefit

Article 19

Each Member for which this Part of
this Convention is in force shall secure
to the persons protected the provision
of unemployment benefit in accordance
with the following Articles of this Part.

20. gr.

Tryggingin skal ná til þess, er hlutað-
eigandi missir um sinn af tekjum sín-
um, eins og það er skilgreint í landslög-
um eða reglugerðum, sökum þess að
hann á ekki kost þeirrar atvinnu, er
honum hentar, enda sé hinn tryggði
vinnufær og reiðubúinn til vinnu.

Article 20

The contingency covered shall include
suspension of earnings, as defined by
national laws or regulations, due to in-
ability to obtain suitable employment in
the case of a person protected who is
capable of, and available for, work.

21. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu
vera:

Article 21

The persons protected shall com-
prise—

- (a) tilteknir flokkar kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega; eða
- (b) allir þeir íbúar, sem meðan ástandið varir, hafa ekki fjárráð umfram það mark, sem tiltekið er í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
- (c) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.
- (a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or
- (b) all residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or
- (c) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

22. gr.

1. Þar sem stéttir kaupþega eru tryggðar, skulu bæturnar vera greiðslur, inntar af hendi með vissu millibili og reiknaðar út í samræmi við ákvæði annaðhvort 65. eða 66. greinar.

2. Nú eru allir íbúar, sem hafa fjárráð undir ákveðnu marki meðan ástandið varir, tryggðir, og skal þá styrkurinn vera í samræmi við ákvæði 67. greinar.

Article 22

1. Where classes of employees are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66.

2. Where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

23. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 22. gr., skulu, í þeim tilfellum, sem þær ná til, tryggðar að minnsta kosti þeim tryggðum manni, er lokið hefur þeim réttindavinnslutíma, sem nauðsynlegur kann að teljast, til þess að girt sé fyrir misnotkun.

Article 23

The benefit specified in Article 22 shall, in a contingency covered, be secured at least to a person protected who has completed such qualifying period as may be considered necessary to preclude abuse.

24. gr.

1. Styrkur sá, er um ræðir í 22. gr., skal veittur meðan ástandið varir, nema hvað takmarka má tímalengd hans:

- (a) við 13 vikur á 12 mánaða tímabili, þar sem flokkar kaupþega eru tryggðir; eða
- (b) við 26 vikur á 12 mánaða tímabili, þar sem allir þeir íbúar eru tryggðir, sem ekki hafa fjárráð umfram tiltekið mark.

Article 24

1. The benefit specified in Article 22 shall be granted throughout the contingency, except that its duration may be limited—

- (a) where classes of employees are protected, to 13 weeks within a period of 12 months, or
- (b) where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, to 26 weeks within a period of 12 months.

75 2. Þar sem landslög eða reglugerðir
17. maí mæla svo fyrir, að lengd styrktímans skuli fara eftir lengd iðgjaldatímabilsins og/eða áður móttæknum bótum á tilteknu tímabili, skal ákvæðum staflíðs a í 1. tölulið talið fullnægt, ef meðallengd styrktímans er a. m. k. 13 vikur á 12 mánaða tímabili.

3. Bæturnar þarf ekki að greiða fyrir biðtíma, er sé fyrstu sjö dagarnir í hverju því tilfalli er tekjur hafa stöðvazt, og skal þá telja atvinnuleysisdaga fyrir og eftir stundaratvinnu, er ekki varir lengur en tiltekinn tíma, sem hluta sama atvinnuleysistímabils.

4. Þegar um er að ræða árstíðavinnu, má haga lengd styrktíma og biðtíma eftir starfskjörum.

V. KAFLI Ellilífeyrir.

25. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu ellilífeyri í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

26. gr.

1. Tryggingin skal taka til þeirra, sem lifa fram yfir tiltekinn aldur.

2. Hið tiltekna aldursmark skal ekki vera hærra en 65 ár, eða það hærra aldursmark, sem ákveðið kann að vera af þar til bæru stjórnvaldi, með fullu tiliti til starfsgetu aldraðs fólks í hlutaðeigandi landi.

3. Með landslögum eða reglugerðum má ákveða, að lífeyrisgreiðslu manns, sem annars ætti rétt á henni, megi fresta, ef sá maður hefur eitthvert tiltekið arðbært starf, eða ef styrkur er háður iðgjaldagreiðslu, megi lækka hann, þegar tekjur styrkþega fara fram úr tiltekinni upphæð, og ef hann er ekki háður ið-

2. Where national laws or regulations provide that the duration of the benefit shall vary with the length of the contribution period and/or the benefit previously received within a prescribed period, the provisions of subparagraph (a) of paragraph 1 shall be deemed to be fulfilled if the average duration of benefit is at least 13 weeks within a period of 12 months.

3. The benefit need not be paid for a waiting period of the first seven days in each case of suspension of earnings, counting days of unemployment before and after temporary employment lasting not more than a prescribed period as part of the same case of suspension of earnings.

4. In the case of seasonal workers the duration of the benefit and the waiting period may be adapted to their conditions of employment.

PART V Old-Age Benefit

Article 25

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of old-age benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 26

1. The contingency covered shall be survival beyond a prescribed age.

2. The prescribed age shall be not more than 65 years or such higher age as may be fixed by the competent authority with due regard to the working ability of elderly persons in the country concerned.

3. National laws or regulations may provide that the benefit of a person otherwise entitled to it may be suspended if such person is engaged in any prescribed gainful activity or that the benefit, if contributory, may be reduced where the earnings of the beneficiary exceed a prescribed amount and, if non-

gjaldagreiðslu, megi lækka hann, ef vinnutekjur lífeyrisþega eða aðrar tekjur hans eða þetta hvort tveggja samanlagt fer fram úr tiltekinni upphæð.

27. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:

- (a) tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega; eða
- (b) tilteknar stéttir arðbærlega starfandi fólks, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúa; eða
- (c) allir íbúar landsins, sem hafa á þeim tíma, sem um er að ræða, fjárráð, sem ekki fara yfir ákveðið mark, er sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
- (d) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% af öllum kaupþegum á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

28. gr.

Lífeyririnn skal vera greiðslur, er inntar séu af hendi með ákveðnu millibili og reiknaður eins og hér segir:

- (a) Þar sem flokkar kaupþega eða flokkar fólks í arðberandi starfi eru tryggðir, skal það gert þannig, að í samræmi sé við ákvæði 65. gr. eða ákvæði 66. gr.;
- (b) þar sem allir íbúar landsins, sem ekki hafa fjárráð umfram ákveðið hámark á tímabilinu, sem lífeyrir er greiddur fyrir, skal hann reiknaður þannig, að í samræmi sé við ákvæði 67. gr.

29. gr.

1. Lífeyrir sá, er um ræðir í 28. gr., skal, í þeim tilfellum, sem koma undir hann, vera tryggður að minnsta kosti:
 - (a) hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið rétt-

contributory, may be reduced where the earnings of the beneficiary or his other means or the two taken together exceed a prescribed amount. 75 17. maí

Article 27

The persons protected shall comprise—

- (a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or
- (b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents; or
- (c) all residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or
- (d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

Article 28

The benefit shall be a periodical payment calculated as follows:

- (a) where classes of employees or classes of the economically active population are protected, in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66;
- (b) where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

Article 29

1. The benefit specified in Article 28 shall, in a contingency covered, be secured at least—

- (a) to a person protected who has completed, prior to the contingency, in accordance with prescribed rules, a

75
17. maí

indavinnslutíma, sem getur verið annaðhvort þrjátíu ára iðgjaldagreiðsla eða starf eða 20 ára búseta; eða

- (b) þar sem það er reglan, að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi tilskilið árlegt meðaltal iðgjalda verið greitt hans vegna, eftir að hann náði starfsaldri.

2. Þar sem lífeyrir sá, er um ræðir í 1. tölulið, er bundinn við lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal lægri lífeyrir tryggður að minnsta kosti:

- (a) hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið 15 ára réttindavinnslutíma með iðgjöldum eða starfi; eða
- (b) þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi helmingur árlegra iðgjalda, þeirra sem tiltekin eru samkvæmt staflið b í 1. tölulið í þessari grein, verið greiddur fyrir hann meðan hann var á starfsaldri.

3. Svo skal litið á, að skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar hafi verið fullnægt, þar sem lífeyrir reiknaður samkvæmt ákvæðum XI. kafla, en tíu hundraðshlutum lægri en ákveðið er í fylgiskjali með þeim kafla til handa hlutaðeigandi venjulegum lífeyrisþega, hefur verið tryggður a. m. k. þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið samkvæmt tilteknum reglum tíu ára iðgjaldagreiðslu eða starfi eða fimm ára búsetu.

4. Hlutfallslega lækkun má gera á hundraðshluta í fylgiskjali með XI. kafla, þar sem réttindavinnslutíminn, sem svarar til lækkaðs hundraðshluta, fer fram úr 10 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, en er undir 30 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs; ef slíkur réttinda-

qualifying period which may be 30 years of contribution or employment, or 20 years of residence; or

- (b) where, in principle, all economically active persons are protected, to a person protected who has completed a prescribed qualifying period of contribution and in respect of whom, while he was of working age, the prescribed yearly average number of contributions has been paid.

2. Where the benefit referred to in paragraph 1 is conditional upon a minimum period of contribution or employment, a reduced benefit shall be secured at least—

- (a) to a person protected who has completed, prior to the contingency, in accordance with prescribed rules, a qualifying period of 15 years of contribution or employment; or
- (b) where, in principle, all economically active persons are protected, to a person protected who has completed a prescribed qualifying period of contribution and in respect of whom, while he was of working age, half the yearly average number of contributions prescribed in accordance with subparagraph (b) of paragraph 1 of this Article has been paid.

3. The requirements of paragraph 1 of this Article shall be deemed to be satisfied where a benefit calculated in conformity with the requirements of Part XI but at a percentage of ten points lower than shown in the Schedule appended to that Part for the standard beneficiary concerned is secured at least to a person protected who has completed, in accordance with prescribed rules, ten years of contribution or employment, or five years of residence.

4. A proportional reduction of the percentage indicated in the Schedule appended to Part XI may be effected where the qualifying period for the benefit corresponding to the reduced percentage exceed ten years of contribution or employment but is less than 30 years

vinnslutími fer fram úr 15 árum, skal greiða lækkaðan lífeyri í samræmi við 2. tölulið þessarar greinar.

5. Þar sem lífeyrir sá, sem um ræðir í 1., 3. eða 4. tölulið þessarar greinar, er bundinn við lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal tryggðum aðila greiddur lækkaður lífeyrir við tiltekin skilyrði, enda sé þá svo að einungis sökum síns háa aldurs á þeim tíma, er við-eigandi ákvæði þessa kafla gengu í gildi, hafi hann ekki fullnægt skilyrðum þeim, sem tiltekin eru samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, nema lífeyrir samkvæmt ákvæðum 1., 3. eða 4. töluliðs þessarar greinar hafi verið tryggður þeim aðila við hærri aldur en venju-legan.

30. gr.

Lífeyrir sá, er um ræðir í 28. og 29. gr., skal greiddur meðan skilyrði lífeyrisgreiðslunnar eru fyrir hendi.

VI. KAFLI Atvinnuslysabætur.

31. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu atvinnuslysabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

32. gr.

Tryggingin skal taka yfir það, er að neðan greinir, þegar það stafar af slysum eða tilteknum sjúkdómi, er leiðir af atvinnunni:

- (a) veikindi;
- (b) vanhæfi til vinnu, sem er afleiðing af slíkum veikindum og veldur því, að hlutaðeigandi maður missir af kaup, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum;
- (c) missir starfsgetunnar allrar eða fram yfir ákveðið stig, sem er líklegur til að verða varanlegur, eða tilsvarendi örorkustig; og

of contribution or employment; if such 75
qualifying period exceeds 15 years, a 17. maí
reduced benefit shall be payable in conformity with paragraph 2 of this Article.

5. Where the benefit referred to in paragraphs 1, 3 or 4 of this Article is conditional upon a minimum period of contribution or employment, a reduced benefit shall be payable under prescribed conditions to a person protected who, by reason only of his advanced age when the provisions concerned in the application of this Part come into force, has not satisfied the conditions prescribed in accordance with paragraph 2 of this Article, unless a benefit in conformity with the provisions of paragraphs 1, 3 or 4 of this Article is secured to such person at an age higher than the normal age.

Article 30

The benefits specified in Articles 28 and 29 shall be granted throughout the contingency.

PART VI Employment Injury Benefit

Article 31

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of employment injury benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 32

The contingencies covered shall include the following where due to accident or a prescribed disease resulting from employment:

- (a) a morbid condition;
- (b) incapacity for work resulting from such a condition and involving suspension of earnings, as defined by national laws or regulations;
- (c) total loss of earning capacity or partial loss thereof in excess of a prescribed degree, likely to be permanent, or corresponding loss of faculty; and

75 (d) sá framfærslumissir, sem eiginkona
17. maí eða barn verður fyrir við dauða
fyrirvinnunnar; þegar um ekkju er
að ræða, má binda réttinn til bóta
því skilyrði, að ályktað sé sam-
kvæmt landslögum eða reglugerð-
um, að hún geti ekki sjálf unnið
fyrir sér.

33. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu
vera:

- (a) tilteknar stéttir kaupþega, svo að
ekki séu færri en 50% allra kaup-
þega, og að því er tekur til dauða
fyrirvinnu, einnig kona hans og
börn; eða
- (b) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt
3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir
kaupþega, svo að ekki séu færri en
50% allra kaupþega á vinnustöðum,
þar sem starfa 20 manns eða fleiri,
og að því er tekur til dauða fyrir-
vinnu, einnig kona hans og börn.

34. gr.

1. Þegar um veikindi er að ræða,
skulu bæturnar fólgnar í læknishjálpi,
eftir því sem segir í 2. og 3. tölulíð þess-
rar greinar.

2. Læknishjálpi skal taka til þess, er
hér segir:

- (a) hjálpi almennra lækna og sérfræð-
inga innan sjúkrahúsa og utan, þar
með taldar vitjanir í heimahúsum;
- (b) tannlækningar;
- (c) hjúkrun heima eða í sjúkrahúsi,
eða öðrum lækningastofnunum;
- (d) framfærsla í sjúkrahúsi, hressing-
arhæli, heilsuhæli eða öðrum læk-
ningastofnunum;
- (e) lyf, umbúðir og aðrar læknislegar
nauðsynjar, þar á meðal til tanna,
svo og gervilimir og viðhald þeirra,
gleraugu; og
- (f) umönnun af hálfu þeirra manna af
öðrum lærðum stéttum, sem á hverj-
um tíma kunna að vera löglega við-

(d) the loss of support suffered by the
widow or child as the result of the
death of the breadwinner; in the
case of a widow, the right to bene-
fit may be made conditional on her
being presumed, in accordance with
national laws or regulations, to be
incapable of self-support.

Article 33

The persons protected shall com-
prise—

- (a) prescribed classes of employees,
constituting not less than 50 per
cent. of all employees, and, for
benefit in respect of death of the
breadwinner, also their wives and
children; or
- (b) where a declaration made in virtue
of Article 3 is in force, prescribed
classes of employees, constituting
not less than 50 per cent. of all
employees in industrial workplaces
employing 20 persons or more, and,
for benefit in respect of death of
the breadwinner, also their wives
and children.

Article 34

1. In respect of a morbid condition,
the benefit shall be medical care as
specified in paragraphs 2 and 3 of this
Article.

2. The medical care shall comprise—

- (a) general practitioner and specialist
in-patient care and out-patient care,
including domiciliary visiting;
- (b) dental care;
- (c) nursing care at home or in hospital
or other medical institutions;
- (d) maintenance in hospitals, conva-
lescent homes, sanatoria or other medi-
cal institutions;
- (e) dental, pharmaceutical and other
medical or surgical supplies, includ-
ing prosthetic appliances, kept in
repair, and eyeglasses; and
- (f) the care furnished by members of
such other professions as may at
any time be legally recognised as

urkenndar og tengdar eru lækna-
stéttinni, undir eftirliti læknis eða
tannlæknis.

3. Þar sem yfirlýsing gefin sam-
kvæmt 3. gr. er í gildi, skal læknishjálp
að minnsta kosti fólgin í:

- (a) umönnun almenns læknis, þar með
taldar vitjanir í heimahúsum;
- (b) umönnun sérfræðinga í sjúkrahúsi
fyrir þá, sem þar liggja eða þangað
ganga, og umönnun sérfræðinga,
sem kostur kann að vera á utan
sjúkrahúss;
- (c) nauðsynleg lyf og hjúkrunargögn,
eftir fyrirsögn læknis eða annars
þar til bærs aðila; og
- (d) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf.

4. Sú læknishjálp, sem látin er í té
samkvæmt framanrituðum málsgrein-
um, skal veitt í þeim tilgangi að við-
halda, endurheimta eða bæta heilsu hins
tryggða og möguleika hans til að vinna
og sjá sér farborða.

35. gr.

1. Stofnanir þær eða stjórnardeildir,
er sjá um læknishjálpinu, skulu alls
staðar, þar sem það hentar, hafa sam-
vinnu við þá aðila, sem almennt vinna
að því að gera menn færa til þess að
sinna starfi sínu á ný, með það fyrir
augum, að fatlaðir menn komist aftur í
hentuga atvinnu.

2. Landslög eða reglugerðir mega
heimila slíkum stofnunum eða stjórnar-
deildum að tryggja það, að ráðstafanir
sáu gerðar til þess að fatlaðir menn verði
aftur færir til starfa.

36. gr.

1. Þegar um er að ræða vanhæfi til
starfs, missi alls möguleika til þess að
vinna fyrir sér, og líkindi eru til að svo
verði til frambúðar eða tilsvareandi ör-
orkustig, eða dauða fyrirvinnunnar,
skulu bætturnar vera greiðslur inntar af
hendi á vissum fresti, reiknaðar á þann
hátt að sé í samræmi við ákvæði 65. gr.
eða ákvæði 66. gr.

2. Þegar um er að ræða missi nokk-
urs hluta getunnar til þess að vinna fyrir

allied to the medical profession, 75
under the supervision of a medical 17. maí
or dental practitioner.

3. Where a declaration made in vir-
tue of Article 3 is in force, the medical
care shall include at least—

- (a) general practitioner care, including
domiciliary visiting;
- (b) specialist care at hospitals for in-
patients and out-patients, and such
specialist care as may be available
outside hospitals;
- (c) the essential pharmaceutical sup-
plies as prescribed by a medical or
other qualified practitioner; and
- (d) hospitalisation where necessary.

4. The medical care provided in ac-
cordance with the preceding paragraphs
shall be afforded with a view to main-
taining, restoring or improving the
health of the person protected and his
ability to work and to attend to his
personal needs.

Article 35

1. The institutions or Government
departments administering the medical
care shall co-operate, wherever appropri-
ate, with the general vocational rehabili-
tation services, with a view to the re-
establishment of handicapped persons
in suitable work.

2. National laws or regulations may
authorise such institutions or depart-
ments to ensure provision for the voca-
tional rehabilitation of handicapped
persons.

Article 36

1. In respect of incapacity for work,
total loss of earning capacity likely to
be permanent or corresponding loss of
faculty, or the death of the breadwinner,
the benefit shall be a periodical payment
calculated in such a manner as to comply
either with the requirements of Article
65 or with the requirements of Article 66.

2. In case of partial loss of earning
capacity likely to be permanent, or cor-

75 sér, og líklegt er að svo verði til fram-
17. maí búðar, eða tilsvarandi örorkustig, skulu
bæturnar, þar sem þær eiga að greið-
ast, inntar af hendi með greiðslum á
vissu millibili og séu þær í hæfilegu hlut-
falli við þann styrk, sem ákveðinn er
fyrir algeran missi getunnar til þess að
vinna fyrir sér eða tilsvarandi örorku-
stig.

3. Í stað greiðslna með tilteknu milli-
bili má greiða heildarupphæð:

- (a) þar sem vanhæfið er á lágu stigi;
eða
- (b) þar sem hlutaðeigandi stjórnvöld
telja öruggt að heildarupphæðin
verði skynsamlega notuð.

37. gr.

Bætur þær, sem tilteknar eru í 34. og
36. gr., skulu í þeim tilfellum, sem trygg-
ing tekur til, tryggðar a. m. k. tryggð-
um manni, sem var í vinnu í landi að-
ildarríkis, er slysið varð, ef skaðinn er
afleiðing slyss, eða þegar hann tekur
veikina, ef skaðinn er afleiðing veikinda,
og enn fremur að bæturnar séu tryggð-
ar ekkju og eftirlifandi börnum, ef um
er að ræða greiðslur með vissu milli-
bili vegna dauða fyrirvinnu þeirra.

38. gr.

Þær bætur, sem tilteknar eru í 34. og
36. gr., skulu veittar meðan hið bóta-
skylda ástand varir, með þeirri undan-
tekningu, að vegna vanhæfis til vinnu
þarf í hverju tilfelli ekki að greiða vegna
þriggja fyrstu daganna frá því að kaup-
greiðsla féll niður.

VII. KAFLI Fjölskyldubætur.

39. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli
samþykktar þessarar tekur til, skal
tryggja hinum tryggðu fjölskyldubætur
í samræmi við eftirfarandi greinar þessa
kafla.

responding loss of faculty, the benefit,
where payable, shall be a periodical pay-
ment representing a suitable proportion
of that specified for total loss of earning
capacity or corresponding loss of faculty.

3. The periodical payment may be
commuted for a lump sum—

- (a) where the degree of incapacity is
slight; or
- (b) where the competent authority is
satisfied that the lump sum will be
properly utilised.

Article 37

The benefit specified in Articles 34
and 36 shall, in a contingency covered,
be secured at least to a person protected
who was employed in the territory of
the Member at the time of the accident
if the injury is due to accident or at the
time of contracting the disease if the in-
jury is due to a disease and, for period-
ical payments in respect of death of
the breadwinner, to the widow and
children of such person.

Article 38

The benefit specified in Articles 34
and 36 shall be granted throughout the
contingency, except that, in respect of
incapacity for work, the benefit need
not be paid for the first three days in
each case of suspension of earnings.

PART VII Family Benefit

Article 39

Each Member for which this Part of
this Convention is in force shall secure
to the persons protected the provision
of family benefit in accordance with the
following Articles of this Part.

40. gr.

Svið tryggingarinnar skal vera það, að hún taki til framfærslu barna eftir því, sem tiltekið er.

41. gr.

Tryggingin skal ná til þeirra, sem hér greinir:

- (a) tiltekinna flokka kaupþega, svo að nemi ekki færri en 50% allra kaupþega; eða
- (b) tiltekinna flokka arðbærlega starfandi manna, svo að ekki nemi færri en 20% allra íbúanna; eða
- (c) allra íbúa, sem meðan skilyrði bótanna eru fyrir hendi hafa fjárráð, er ekki fari yfir ákveðið mark; eða
- (d) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, svo að nemi ekki færri en 50% allra starfsmanna á vinnustöðvum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

42. gr.

Bæturnar skulu vera fólgnar í:

- (a) greiðslum, er inntar séu af hendi með vissu millibili til hvers þess aðila, sem tryggður er og hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma; eða
- (b) veitingu matvæla, fatnaðar, húsnæðis, frídaga eða heimilisaðstoðar til barna eða vegna þeirra; eða
- (c) því, sem greinir í (a) og (b) sam-eiginlega.

43. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 42. gr., skulu tryggðar a. m. k. þeim tryggðum aðila, sem innan tiltekins tíma hefur lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 3 mánuðir iðgjaldagreiðslu eða starfs eða eitt ár heimilisfestu eftir því, sem tiltekið kann að vera.

44. gr.

Heildarupphæð bóta, sem veittar eru tryggðum aðilum samkvæmt 42. gr., skulu vera:

Article 40

The contingency covered shall be responsibility for the maintenance of children as prescribed.

Article 41

The persons protected shall comprise—

- (a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or
- (b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents; or
- (c) all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits; or
- (d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

Article 42

The benefit shall be—

- (a) a periodical payment granted to any person protected having completed the prescribed qualifying period; or
- (b) the provision to or in respect of children, of food, clothing, housing, holidays or domestic help; or
- (c) a combination of (a) and (b).

Article 43

The benefit specified in Article 42 shall be secured at least to a person protected who, within a prescribed period, has completed a qualifying period which may be three months of contribution or employment, or one year of residence, as may be prescribed.

Article 44

The total value of the benefit granted in accordance with Article 42 to the persons protected shall be such as to represent—

75

17. maí

- 75 (a) 3% af kaupi venjulegs fullorðins verkamanns eins og það er ákveðið samkvæmt reglum þeim, sem gefnar eru í 66. gr., margfaldað með heildartölu barna hinna tryggðu aðila; eða
- (b) 1,5% af nefndu kaupi margfölduðu með heildartölu barna allra íbúa.

45. gr.

Þar sem styrkurinn er fólgin í greiðslum, sem inntar eru af hendi með vissu millibili, skal hann greiddur, meðan hið tryggða ástand varir.

VIII. KAFLI Mæðrastyrkur.

46. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykkir þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu mæðrastyrk í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

47. gr.

Tryggingin skal taka til meðgöngu kvenna ásamt barnsburði og afleiðinga þess, svo og stöðvunar tekna, er af þessu stafar, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum.

48. gr.

Tryggingin skal ná til:

- (a) allra kvenna í tilteknum stéttum kaupþega, enda séu í þeim stéttum ekki færri en 50% allra kaupþega og, að því er tekur til læknishjálpar vegna meðgöngu og barnsfæðingar, einnig til eiginkvenna þeirra manna, sem í þessum stéttum eru; eða
- (b) allra kvenna í tilteknum flokkum arðbærlega starfandi fólks, enda séu í þeim flokkum ekki færri en 20% allra landsmanna, og að því er varðar læknishjálpar til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar, einnig eiginkvenna þeirra manna, sem í þessum flokkum eru; eða

- (a) 3 per cent. of the wage of an ordinary adult male labourer, as determined in accordance with the rules laid down in Article 66, multiplied by the total number of children of persons protected; or
- (b) 1.5 per cent. of the said wage, multiplied by the total number of children of all residents.

Article 45

Where the benefit consists of a periodical payment, it shall be granted throughout the contingency.

PART VIII Maternity Benefit

Article 46

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of maternity benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 47

The contingencies covered shall include pregnancy and confinement and their consequences, and suspension of earnings, as defined by national laws or regulations, resulting therefrom.

Article 48

The persons protected shall comprise—

- (a) all women in prescribed classes of employees, which classes constitute not less than 50 per cent. of all employees, and, for maternity medical benefit, also the wives of men in these classes; or
- (b) all women in prescribed classes of the economically active population, which classes constitute not less than 20 per cent. of all residents, and, for maternity medical benefit, also the wives of men in these classes; or

(c) þar sem yfirlýsing gefin í samræmi við 3. gr. er í gildi, allra kvenna af tilteknum stéttum kaupþega, enda séu í þeim stéttum eigi færri en 50% allra kaupþega á vinnustöðum, þar sem vinna 20 manns eða fleiri, og að því er til læknishjálpar kemur vegna meðgöngu og barnsfæðingar, einnig eiginkvenna manna í þessum stéttum.

49. gr.

1. Að því er varðar meðgöngu kvenna, barnsburð og afleiðingar þess, skal aðstoðin vera læknishjálpar eins og hún er skilgreind í 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

2. Læknishjálpin skal innifela að minnsta kosti:

(a) umönnun læknis eða lærðrar ljósmóður fyrir barnsburð, meðan á honum stendur og eftir hann; og

(b) sjúkrahúsvist, þegar hennar gerist þörf.

3. Læknishjálpar sú, er um ræðir í 2. tölulið þessarar greinar, skal í té látin í þeim tilgangi að viðhalda, endurheimta og bæta heilsu tryggðrar konu og hæfileika hennar til að starfa og sjá sér farborða.

4. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, sem sjá um veitingu læknishjálpar vegna meðgöngu og barnsburðar, skulu, með þeim aðferðum, er þær telja hagkvæmar, hvetja hlutaðeigandi konur til þess að færa sér í nyt hina almennu heilsuverndarþjónustu, sem stjórnvöld eða aðrar stofnanir, viðurkenndar af þeim, gefa þeim kost á.

50. gr.

Að því er varðar stöðvun tekna sökum meðgöngu, barnsburðar og afleiðinga þess, skal styrkurinn vera greiðsla innt af hendi á ákveðnum fresti og útreiknuð í samræmi við ákvæði 65. eða 66. gr. Upphæð þeirra greiðslna, sem inntar eru af hendi með tilteknu millibili, má vera breytileg meðan ástandið varir, að því

(c) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, all women in prescribed classes of employees, which classes constitute not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more, and, for maternity medical benefit, also the wives of men in these classes.

75
17. maí

Article 49

1. In respect of pregnancy and confinement and their consequences, the maternity medical benefit shall be medical care as specified in paragraph 2 and 3 of this Article.

2. The medical care shall include at least—

(a) pre-natal, confinement and post-natal care either by medical practitioners or by qualified midwives; and

(b) hospitalisation where necessary.

3. The medical care specified in paragraph 2 of this Article shall be afforded with a view to maintaining, restoring or improving the health of the woman protected and her ability to work and to attend to her personal needs.

4. The institutions or Government departments administering the maternity medical benefit shall, by such means as may be deemed appropriate, encourage the women protected to avail themselves of the general health services placed at their disposal by the public authorities or by other bodies recognised by the public authorities.

Article 50

In respect of suspension of earnings resulting from pregnancy and from confinement and their consequences, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66. The amount of the periodical

75 tilskildu, að meðaltal þeirra sé í sam-
17. maí ræmi við þessi skilyrði.

51. gr.

Í þeim tilfellum, sem tryggð eru, skal styrkur sá, er um ræðir í 49. og 50. gr., tryggður að minnsta kosti hverri konu í þeim stéttum, sem tryggðar eru, svo framarlega sem hún hefur lokið réttinda-vinnslutíma, sem teljast kann nauðsyn-legur til þess að girða fyrir misnotkun, og styrkur sá, er um ræðir í 49. gr., skal enn fremur tryggður konu manns innan hinna tryggðu stétta, svo framarlega sem hann hefur lokið slíkum réttinda-vinnslutíma.

52. gr.

Styrkur sá, er um ræðir í 49. og 50. gr., skal veittur á meðan ástandið varir, nema hvað greiðslur, sem inntar eru af hendi á ákveðnum fresti, má takmarka við tólf vikur, nema lengra fjarvistar-tíma frá starfi sé krafizt eða hann leyfður í landslögum eða reglugerðum, og má þá ekki takmarka hann við tímabil, sem sé styttra en það lengra tímabil.

IX. KAFLI
Örorkubætur.

53. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli þessarar samþykktar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu örorkubætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

54. gr.

Tryggingin tekur til þess, er maður er ófær til þess að stunda arðbæra atvinnu í svo ríkum mæli sem nánar er tiltekið, enda sé líklegt, að svo verði til frambúðar og að þetta haldist, eftir að hætt er að greiða sjúkrabætur.

55. gr.

Tryggingin skal ná til:

payment may vary in the course of the contingency, subject to the average rate thereof complying with these requirements.

Article 51

The benefit specified in Articles 49 and 50 shall, in a contingency covered, be secured at least to a woman in the classes protected who has completed such qualifying period as may be considered necessary to preclude abuse, and the benefit specified in Article 49 shall also be secured to the wife of a man in the classes protected where the latter has completed such qualifying period.

Article 52

The benefit specified in Articles 49 and 50 shall be granted throughout the contingency, except that the periodical payment may be limited to 12 weeks, unless a longer period of abstention from work is required or authorised by national laws or regulations, in which event it may not be limited to a period less than such longer period.

PART IX
Invalidity Benefit

Article 53

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of invalidity benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 54

The contingency covered shall include inability to engage in any gainful activity, to an extent prescribed, which inability is likely to be permanent or persists after the exhaustion of sickness benefit.

Article 55

The persons protected shall comprise—

- (a) tiltekinna flokka kaupþega, er séu eigi færri en 50% allra kaupþega; eða
- (b) tiltekinna stétta arðbærlega vinnandi fólks, er eigi sé færri en 20% allra landsmanna; eða
- (c) allra landsmanna, sem á meðan ástandið varir hafi ekki þau fjárráð, er fari yfir mark, sem sé þannig ákveðið, að sé í samræmi við 67. gr.; eða
- (d) þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 3. gr., er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, þeirra er eigi séu færri en 50% allra kaupþega á vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.
- (a) prescribed classes of employees, 75 constituting not less than 50 per cent. of all employees; or
- (b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents; or
- (c) all residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or
- (d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

56. gr.

Bæturnar skulu vera greiðslur inntar af höndum með vissu millibili, sem hér segir:

- (a) Þar sem flokkar kaupþega eða flokkar arðbærlega starfandi fólks eru tryggðir, þá á þann hátt að í samræmi sé við ákvæði 65. eða 66. gr.
- (b) Þar sem allir landsmenn, sem meðan ástandið varir hafa ekki fjárráð fram yfir tiltekið mark, eru tryggðir, þá með þeim hætti að sé í samræmi við ákvæði 67. gr.

57. gr.

1. Bætur þær, er um ræðir í 56. gr., skulu, þar sem svo er ástatt, vera tryggðar a. m. k.:

- (a) þeim tryggðum aðila, sem hefur áður en tilfellið gerðist samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 15 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 10 ár búsetu; eða
- (b) þar sem það er reglan, að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi verið greitt hið árlega tiltekna meðaltal

Article 56

The benefit shall be a periodical payment calculated as follows:

- (a) where classes of employees or classes of the economically active population are protected, in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66;
- (b) where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

Article 57

1. The benefit specified in Article 56 shall, in a contingency covered, be secured at least—

- (a) to a person protected who has completed, prior to the contingency, in accordance with prescribed rules, a qualifying period which may be 15 years of contribution or employment, or 10 years of residence; or
- (b) where, in principle, all economically active persons are protected, to a person protected who has completed a qualifying period of three years of contribution and in respect of whom, while he was of working age,

75 iðgjalda hans vegna, meðan hann
17. maí var á starfsaldri.

4. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 82. greinar, getur sérhvert aðildarríki sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

81. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar samkvæmt 4. eða 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar eða hluta hennar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni eða tilteknum hluta hennar skuli beitt með takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.

2. Aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu afsalað sér að nokkru eða öllu leyti áskildum réttindum til takmarkana, sem tiltekin voru í fyrri yfirlýsingu.

3. Jafnan þegar hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 82. greinar geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu, sem dragi að einhverju öðru leyti úr ákvæðum fyrri yfirlýsingar, enda lýsi þau jafnframt, hvornig þá er ástatt um framkvæmd samþykktarinnar.

82. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni eða hverjum sem er af II. til X. kafla hennar upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal

paragraphs (b), (c) or (d) of paragraph 1 of this Article.

4. Any Member may, at any time at which the Convention is subject to denunciation in accordance with the provisions of Article 82, communicate to the Director-General a declaration modifying in any other respect the terms of any former declaration and stating the present position in respect of such territories as it may specify.

Article 81

1. Declarations communicated to the Director-General of the International Labour Office in accordance with paragraphs 4 or 5 of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation shall indicate whether the provisions of the Convention or of the Parts thereof accepted by the Declaration will be applied in the territory concerned without modification or subject to modifications; when the Declaration indicates that the provisions of the Convention or of certain Parts thereof will be applied subject to modifications, it shall give details of the said modifications.

2. The Member, Members or international authority concerned may at any time by a subsequent declaration renounce in whole or in part the right to have recourse to any modification indicated in any former declaration.

3. The Member, Members or international authority concerned may, at any time at which this Convention is subject to denunciation in accordance with the provisions of Article 82, communicate to the director-General a declaration modifying in any other respect the terms of any former declaration and stating the present position in respect of the application of the Convention.

Article 82

1. A Member which has ratified this Convention may, after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, denounce the Convention or any one or

senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar.
Slik uppsögn öðlast ekki gildi, fyrr en
ár er liðið frá skráningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt
hefur samþykkt þessa, en notfærir sér
ekki innan árs frá lokum tíu ára tíma-
bilsins, sem um getur í fyrri tölulið,
rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er
á um í þessari grein, skal bundið af
henni í annað tíu ára tímabil og síðan
getur það sagt þessari samþykkt eða
hverjum sem er af II. til X. kafla hennar
upp að liðnu hverju tíu ára tímabili
í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

83. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum
aðildarríkjum Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga,
yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildar-
ríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn til-
kynnir aðildarríkjum stofnunarinnar
skrásetningu annarrar fullgildingarinnar,
sem honum berst, skal hann vekja
athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin
gangi í gildi.

84. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal senda aðalritara
Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar
samkvæmt 102. grein Sáttmála Sam-
einuðu þjóðanna allar upplýsingar um
fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir,
sem hann hefur skrásett í samræmi við
ákvæði undanfarandi greina.

85. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsyn-
legt, skal hún leggja fyrir allsherjar-

more of Parts II to X thereof by an act ⁷⁵
communicated to the Director-General ^{17. maí}
of the International Labour Office for
registration. Such denunciation shall not
take effect until one year after the date
on which it is registered.

2. Each Member which has ratified
this Convention and which does not,
within the year following the expiration
of the period of ten years mentioned in
the preceding paragraph, exercise the
right of denunciation provided for in
this Article, will be bound for another
period of ten years and, thereafter, may
denounce the Convention or any one of
Parts II to X thereof at the expiration
of each period of ten years under the
terms provided for in this Article.

Article 83

1. The Director-General of the Inter-
national Labour Office shall notify all
Members of the International Labour
Organisation of the registration of all
ratifications, declarations and denuncia-
tions communicated to him by the
Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of
the Organisation of the registration of
the second ratification communicated to
him, the Director-General shall draw the
attention of the Members of the Organisa-
tion to the date upon which the Conven-
tion will come into force.

Article 84

The Director-General of the Interna-
tional Labour Office shall communicate
to the Secretary-General of the United
Nations for registration in accordance
with Article 102 of the Charter of the
United Nations full particulars of all
ratifications, declarations and acts of
denunciation registered by him in ac-
cordance with the provisions of the pre-
ceding Articles.

Article 85

At such times as it may consider
necessary the Governing Body of the
International Labour Office shall pre-

- 75 þingið skýrslu um framkvæmd þessarar
17. maí samþykktar og athuga jafnframt, hvort
æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins
breytingar á henni allri eða hluta hennar.

86. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:

- (a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 82. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim degi er það gerðist;
- (b) aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

87. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

sent to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 86

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

- (a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 82 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;
- (b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 87

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Viðauki.

Skorðuð alþjóðleg flokkun allra
atvinnugreina.

Skrá yfir flokka og helztu undirflokka.

Flokkur 0. Landbúnaður, Skógrækt,
Dýraveiðar, Fiskveiðar.

01. Jarðyrkja og kvikfjárrækt.
02. Skógrækt og skógarhögg.
03. Dýraveiðar, gildrulagnir og veiði-
dýrarækt.
04. Fiskveiðar.

Annex

International standard industrial classification of all economic activities

List of Divisions and Major Groups

Division 0. Agriculture, Forestry, Hunting and Fishing:

01. Agriculture and livestock production.
02. Forestry and logging.
03. Hunting, trapping and game propagation.
04. Fishing.

Flokkur 1. Námuvinna, ofan jarðar og neðan.

11. Kolanám.
12. Málmnám.
13. Óhreinsuð steinolia og jarðgas.
14. Grjótnám, leirnam og sandnam.

19. Önnur námuvinnsla en málmnam, sú er ekki er annars staðar flokkuð.

Flokkar 2—3. Verksmiðjuvinna.

20. Verksmiðjuvinna við matvæli, að drykkjarföngum undanskildum.
21. Framleiðsla drykkjarfanga.
22. Tóbaksgerð.
23. Vefnaður.
24. Skófatnaðargerð, tilbúningur fatnaðar og annars úr vefnaði.

25. Verksmiðjuvinna við tré og kork, að undanskilinni húsgagnagerð.
26. Smíði húsgagna og innanstokksmuna.
27. Pappírsgerð og vinna við muni úr pappír.
28. Prentiðn, útgáfustörf og skyldar greinar.
29. Leðurgerð og leðuríðnaður, að skófatnaði undanskildum.
30. Gúmiðnaður.
31. Framleiðsla kemiskra efna og vinna við þau.
32. Vinna við það, sem unnið er úr steinolíu og kolum.
33. Framleiðsla hluta úr steinefnum öðrum en málmum, að undanskildum steinolíu og kolum.
34. Vinna við frum-málma.
35. Vinna við hluti úr málmum, aðra en vélar og farartæki.

36. Vinna við vélaframleiðslu, að undanskildum rafmagnsvélum.
37. Vinna við framleiðslu rafmagnsvéla og rafmagnstækja hvers konar.
38. Vinna við framleiðslu farartækja.
39. Ýmiss konar verksmiðjuíðnaður.

Division 1. Mining and Quarrying:

11. Coal mining.
12. Metal mining.
13. Crude petroleum and natural gas.
14. Stone quarrying, clay and sand pits.

19. Non-metallic mining and quarrying not elsewhere classified.

75

17. maí

Divisions 2—3. Manufacturing:

20. Food manufacturing industries, except beverage industries.
21. Beverage industries.
22. Tobacco manufactures.
23. Manufacture of textiles.
24. Manufacture of footwear, other wearing apparel and made-up textile goods.
25. Manufacture of wood and cork, except manufacture of furniture.
26. Manufacture of furniture and fixtures.
27. Manufacture of paper and paper products.
28. Printing, publishing and allied industries.
29. Manufacture of leather and leather products, except footwear.
30. Manufacture of rubber products.
31. Manufacture of chemicals and chemical products.
32. Manufacture of products of petroleum and coal.
33. Manufacture of non-metallic mineral products, except products of petroleum and coal.
34. Basic metal industries.
35. Manufacture of metal products, except machinery and transport equipment.
36. Manufacture of machinery, except electrical machinery.
37. Manufacture of electrical machinery, apparatus, appliances and supplies.
38. Manufacture of transport equipment.
39. Miscellaneous manufacturing industries.

75 Flokkur 4. Byggingar.

17. maí 40. Byggingar.

Flokkur 5. Rafmagn, Gas, Vatn, Hreinlætisþjónusta.

51. Rafmagn, gas og gufu-afl.

52. Vatn og hreinlætisþjónusta.

Flokkur 6. Verzlun.

61. Heildsala og smásala.

62. Bankar og aðrar peningastofnanir.

63. Vátryggingar.

64. Fasteignasala.

Flokkur 7. Flutningar, Geymsla, Samgöngur.

71. Flutningar.

72. Geymsla hvers konar.

73. Samgöngur.

Flokkur 8. Þjónusta.

81. Ríkisstjórnarþjónusta.

82. Sveitarstjórnar- og verzlunarþjónusta.

83. Hressingarþjónusta.

84. Einkaþjónusta.

Flokkur 9. Starfsemdir ekki nægilega skilgreindar.

90. Starfsemdir ekki nægilega skilgreindar.

Division 4. Construction:

40. Construction.

Division 5. Electricity, Gas, Water and Sanitary Services:

51. Electricity, gas and steam.

52. Water and sanitary services.

Division 6. Commerce:

61. Wholesale and retail trade.

62. Banks and other financial institutions.

63. Insurance.

64. Real estate.

Division 7. Transport, Storage and Communication:

71. Transport.

72. Storage and warehousing.

73. Communication.

Division 8. Services:

81. Government services.

82. Community and business services.

83. Recreation services.

84. Personal services.

Division 9. Activities not Adequately Described:

90. Activities not adequately described.

BRÁÐABIRGÐALÖG

76

13. júlí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning
á tveimur hvalveiðiskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Siglingamálaráðherra hefur tjáð mér, að hf. Hvalur eigi nú kost á að kaupa tvö skip erlendis, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en þau fjögur skip, sem félagið hafi notað til hvalveiða, séu mjög gömul og úr sér gengin og eitt þeirra algerlega ónothæft, og enn fremur, að þar sem hin umræddu tvö skip séu eldri en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipanna, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. júlí 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Stjórnartíðindi 1961, A. 12.

BRÁÐABIRGÐALÖG

77

15. júlí

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu. Þar eð undirbúningi að þessari breytingu sé lokið og nauðsynlegt að létta nefndum lausaskuldum af bændum hið allra fyrsta, beri brýna nauðsyn til að veita veðdeild Búnaðarbanka Íslands nauðsynlegar heimildir til að breytingin geti farið fram og náð tilgangi sínum.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

A 30

77

15. júlí

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxta-bréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausa-skuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—1960, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

4. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941, tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941, um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. júlí 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

78

19. júlí

um samkomulag við Sambandslýðveldið Þýzkaland um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Hinn 19. júlí 1961 fóru fram eftirfarandi erindaskipti milli utanríkisráðherra Íslands og sendiherra Sambandslýðveldisins Þýzkaland í Reykjavík um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, grunnlíubreytingar og um aðstöðu þýzkra skipa til veiða við Ísland.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

hinn 19. júlí 1961.

Háttvirtí sendiherra!

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega hafa farið fram í Bonn. Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstjórn Íslands reiðubúin að gera eftirfarandi samkomulag við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkaland:

1. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkaland falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínunum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.
2. Grunnlíur þær, sem miðað er við í 1. gr., verða hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70 30. júní 1958 með þeim breytingum, að grunnlíur verða dregnar milli eftirfarandi punkta:
 - A. Grunnlíupunktur 1 (Horn) til grunnlíupunktur 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Grunnlíupunktur 12 (Langanes) til grunnlíupunktur 16 (Glettinganes).
 - C. Grunnlíupunktur 51 (Geirfugladrangur) til grunnlíupunktur 42 (Skálasnagi).

DER BOTSCHAFTER DER BUNDESREPUBLIK DEUTSCHLAND,

Reykjavík, den 19. Juli 1961.

Exzellenz!

Ich beehre mich, den Empfang Ihrer Note vom 19. Juli 1961 zu bestätigen, die in deutscher Sprache wie folgt lautet:

„Ich beehre mich, auf die Besprechungen Bezug zu nehmen, die kürzlich in Bonn stattgefunden haben. Im Hinblick auf diese Besprechungen ist die Regierung der Republik Island bereit, folgende Regelung mit der Regierung der Bundesrepublik Deutschland zu treffen:

1. Die Regierung der Bundesrepublik Deutschland erhebt künftig keine Einwendungen gegen eine Zwölf-Meilen-Fischereizone um Island, gemessen von den im Nummer 2 angegebenen Basislinien, die ausschliesslich die Abgrenzung der genannten Zone betreffen.
2. Die Basislinien, die zu dem in Nummer 1 erwähnten Zweck verwendet werden, sind diejenigen, die in der isländischen Verordnung Nr. 70 vom 30. Juni 1958 festgelegt sind, jedoch abgeändert durch Verwendung der zwischen folgenden Punkten gezogenen Basislinien:
 - A. Punkt 1 (Horn) bis Punkt 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Punkt 12 (Langanes) bis Punkt 16 (Glettinganes).
 - C. Punkt 51 (Geirfugladrangur) bis Punkt 42 (Skálasnagi).

78
19. júlí

D. Grunnlínupunktur 35 (Geirfugla-
sker) til grunnlínupunktur 39
(Eldeyjardrangur).

Þessar breytingar taki þegar
gildi.

3. Til 10. marz 1964 mun ríkisstjórn Ís-
lands ekki hindra, að skip, sem skrá-
sett eru í Sambandslýðveldinu Þýzka-
land, stundi veiðar á svæði því milli
sex og tólf mílna innan fiskveiðilög-
sögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á
eftirgreindum svæðum og tímum:

- a) Horn (Grunnlínupunktur 1) —
Langanes (grunnlínupunktur 12)
(júni til september).
- b) Langanes (grunnlínupunktur 12)
— Glettinganes (Grunnlínupunkt-
ur 16) (maí til desember).
- c) Glettinganes (grunnlínupunktur
16) — Setusker (grunnlínupunktur
20) (janúar til apríl og júlí til
ágúst).
- d) Setusker (grunnlínupunktur 20)
— Meðallandssandur I (grunnlínu-
punktur 30) (marz til júlí).
- e) Meðallandssandur I (grunnlínu-
punktur 30) — 20° v.l. (apríl til
ágúst).
- f) 20° v.l. — Geirfugladrangur
(grunnlínupunktur 51) (marz til
maí).
- g) Geirfugladrangur (grunnlínupunkt-
ur 51) — (Bjargtangar (grunnlínu-
punktur 43) (marz til maí).

4. Til þess tíma, sem nefndur er í 3. gr.
er þó skipum, sem skráð eru í Sam-
bandslýðveldinu Þýzkaaland, óheimilt
að stunda veiðar á svæðinu milli sex
og tólf mílna innan fiskveiðilögsög-
unnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á
eftirgreindum svæðum:

- a) Milli 63°37' n.br. og 64°13' n.br.
(Faxaflói).
- b) Milli 64°40' n.br. og 64°52' n.br.
(Snæfellsnes).

D. Punkt 35 (Geirfuglasker) bis
Punkt 39 (Eldeyjardrangur).

Diese Änderungen treten sofort
in Kraft.

3. Bis zum 10. März 1964 erhebt die
Republik Island keine Einwendungen
gegen das Fischen von in der Bundes-
republik Deutschland registrierten
Schiffen innerhalb der äusseren sechs
Meilen der in den Nummern 1 und 2
erwähnten Fischereizone, und zwar
innerhalb folgender Bereiche während
der angegebenen Zeiträume:

- a) Horn (Punkt 1) — Langanes
(Punkt 12) (Juni bis September).
- b) Langanes (Punkt 12) — Glettinga-
nes (Punkt 16) (Mai bis Dezem-
ber).
- c) Glettinganes (Punkt 16) — Setu-
sker (Punkt 20) (Januar bis April
und Juli bis August).
- d) Setusker (Punkt 20) — Meðallands-
sandur I (Punkt 30) (März bis
Juli).
- e) Meðallandssandur I (Punkt 30) —
20° westlicher Länge (April bis
August).
- f) 20° westlicher Länge — Geirfugla-
drangur (Punkt 51) (März bis
Mai).
- g) Geirfugladrangur (Punkt 51) —
Bjargtangar (Punkt 43) (März bis
Mai).

4. Bis zu dem in Nummer 3 genannten
Zeitpunkt dürfen jedoch in der
Bundesrepublik Deutschland regist-
rierte Schiffe innerhalb der äusseren
sechs Meilen der in den Nummern 1
und 2 erwähnten Fischereizone in den
folgenden Bereichen nicht fischen:

- a) Zwischen 63°37' nördlicher Breite
und 64°13' nördlicher Breite
(Faxaflói).
- b) Zwischen 64°40' nördlicher Breite
und 64°52' nördlicher Breite
(Snæfellsnes).

- c) Milli 65° n.br. og 65°20' n.br. (Breiðafjörður).
- d) Milli Bjargtanga (grunnlínupunktur 43) og Horns (grunnlínupunktur 1).
- e) Á svæði, sem takmarkast af línunum, sem dregnar eru frá suðurodda Grímseyjar til grunnlínupunkta 6 og 8.
- f) Milli 14°58' v.l. og 15°32' v.l. (Mýrabugt).
- g) Milli 16°12' v.l. og 16°46' v.l. (Ingólfshöfði).
- e) Zwischen 65° nördlicher Breite und 65°20' nördlicher Breite (Breiðafjörður).
- d) Zwischen Bjargtangar (Punkt 43) und Horn (Punkt 1).
- e) Vor der Hauptlandmasse in dem Gebiet, das begrenzt wird durch Linien vom südlichsten Punkt von Grímsey nach den Basispunkten 6 und 8.
- f) Zwischen 14°58' westlicher Länge und 15°32' westlicher Länge (Mýrabugt).
- g) Zwischen 16°12' westlicher Länge und 16°46' westlicher Länge (Ingólfshöfði).
5. Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkaland slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og risi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annarhvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.
5. Die Regierung der Republik Island wird auch künftig auf die Durchführung der Entschliessung des Althings vom 5. Mai 1959 betreffend Erweiterung der Fischereihoheit Islands hinarbeiten. Sie wird aber der Regierung der Bundesrepublik Deutschland eine derartige Erweiterung sechs Monate im voraus mitteilen; im Falle eines Streites im Zusammenhang mit einer derartigen Erweiterung wird die Angelegenheit auf Antrag einer der beiden Parteien dem Internationalen Gerichtshof vorgelegt werden.
6. Samkomulag þetta tekur einnig til Berlínar, enda gefi ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkaland ríkisstjórn lýðveldisins Ísland ekki yfirlýsingu um hið gagnstæða innan þriggja mánaða eftir að samkomulag þetta tekur gildi.
6. Diese Vereinbarung gilt auch für das Land Berlin, sofern nicht die Regierung der Bundesrepublik Deutschland gegenüber der Regierung der Republik Island innerhalb von drei Monaten nach Inkrafttreten dieser Vereinbarung eine gegenteilige Erklärung abgibt.
7. Ríkisstjórn Íslands mun skrásetja samkomulag þetta hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.
7. Die Regierung der Republik Island wird diese Regelung gemäss Artikel 102 der Satzung der Vereinten Nationen bei dem Generalsekretär der Vereinten Nationen registrieren.

Ef ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkaland lýsir sig samþykka framan-

Falls sich die Regierung der Bundesrepublik Deutschland mit den vorste-

78 greindum tillögum, leyfi ég mér að
19. júlí leggja til, að orðsending þessi og svar
yðar við henni skoðist sem samkomulag
milli ríkisstjórna okkar, er gangi þegar í
gildi.

henden Vorschlägen einverstanden er-
klärt, beehre ich mich vorzuschlagen, dass
diese Note und die entsprechende Ant-
wortnote Eurer Exzellenz eine Verein-
barung zwischen unseren beiden Re-
gierungen bilden sollen, die sogleich in
Kraft tritt.“

Ich beehre mich, Ihnen zu erklären, dass
in dem Bestreben, der besonderen Be-
deutung, die der Küstenfischerei für
die isländische Wirtschaft zukommt,
Rechnung zu tragen, die Regierung der
Bundesrepublik Deutschland mit der in
Ihrer Note vorgesehenen Regelung ein-
verstanden ist, und dass Ihre Note und
diese Antwort darauf eine Vereinbarung
zwischen unseren beiden Regierungen
bilden, die sogleich in Kraft tritt, wobei
die Regierung der Bundesrepublik
Deutschland feststellt, dass diese Verein-
barung nicht Rechte, die ihr nach
Völkerrecht gegenüber dritten Staaten
zustehen, präjudiziert.

Ég leyfi mér að votta yður, háttvirtí
sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Genehmigen Sie, Exzellenz, den Aus-
druck meiner ausgezeichnetsten Hoch-
achtung.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Hans-R. Hirschfeld.

Herra sendiherra H.-R. Hirschfeld,
sendiráði Sambandslýðveldisins
Þýzkaland,
Reykjavík.

Seiner Exzellenz
Herrn Guðmundur Í. Guðmundsson,
Aussenminister der Republik Island
Reykjavík.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 19. júlí 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Niels P. Sigurðsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961,
um Seðlabanka Íslands.

79

1. ágúst

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað að undanfögnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkanna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyrisskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf, og þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands, sem komið hafi verið á fót nú á þessu ári, skrái gengi íslenzkrar krónu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, enda sé sú skipan algengust í nálægum löndum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyrstegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. ágúst 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

80

3. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands
um nýtt gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Seðlabanki Íslands hafi, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið nýtt gengi íslenskrar krónu, beri nauðsyn til að lögfesta ákvæði um ráðstöfun gengismunar, breytingar gjalda á útflutningi og nokkur atriði varðandi framkvæmd gengisbreytingarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópu-sjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenskrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausán reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyri í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenskum banka fyrir en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gildi fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í eif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann

ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrá, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenskum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákvæðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gildi fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsg., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsg. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða $\frac{2}{3}$ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, sbr. 2. málslíð 1. málsg. 7. gr. laganna. Að öðru leyti skal fé þetta notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.

7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að $\frac{2}{3}$ hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjaldreyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir $\frac{2}{3}$ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málslíðs þessarar málsg.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarvörum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

80 Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. 3. ágúst málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingakerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins 30%, til Fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands íslenskra útvegsmanna 0.7%.

8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald það, er útflytjendur sjávarafurða greiða samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949, skal frá gildistöku laga þessara nema 1¼% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Frá sama tíma skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum. Tekjuauki sá, er leiðir af hækkun á hundraðhluta gjaldsins og af breiðari gjaldstofni þess, skal ganga til nýrrar deildar Hlutatryggingasjóðs, er hafi það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstökum, tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utan að komandi orsaka.

Framlag ríkissjóðs í Hlutatryggingasjóð árið 1961 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum ársins.

9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsíld til Sildarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niðursoðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrir eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gilda, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 14. gr. 80
3. ágúst

Gjört að Bessastöðum, 3. ágúst 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Stjórnartíðindi 1961, A. 15.

AUGLÝSING

81

1. ágúst

um samkomulag um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

Í dag hinn 1. ágúst 1961 fóru fram eftirfarandi erindaskipti milli utanríkisráðherra Íslands og sendiherra Danmerkur í Reykjavík um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland:

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ,
Reykjavík, 1. ágúst 1961.

KGL. DANSK AMBASSADE,
Reykjavík, den 1. august 1961.

Háttvirtu sendiherra!

Höjtærede Hr. Udenrigsminister!

Með tilvisun til viðræðna, sem fram hafa farið í Reykjavík nýlega, leyfi ég mér að skýra yður frá því, að ríkisstjórn Íslands er reiðubúin að gera samkomulag við ríkisstjórn yðar um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland á eftirfarandi grundvelli:

Jeg har den ære at anerkende modtagelsen af Deres note af i dag, der på dansk lyder som følger:

„Under henvisning til de drøftelser, som har fundet sted i Reykjavik fornylig, tillader jeg mig at meddele Dem, at Islands regering er rede til at indgå en overenskomst med Deres regering om adgang for færingerne til fiskeri med håndline ved Island på følgende grundlag:

1. Skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, er heimilt að stunda handfæraveiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands á svæðum þeim og árstíma, sem íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu eða flotvörpu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 87 frá 29. ágúst 1958 og 1. gr. reglugerðar nr. 4 frá 11. marz 1961.
2. Skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, er auk þess heimilt að stunda handfæraveiðar á svæðinu milli 4 og 8 mílna, innan fiskveiðilögsögu Íslands við Kolbeinsey.
1. Skibe, som er indregistreret på Færøerne, har ret til at drive håndlinefiskeri inden for Islands fiskerigrænse på de områder og på de tider af året, hvor det er tilladt islandske skibe at fiske med bundtrawl eller flydetrawl i overensstemmelse med art. 1 i forordning nr. 87 af 29. august 1958 og art. 1 i forordning nr. 4 af 11. marts 1961.
2. Skibe, der er indregistreret på Færøerne, har desuden ret til at fiske med håndline i området mellem 4 og 8 sømil inden for Islands fiskerigrænse ved Kolbeinsö.

81 3. Samkomulagi þessu getur hvor aðili
1. ágúst um sig sagt upp með sex mánaða fyrir-
vara.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu, leyfi ég mér að leggja til, að orðsending þessi og svar yðar við henni skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórna okkar, er gangi þegar í gildi.

Ég leyfi mér að votta yður, háttvirtu sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Herra sendiherra Bjarne W. Paulson,
Sendiráði Danmerkur,
Reykjavík.

3. Denne overenskomst kan hver part
for sit vedkommende opsigte med seks
måneders varsel.

Såfremt Deres regering erklærer sig enig i foranstående, tillader jeg mig at foreslå, at denne note og Deres svar herpå anses som en overenskomst mellem vore regeringer, og at den straks træder i kraft“.

I besvarelse heraf har jeg den ære at bekræfte, at de i Deres note indeholdte forslag kan godkendes af den danske regering, og at denne tiltræder, at Deres note og dette svar udgør en overenskomst mellem de to regeringer om adgang for færøske fiskere til fiskeri med håndline ved Island med gyldighed fra dags dato.

Jeg tillader mig at bevidne Dem, højt-ærede Hr. Udenrigsminister, min mest udmærkede højagtelse.

Bjarne W. Paulson.

Hr. Udenrigsminister
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Reykjavík.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. ágúst 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Niels P. Sigurðsson.

L Ö G

82

21. ágúst

um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 55. gr. laga nr. 57 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga inn í lög nr. 27 5. marz 1951 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Um það, til hvaða mála lögin taka.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.
4. Mál til sviptingar lögræðis og til brotnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.
8. Mál vegna heitinga.
9. Mál til ógildingar hjúskap.
10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.
11. Mál til brotnáms ólögmeats ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. KAFLI

Um dómendur í héraði.

4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og sakadómarar í Reykjavík rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

82 Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, 21. ágúst innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

Í Reykjavík sæta opinber mál rannsókn, meðferð og dómsuppsögu í sakadómi, er skipaður skal eftir ákvörðun dómsmálaráðherra þremur til fimm sakadómurum, og er einn þeirra yfirsakadómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á sína ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirsakadómara, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrrisvar út á við.

Forseti skipar yfirsakadómara og sakadómara. Yfirsakadómari tekur laun samkvæmt III. launaflokki laga nr. 92/1955 og sakadómarar samkvæmt IV. launaflokki sömu laga.

5. gr.

Saksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm, einum eða fleiri dómurum, er halda megi dómþing, hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Í Reykjavík geta þrír sakadómarar annað hvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

6. gr.

Sjó- og verzlunardómur starfar að þeim málum, er í 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum nr. 68/1947 segir. Um meðferð þessara refsímála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvist í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verzlunarbrotunum.

Nú kemur það upp í almennum refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, og skal þá rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennum brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein.

7. gr.

Kirkjudómur fer með refsímál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

Ákvæði 2. og 3. málsg. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

8. gr.

Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

Undan kvaðningu eru skyldir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og skrifstofustjórar í stjórnarráði.

3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggiltir málflytningarmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.
6. Saksóknari og fulltrúar hans.

82

21. ágúst

9. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

10. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

11. gr.

Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

12. gr.

Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helst að lögum.

Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsg. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

13. gr.

Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsg., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og afgreiðslu dómsgerða og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

14. gr.

Nú missir meðdómandi við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

15. gr.

Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsg. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.

16. gr.

Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

- 82** Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:
21. ágúst a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
- b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
- c. ef sökunautur er undir 18 ára aldri;
- d. af velsæmisástæðum eða
- e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.
- Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir saka-dómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsg. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

18. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta.

Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

Saksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrir-mæli um sakaskrá og sakavottorð.

19. gr.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvalds-ins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI

Um ákærvaldið.

20. gr.

Saksóknari ríkisins fer með ákærvaldið.

Forseti skipar saksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í hæstarétti. Saksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar fulltrúa með lögfræðiprófi og annað starfslið til aðstoðar saksóknara með samþykki hans.

Fulltrúar og aðrir starfsmenn saksóknara taka samkvæmt launalögum sömu **82** laun og hliðstæðir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands eftir nánari ákvörðun dóms- 21. ágúst málaráðherra.

Saksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

21. gr.

Saksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsókna og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinber mál, sbr. þó 112.—114. gr., tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta saksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra saksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur krafðið saksóknara skýrslu um einstök mál.

22. gr.

Þegar saksóknari er svo riðinn við mál eða aðilja, að hann mætti eigi gegna dómastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, og skipar hann þá annan löghæfan mann, sbr. 2. málsg. 20. gr., til meðferðar þess máls. Sama gildir, ef saksóknari hefur lögmat forföll.

23. gr.

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákærvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðilja, getur saksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, unz dómur er upp kveðinn í héraði.

24. gr.

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsisdóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breytt sökunaut í hag, síðan refsíákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari sent saksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Saksóknari getur bæði að tillögu héraðsdómara og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár aða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

- 82** Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftir-
21. ágúst liti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

IV. KAFLI Um varnarþing.

25. gr.

Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir saksóknara, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur saksóknari af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram.

26. gr.

Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (brotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

Nú verður því ekki komið við eða óhagfellt þykir að höfða mál á brotavarvarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

27. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfðað, en bera má hann það mál undir saksóknara, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslenzku skipi eða flugfari utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema saksóknara þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema saksóknara þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr.

28. gr.

Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem

sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan. Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur saksóknari ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

82
21. ágúst

Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi.

29. gr.

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá leitað um það fyriræla saksóknara.

Saksóknari getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli brotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum saksóknara um þessi efni verður ekki haggð í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

30. gr.

Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem saksóknari ákveður.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI

Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar.

32. gr.

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í kaптúnunum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer hann með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögreglumenn eru skipaðir, eru þeir lögreglustjóra til aðstoðar. Annars staðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Sakadómari í Reykjavík skal stýra rannsóknnum opinberra mála þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyriræli um rannsókn brota að fengnum tillögum saksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

33. gr.

Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

82 Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum saksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík. Sakadómari hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf.

34. gr.

Lögreglumönnum ber að sýna árvegni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðalöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sérstakrar þekkingar og æfingar í rannsókn vettvagns, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum.

35. gr.

Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákærvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lögleyfa, svo sem:

1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið.
2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslu kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er, þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess, sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjármeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta.

Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látiinn benda á þann mann í hópi fleiri manna, ef þess er kostur.

3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við röskun á ummerkjum, unz vettvangsrannsókn hefur farið fram.
4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði, og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörzlum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi.
5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.
6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.
7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum.

Gefa skulu lögreglumenn sakadómara í Reykjavík og annars staðar héraðs- **82**
dómara skýrslu um aðgerðir, svo fljótt sem verða má.

21. ágúst

Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákærvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand, sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðila.

36. gr.

Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða brot er stórfellt.

37. gr.

Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetningu muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur.

38. gr.

Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski frammar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögsmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögsmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv.

Nú telur maður sig sæta ólögsmætum harðræðum af hendi lögreglumanns, og á hann þá rétt á því að koma fyrir yfirmann lögreglumannsins, svo fljótt sem kostur er, og bera fram kvörtun fyrir honum.

39. gr.

Lögreglumenn skulu stöðugt miða alla rannsókn sína við það, að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli, sem þeir hafa til meðferðar, og rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Þeir taka skýrslur af grunuðum mönnum og vitnum, áður en til dómara næst, og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður. Lögreglumaður lætur þann, sem hann prófar, fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör við spurningum og draga ekkert undan, er máli kann að skipta, og ganga skal úr skugga um það, ef ástæða er til, hvort skýrsla prófaðs manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögu-sögn annarra. Þess skal jafnan gætt vandlega, að svör manna við spurningum séu skilmerkileg og rétt færð í letur og sem orðréttast, einkum ef um svör grunaðra manna er að tefla.

40. gr.

Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskýlt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar. Ekki mega þeir reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu. Þá mega þeir ekki gefa sökuðum manni fyrirheit um ívilnanir eða friðindi, ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða það sé ekki á valdi þeirra að veita þau.

82 Ekki má prófa mann lengur en 6 klukkustundir í einu, enda fá hann að öðru
 21. ágúst leyti nægilegan svefn og hvíld. Skal hverju sinni bókað, hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

Lögreglumenn skulu spyrja hvern mann sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, unz ástæða kann að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar.

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára, og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd, ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar.

Nú kann prófaður maður ekki íslenzku eða skjali þarf að snúa af íslenzku á erlent mál eða af erlendu máli á íslenzku, og skal þá, ef kostur er og þurfa þykir, kveðja löggiltan dómtúlk og skjalbýðanda til aðstoðar. Annars kostar skal fá þann, er færastan má telja.

Lögreglumenn gera skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína og staðfesta þær fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara.

41. gr.

Skylt er mönnum að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað.

Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts.

42. gr.

Nú telur sakadómari eða lögreglustjóri ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skylt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varða. Og getur kærandi þá borið málið undir saksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

Nú hafa lögreglumenn frankvæmt rannsókn á hendur tilteknum sökuðum manni, en ekki hafa sakaratriði eða sakargögn þótt nægileg til ákæru, og á þá eigi að halda rannsókn áfram eða taka hana upp af nýju gegn þeim manni, nema ný sakargögn séu fram komin eða þau séu líkleg til að koma fram, enda sé refsikrafa þá eigi fyrnd að lögum eða saksókn niður felld samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó gildir áðurgreint ákvæði ekki, ef rannsókn má telja líklega til styrktar skaðabótakröfu vegna brots, ef það þykir standa aðila á nægilega miklu að koma fram skaðabótakröfu sinni.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið felld niður, og á hann þá rétt á vottorði sakadómara eða lögreglustjóra um það.

VI. KAFLI

Um hald á munum.

43. gr.

Leggja skal hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ætla má, að þeir verði gerðir upptækir.

Til muna í þessu sambandi teljast einnig skjöl.

44. gr.

Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar og muni, sem eru í vörzlum pósts og síma, enda sé það gert til rannsóknar á ætluðu broti, er varðað getur 20000 króna sekt, og heimilt væri að kyrrsetja og athuga slík skjöl og muni, ef komin væri í hendur viðtakanda. Tilkynna skal sendanda og viðtakanda tókuna, ef þeir hafa ekki verið viðstaddir. Dómari kveður á með úrskurði um rannsókn á efni slíkra skjala og sendinga.

82

21. ágúst

45. gr.

Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, framkvæmir rannsókn á vettvangi, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni, sem þá finnast og telja má til sakargagna. En tilkynna skal þetta dómara, svo fljótt sem verða má.

46. gr.

Í þarfir rannsóknar brots má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að taka muni úr ákveðnu takmarki o. s. frv.

47. gr.

Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

VII. KAFLI

Um leit.

48. gr.

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annað hvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

49. gr.

Leit að manni, sem handtaka skal eða leiða á fyrir rannsóknara eða dómara, má gera í húsi hans og húsum annarra manna, ef gild ástæða er til að ætla, að sá, sem leitað er, haldi sig þar.

50. gr.

Í húsakynnum, sem opin eru almenningi, og í húsum, þar sem lausungar lýður og brotamenn venja komur sínar, má leit gera, er þörf þykir, þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 48. og 49. greinar.

51. gr.

Leit samkvæmt 48. og 49. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara. Þó er lögreglumönnum jafnan rétt að framkvæma leit af sjálfsdáðum, ef hið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

52. gr.

Húsráðanda eða staðar, þar sem leit er gerð, skal veittur kostur á að vera viðstaddur leitina, ef unnt er. En ef hann er fjarverandi, skulu heimilisfastir venzlamenn hans, þjónar eða aðrir til þess kvaddir.

82

21. ágúst

Leit má framkvæma á hvaða degi, sem vera skal, og á öllum tímum sólarhrings, ef hún þolir ekki bið.

53. gr.

54. gr.

Leit á manni og líkamsskoðun má gera, ef hann er sakaður um brot, er varðað getur 20000 króna sekt eða sektum og upptöku eigna. Má m. a. taka honum blóð og framkvæma á honum aðra þá rannsókn, er gerð verður á honum heilsu hans að meinalausu.

55. gr.

Á öðrum en sökuðum manni má leit gera, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi á sér muni, er hald skal á leggja, eða vitneskja fáist við leitina um sakaratriði, enda geti brot það, sem rannsakað er, varðað 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eigna.

56. gr.

Um leit og líkamsrannsókn samkvæmt 54. og 55. gr. skal kveðið á með úrskurði dómara. Þó er lögreglumanni rétt að ákveða slíka rannsókn, ef henni má eigi fresta, unz úrskurður dómara er fenginn.

Leit og líkamsrannsókn á konum skal framkvæmd af konum eða lækni, ef því er að skipta.

57. gr.

Af mönnum má taka myndir og figraför í þarfir opinberrar rannsóknar.

58. gr.

Haldast skulu sérákvæði í lögum um leit í húsum og á mönnum, svo og um líkamsrannsóknir.

VIII. KAFLI

Um handtöku.

59. gr.

Rétt er dómara jafnan að gefa skipun um handtöku grunaðs manns, er það má telja nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Slíka skipun getur dómari þó ávallt gefið, ef maður sinnir ekki að nauðsynjalausum kvaðningu um að koma fyrir lögreglumann eða dómara.

Rétt er dómara að gefa út handtökuskipan, birta hana opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana:

1. Ef handtekinn maður víkur úr gæzlu eða refsivist eða maður brýtur bann dómara við för úr ákveðnu marki eða firrir sig eftirliti, sem dómari hefur sett honum.
2. Ef ókunnugt er um dvalarstað manns, sem sakaður er um brot, sem varðað getur 20000 króna sekt eða 6 mánaða refsivist.

60. gr.

Heimilt er einstökum manni að handtaka mann:

1. Ef dómari hefur skipað handtöku samkvæmt 59. gr., 2. mgr.
2. Ef hann stendur mann að háttsemi, sem varðað getur refsivist og sætir opinberri ákæru.
3. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli.
Handtekinn mann skal tafarlaust leiða fyrir lögreglumann eða dómara.

61. gr.

Skýlt er lögreglumönnum að handtaka mann eftir skipun dómara. Þeim er og rétt að taka mann fastan án dómsúrskurðar:

1. Ef þeir standa hann að refsiverðri hegðun, enda sæti brotið opinberri ákæru. **82**
2. Ef maður er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reikar um heimilislaus. 21. ágúst
3. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar.
4. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að aftra grunuðum manni frá því að spilla sakargögnum eða fara úr lögsagnarumdæmi eða torvelda rannsókn máls að öðru leyti, enda megi telja varhugavert að bíða skipunar dómara.
5. Ef maður hefur leyfislaust farið úr gæzlu eða firrt sig eftirliti, sem honum hefur löglega verið sett.
6. Ef maður hefur ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli.
7. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli, eða hefur hér ekki landvistarleyfi.

Lögreglumaður skal hverju sinni meta, hvort nauðsyn sé handtöku þegar í stað, t. d. vegna hættu á undanskoti sakargagna, flóttu sakaðs manns, framhaldi refsiverðrar háttsemi o. s. frv.

Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan Alþingi stendur, nema þeir séu staðnir að glæp.

62. gr.

Rétt er lögreglumönnum án dómsúrskurðar að leita manns, sem handtaka skal, á heimili hans, í sjálfs hans húsi eða skipi, eða í húsi, sem stendur opið almenningi, svo og í öðrum húsum eða skipum, ef honum er veitt þangað eftirför, eða hætta er á því, að hann spilli sakargögnum eða komi sér undan, ef beðið er dómsúrskurðar.

63. gr.

Mann, sem tekinn hefur verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandrátta, enda sé hann ekki þegar látinn laus eða fluttur aftur í gæzlu, sem hann hefur sætt samkvæmt dómsúrskurði. Nú verður handtekinn maður, sem sakaður er um refsivert athæfi, ekki þegar í stað leiddur fyrir dómara, og er þá heimilt að hafa hann í haldi, unz til dómara næst, enda sé kyrretning hans og einangrun nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, svo sem vegna hættu á því, að hann beri sig saman við samseka menn eða vitni, spilli sakargögnum, skjóti þeim undan eða komi sjálfum sér undan.

Nú hafa lögreglumenn handtekið mann, án þess að hann sé sakaður um refsiverða hegðun, sbr. 7. tl. 61. gr., og skal þá tilkynna dómara handtökuna tafarlaust, enda geri hann þá viðeigandi ráðstafanir, svo fljótt sem verða má.

64. gr.

Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefur verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hætta búin, meðan hann er í gæzlu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem hefur barn á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, sem þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. eiga hér við.

65. gr.

Lögreglumönnum er rétt að taka grunaða menn undir gæzlu án handtöku, þar á meðal banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirliti með þeim.

IX. KAFLI

Um gæzluvarðhald og aðra gæzlu á sökunaut.

66. gr.

Þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefur sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur þá dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæzluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími, sem dómari getur þó stýtt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.

67. gr.

Mann má því aðeins setja í gæzluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerzt sekur um refsiverða hegðun. Gæzluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvela rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka.
2. Ef sökunautur hefur strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefur ekki sinnt kvaðningu dómara.
3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar skýrslur vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans.
4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.
5. Ef ætla má, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið.
6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitazt hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.

68. gr.

Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæzluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lögreglumann þegar birta honum úrskurðinn, og ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafizt, láta í té, svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

69. gr.

Gæzluvarðhaldi má ekki beita:

1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi.
2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæzluvarðhald eða alþingismaður hefur verið staðinn að glæp.

3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs. Í stað varðhalds skal hann með úrskurði **82** falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæzlu eftir þörfum. 21. ágúst
4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið.

70. gr.

Gæzlufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæzlan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er, að beita þá hörku eða harðýðgi.

Um gæzluna gilda annars þessar reglur:

1. Gæzlufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en refsifangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.
2. Gæzlufangar skulu að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsiföngum. Eigi skulu gæzlufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum.
3. Dómari ákveður, hvort og að hve miklu leyti gæzlufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig eftirliti skuli haga, ef slíkt samband er leyft, enda sé þess jafnan gætt, að leyfa gæzlufanga ekki samband við menn, ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Rétt er að verða við óskum gæzlufanga um að hafa samband við lækni og prest, ef þess er kostur.
4. Bréf, skeyti eða önnur skjöl frá gæzlufanga eða til hans lætur dómari athuga og kyrrsetja, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknar eða ef efni þeirra er ósæmilegt, en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta.
5. Gæzlufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyrirmælum dómara.
6. Gæzluföngum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Bóka mega þeir og afla sér með samþykki fangavarðar.

Dómari getur svipt gæzlufanga friðindum, er honum hafa leyfð verið samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, ef hann misnotar þau eða verður sekur um agabrot.

Gæzlufangi getur borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð fangavarðar á sér.

71. gr.

Nú hefur dómari ákveðið að setja sökunaut í gæzluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja, eða gegn ábyrgð annarra manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggum stað.

Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri fjárhæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómara.

Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefur verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara

- 82** innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómara, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefur valdið sérstökum kostnaði.

Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kýs heldur að fara í gæzluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefur ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn.

Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs.

72. gr.

Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu takmarki (hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.) eða komið honum til dvalar og gæzlu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að álitu dómara, skylt að takast á hendur vist og gæzlu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem varðveizlu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar o. s. frv.

Ákvörðun sinni um gæzlu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

X. KAFLI

Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.

73. gr.

Héraðsdómari getur, hvenær sem honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt, hafið réttarrannsókn í opinberu máli, hvort sem mál hefur verið kært til hans eða ekki. Ef grunaður maður hefur verið tekinn fastur, ber héraðsdómara að setja dóm, svo fljótt sem unnt er, eftir að hann hefur fengið vitneskju um handtökuna. Í hinu fyrsta þinghaldi (frumprófi) skal dómari reyna eftir föngum að ganga úr skugga um sekt eða sýknu sökunauts. Lýkur dómari þegar rannsókn, ef hann telur það koma fram, að sökunautur muni sýkn vera, hvort sem það er af því, að refsikrafan er fyrnd, sýnt er, að ekki er um refsivert brot að tefla, o. s. frv. Sama er, ef hann telur víst, að máli hljóti að verða vísað frá dómi vegna aðildarskorts opinbera ákærvaldsins. Annars kostar heldur hann rannsókn áfram, þar til honum þykir það, sem máli skiptir, rannsakað til fullrar hlítar eða örvænt þykir, að rannsókn muni bera árangur. Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

Nú æskir saksóknari, sækjandi, sökunautur eða verjandi rannsóknar á tilteknum sakaratriðum, og skal dómari þá taka slíka málaleitun til greina, enda megi ætla, að sú rannsókn geti skipt máli.

Dómari skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir, unz dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

74. gr.

Dómari getur borið undir saksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá saksóknari ákvörðun um það atriði. Saksóknari getur af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa saksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákærvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari saksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu saksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafizt í málum, er greinir í 3. málsg. 21. gr.

82

21. ágúst

75. gr.

Dómara ber að rannsaka öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynni að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem:

1. Verkaðinn sjálfan, er framinn hefur verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund, og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefur niður komið, með hvaða hætti það hefur verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin o. s. frv., sbr. 35. gr.
2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem:
 - a. Hugarfar hans (ásetning, gáleysi), er hann framdi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.
 - b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingarvottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar álitinu sínu á því, hvort sú skýrsla samrýmist útliti hans og öðrum kunnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf.
 - c. Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með sakavottorði og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.
 - d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv., eftir því sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi lækni-rannsókn í þessu skyni.
 - e. Hegðun og hugarfar sökunauts, eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefur séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitast við að gera yfirbót, eða hvort hann hefur reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvela rannsókn þess o. s. frv.
 - f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefur ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum.
 - g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir föngum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni.

76. gr.

Dómari lætur lögreglumann eða einn stefnuvott tilkynna sökunaut og öðrum þinghöld með hæfilegum fyrirvara, enda nægir, að næsta þinghald sé tilkynnt í þinghaldi þeim, sem þar eru viðstaddir. Nú er sökunautur í gæzlu, og skal honum þá gert kleift að koma fyrir dóm.

77. gr.

Dómari kynnir sér rannsókn lögreglumanna eftir föngum, áður en hann hefur prófun á sökunaut eða öðrum, enda lesi hann ekki fyrir þeim skýrslur lögreglumanna, fyrr en hann hefur spurt þá um þau sakatriði, er hann telur á því stigi

82 rannsóknar ástæðu til að spyrja um. Ef skýrslu fyrir lögreglumönnum og skýrslu fyrir dómi ber á milli, bendir dómari aðilum á ósamræmið, þegar hann telur það henta.

Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það af dómara, þegar mál er orðið svo skýrt, að honum er þess kostur, hvort þeir eru spurðir vegna grunar þeim á hendur um brot eða kvaddir vitnisburðar. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, þá er honum óskýlt að svara spurningum dómarans, er þá hegðun varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta, þegar er efni standa til, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Nú kýs sökunautur að svara spurningum dómara, og skal þá bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli. Bókanir skal bera undir sökunaut, skrá síðan breytingar og athugasemdir, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hafi viðurkennt bókanir réttar eða ekki.

Ákvæði 38. og 40. gr. gilda og um rannsókn fyrir dómi að breyttu breytanda. Þó er dómara rétt að láta sökunaut hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og gæta þar réttar síns, enda sé ekki ástæða til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvela rannsókn málsins, svo sem vegna færissökunauts til undanskots sakargagna eða til þess að dylja sannleikann með öðrum hætti.

Dómari samprófar sökunauta, er honum þykir hættulaust, að rannsókn torveldist þess vegna, til þess að fá samræmi milli skýrslna þeirra, ef þess er kostur, eða staðfestingu á þeim. Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

78. gr.

Dómari kynnir sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvela eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar.

XI. KAFLI

Um sækjanda og verjanda.

79. gr.

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá saksóknari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Rétt er þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðilja væri óhæfur dómari í því máli.

Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt, og benda dómara tafarlaust á það til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

Skipuðum sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

80. gr.

82

21. ágúst

Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda.

Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæzluvarðhaldi.
2. Ef hann er sakaður um brot, er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv.
3. Ef brot getur varðað 10000 króna sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efna-
hag og ástæður sökunauts. Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafa-
atriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. málsg.

Án óskar sökunauts skipar dómari honum réttargæzlumann:

1. Hvarvetna þess, er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að söku-
naut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæzlumanni kost á að kynna sér það allt,
er staðfesta skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því,
áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæzlumanni að gæta hagsmuna söku-
nauts við staðfestingu.
2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæzlumann í rannsókn máls, ef sökunautur
er að álitum dómara sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn annmörkum,
er torvelda skynjan hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, söku-
nautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans
fyrir dómi slík, að dómari telji skipun réttargæzlumanns heppilega.

Nú játar sökunautur á sig afdráttarlaust brot, og eigi er vafi um staðreyndir,
svo sem þær, er varða hækkun eða lækkun refsingar, refsileysi eða niðurfall refs-
ingar, sakhæfi o. s. frv., eða lagaatriði, og skal þá eigi skipa verjanda.

81. gr.

Dómari skal jafnan, þegar lögskýlt er eða ástæða þykir til að skipa sökunaut
verjanda eða réttargæzlumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost
á að benda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til þess að fara með það
starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli. Dómari ákveður svo, hvern skipa
skuli.

Nú eru fleiri en einn maður fyrir sökum hafðir, og skal þá vera sami maður
verjandi þeirra beggja eða allra, ef telja má, að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá
ekki gert, nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt
að halda uppi vörn fyrir sig. Svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern
þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort
sem skylt er að skipa verjanda eða ekki.

82. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem kostur er löggiltra málflutningsmanna,
skal verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað
honum einhvern annan mann, er fara má með mál annarra manna, þar sem eigi eru
löggiltir málflutningsmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks
manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn.

83. gr.

Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar verjanda í því máli. Nú skal
staðfesting vitnisburðar, mats- eða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarum-

82 dæmi, og skipar þá dómari þar verjanda til þess að vera við staðfestingu, nema verjandi í aðalmálinu sé þar við staddur.

84. gr.

Hæstaréttarlögmönnum og þeim héraðsdómslögmönnum, er fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun saksóknara að sækja opinbert mál í lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu, og þar í grennd. Nú reynist skipaður sækjandi óhæfur að álitu dómara eða honum verða forföll, og skipar þá saksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraleg skylda hverjum heilum lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli innan lögsagnarumdæmis, þar sem hann er búsettur. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar dómari þá annan löghæfan mann í hans stað.

85. gr.

Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefur borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið eða hefur að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

86. gr.

Verjandi er háður sömu skyldum sem sækjandi, eftir því sem við getur átt, sbr. 79. gr. Honum ber að leiðrétta atvikalýsingu sækjanda, þar er efni þykja standa til, draga fram allt það, er verða má sökunaut til sýknu eða hagsbóta, og gæta réttar hans, er hann sætir varðhaldi eða annarri gæzlu að því leyti. Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, og um þau önnur atriði, er hann hefur komizt að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn.

Skipuðum verjanda ber þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvörðun dómara, nema hann hafi þerum orðum afsalað sér henni.

87. gr.

Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er mál varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómara, þegar starfa þeirra er lokið, ef þess er krafizt.

Þóknun sækjanda, sem saksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur dómari ákveðið þóknun og hver hana greiði með úrskurði, er bóka skal í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Dómari getur og með sama hætti ákveðið verjanda eða réttargæzlumanni samkvæmt 80. gr., 2. mgr., 1. tölul., og 3. mgr., þóknun.

Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður.

88. gr.

Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 86. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um brot í embætti og sýslan.

XII. KAFLI

Um vitni, mat, skoðun og skjöl.

82

21. ágúst

89. gr.

Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorazt geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.
2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.
3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.
4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.
5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum.

90. gr.

Dómari getur leyst fósturforeldri sökunauts eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náð.

Sama gildir um vitnisburð unnusta eða unnustu, að því er varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust.

91. gr.

Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venzlamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

92. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

93. gr.

Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki kafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina.

V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			24 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			11 500 000
Samtals	37 858 797

19. gr.

96

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

27. des.

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		300 000 000
2. Útgjöld samkv. 22. og 25. gr.		5 000 000
3. Fyrningar		8 000 000
4. Til óvissra útgjalda		10 000 000
Samtals	323 000 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		3 000 000
Samtals	3 100 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs:		
1. Innlend lán	12 344 272	
2. Lán í Bandaríkjunum	215 300	
		12 559 572
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánnum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (átlað) ..		38 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		2 000 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		190 000
VI. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálæggra hafna		2 500 000
VII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	6 503 000	
2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
3. Til byggingar hjúkrunarkvennaskóla	250 000	
		7 180 500
VIII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
IX. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		10 720 000
X. Til sjúkraflugvalla		492 100
XI. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		665 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	2 000 000	
3. Til byggingar sjómannaskólans	500 000	
4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	2 000 000	
7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	350 000	
8. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
9. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	150 000	
		6 395 000
XIII. Til bygginga á prestssetrum		1 865 000
XIV. Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		194 000
XV. Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XVI. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		750 000

20. gr.

	kr.	kr.	96 27. des.
XVII. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000	
XVIII. Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		1 000 000	
XIX. Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000	
XX. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		342 000	
XXI. Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		95 000	
XXII. Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi		10 000 000	
XXIII. Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000	
XXIV. Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..		500 000	
XXV. Til aukningar landhelgisgæzlu		5 000 000	
XXVI. Til kaupa á biskupsbústað		300 000	
XXVII. Til byggingar starfsmannahúss að Bessastöðum ..		460 000	
XXVIII. Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000	
XXIX. Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti ..		270 000	
XXX. Til kaupa á starfsmannabústað við tilraunastöðina á Reykhólum		200 000	
XXXI. Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		100 000	
XXXII. Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana		800 000	
XXXIII. Til byggingar vitaskips		1 130 000	
XXXIV. Til kaupa á Vestdalseyri við Seyðisfjörð		500 000	
Samtals	110 947 172	

		kr.	kr.
Tekjur:			
2. gr.	Skattar og tollar		1 431 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		295 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
Samtals	1 748 875 000

II. Sjóðs

		kr.
Inn:		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	1 748 875 000
Aðrar innborganir:		
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	3 000 000
Samtals ...		1 751 975 000

Yfirlit.
yfirlit.96
27. des.

21. gr.

		kr.	kr.
Gjöld:			
7. gr.	Vextir		9 184 184
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 606 430
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga		11 125 000
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		48 758 290
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	96 612 896	
— B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	30 291 151	
— C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	2 015 000	128 919 047
12. gr.	Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála		64 343 626
13. gr. A.	Vegamál	108 313 117	
— B.	Samgöngur á sjó	14 120 500	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	34 107 875	
— D.	Flugmál	11 102 694	
— E.	Veðurbjónusta	5 108 154	
— F.	Ýmis mál	5 493 164	178 245 504
14. gr. A.	Kennslumál	223 063 931	
— B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	14 541 013	237 604 944
15. gr.	Kirkjumál		15 797 401
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	85 950 627	
— B.	Sjávarútvegsmál	27 753 448	
— C.	Iðnaðarmál	5 646 000	
— D.	Raforkumál	31 786 407	
— E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	11 503 289	162 639 771
17. gr.	Til félagsmála		418 663 434
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		37 858 797
19. gr.	Til óvissra útgjalda o. fl.		323 000 000
	Rekstrarafgangur ...		111 128 572
	Samtals	1 748 875 000

yfirlit.

		kr.
Út:		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 637 746 428
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar Greiðsluþjófnuður ...	110 947 172 3 281 400
	Samtals ...	1 751 975 000

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
- III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1962 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.
- IV. Að verja afgangnum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.
- V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.
- VII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóþveifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.
- VIII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af fólksflutningabifreið, sem kirkjubyggingarsjóði Kópavogs hefur verið gefin.
- IX. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af hljóðfæri, sem Slysavarnafélagi Íslands hefur verið gefið.
- X. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluólíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.
- XI. Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.
- XII. Að endurgreiða Vagninum h/f aðflutningsgjöld að upphæð kr. 242 921.80, gegn því, að félagið falli frá öllum skaðabótakröfum á hendur ríkissjóði.
- XIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.
- XIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.
- XV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af asdictækjum, sem sett voru í m/b Mími.
- XVI. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskýrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).
- XVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurom af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.
- XVIII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurom af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.
- XIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.
- XX. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skraut-eyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

- XXI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða 96 rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar. 27. des.
- XXII. Að verja 100 þús. kr. til byggingar kláfferju á Tungnaá hjá Haldi.
- XXIII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
- XXIV. Að taka lán allt að 4 millj. kr. til byggingar eldisstöðvar fyrir lax í Kollafirði.
- XXV. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.
- XXVI. Að ábyrgjast fyrir Suðurfjarðahrepp nauðsynlegan kostnað við umbætur á m/s „Pétri Thorsteinsson“ vegna smíðagalla, sem komið hefur fram á skipinu, þó eigi yfir 100 þús. kr., enda framselji eigendur ríkissjóði skaðabótakröfuna á hendur byggjendum skipsins.
- XXVII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar. (Endurveiting).
- XXVIII. Að ábyrgjast lán fyrir sildarverksmiðjuna Rauðku að upphæð 1 millj. kr., gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
- XXIX. Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 35 millj. kr. til byggingar og endurbóta sildarverksmiðja og sildarumhleðslustöðva á Austurlandi, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, hjá öðrum aðilum en ríkisfyrirtækjum.
- XXX. Að ábyrgjast lán allt að upphæð 650 þús. kr. fyrir sildarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri til greiðslu kostnaðar við sildarflutninga, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
- XXXI. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Náttúrulækningafélag Íslands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.
- XXXII. Að ábyrgjast fyrir Dráttarbraut Akraness allt að 3.5 millj. kr. lán vegna smíði nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. (Endurveiting.)
- XXXIII. Að taka allt að 6 millj. króna lán til byggingar Kennaraskólans.
- XXXIV. Að taka að láni allt að 25 millj. kr. og endurlána Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.
- XXXV. Að taka lán að upphæð allt að 2 millj. kr. vegna bruna skólans á Eiðum.
- XXXVI. Að ábyrgjast fyrir Fiskveiðihlutafélagið Akurey h.f. lán að fjárhæð allt að 3 milljónir króna til kaupa á togaranum Bjarna Ólafssyni A. K. 200, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
- XXXVII. Að selja prestsseturshúsið Pólgötu 10, Ísafirði, sóknarprestinum þar.
- XXXVIII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir rannsóknarstofu háskólans.
- XXXIX. Að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir Domus medica, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
- XL. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Barðstrendingafélagið í Reykjavík til gistihúsbýggingar í Bjarkalundi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
- XLI. Að greiða h/f Djúpbátnum allt að 100 þús. kr. viðbótarstyrk, ef í ljós kemur, að halli verði meiri en bátnum er ætlað samkvæmt tillögum samvinnunefndar samgöngumála. (Endurveiting).

23. gr.

Frá 1. júlí 1961 skal kaup starfsmanna ríkisins hækka um 13.8%, en frá 1. júní 1962 skal kaupið, eins og það verður með þessari uppbót, hækka um 4%.

24. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1962 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. febrúar 1960 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyris-

96 sjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga, á árinu 1962.

Þá er heimilt að greiða sérstaka uppbót á allar fyrrnefndar greiðslur frá 1. júlí 1961 að telja, sem nemi 13.8% til 31. maí 1962, en hækki þá um 4% miðað við lífeyrinn og greiðslurnar eins og þær þá eru.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu upphóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

25. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1962 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

97

18. des.

L Ö G

um verðlagsráð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um skipun og verkefni verðlagsráðs.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalfrankvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðgjafar skipar í verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fiskisöluaðila:

3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi isl. útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi isl. fiskframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

1 fulltrúi tilnefndur af samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á SV-landi.

97

1 fulltrúi tilnefndur af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

18. des.

Fulltrúar í verðlagsráði skulu skipaðir til 2 ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verðlagsráð kys sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fisk-söluaðila og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undir-búa fundi ráðsins.

Heimilt er aðilum þeim, sem tilnefna eiga aðila af hálfu fisksölu- og fisk-kaupaaðila samkv. þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í verðlagsráði, eftir því sem þeim þykir rétt, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem bezt fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávarafla skal verðlagsráð skipað 12 fulltrúum, jafn-mörgum frá hvorum aðila skv. 1. gr.

3. gr.

Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla, öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 full-trúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sölusam-bandi ísl. fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

4. gr.

Síldardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaup-enda þannig: 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá fiskvinnslustöðvum á veg-um S. Í. S., 2 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, 1 frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norð-urandi.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, skal verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaup-enda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá fiskvinnslustöðvum á veg-um S. Í. S., 2 frá Félagi síldarsaltenda á SV-landi og 1 frá eigendum síldarverk-smiðja á SV-landi.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. gr.

Aðalverkefni verðlagsráðs eru:

1. að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til út-flutnings óunninn;
2. að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma;
3. að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávar-útvegsins, svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla.

97

18. des.

Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskfrankeiðenda, svo og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

6. gr.

II. KAFLI

Um verðákvarðanir verðlagsráðs.

7. gr.

Ákvarðanir verðlagsráðs um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

8. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum það tímanlega, að verðlagning sjávarafla liggja fyrir, áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Um hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi, skal ákveða með reglugerð.

9. gr.

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskisöluaðilum í verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipun oddamanns í yfirnefndina innan 2 sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og skal þá oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

10. gr.

Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr fiskimálasjóði, ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

12. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum verðlagsráðs.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, að láta þær í té, og má þá beita dagsektum frá kr. 500.00—5000.00, þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi 11. gr. l. nr. 1 frá 5. janúar 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins, svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð skal ákveða verð á sjávaraflla, sem gildi fyrir fyrsta verðlagstímabil á árinu 1962, og skal hafa lokið því eigi síðar en 15. janúar 1962.

Gjört að Bessastöðum, 18. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

98

23. des.

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfégetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Forseti veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögrglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Í Reykjavík skulu vera fimm til sjö borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirborgardómara, enda skiptir hann störfum með borgardómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Borgardómarar fara með einkamál, sbr. þó 4. gr., þar á meðal formennsku í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkazi hefur, og úrskurðun framfærslumála.

98

23. des.

3. gr.
Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða, að í Reykjavík skuli vera fimm til sjö borgarfégetar og sé einn þeirra yfirborgarfégeti. Starfi hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirborgarfégeta, enda skipti hann störfum með borgarfégetum að öðru leyti og hafi yfirstjórn embættisins og fyrirsva út á við.

Borgarfégetar fara með fégetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, veðmálabókhald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu húi og utankjörfundaratkvæðagreiðslu, eins og segir í lögum.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskráum sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi í skrifstofu borgarfégeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Í Reykjavík skulu vera þrjú til fimm sakadómarmar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirsakadómara, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsva út á við.

Sakadómarmar fara með opinber mál, barnsfaðernismál og mál til sviptingar lög-ræðis og til brotnáms lögræðissviptingar, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsídóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendinga-
eftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til rikissjóðs, atvinnuleysistryggingargjöldum, gjöldum til Tryggingastofnunar rikisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða og skil á innheimtufé.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn taka laun úr rikissjóði samkvæmt launalögum og lífeyri eftir lífeyrslögum.

Þeir skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, **98**
eftir því sem nauðsyn krefur. **23. des.**

11. gr.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis sins, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

12. gr.

Þar til laun yfirborgardómara, yfirborgarfógeta og yfirsakadómara hafa verið ákveðin í launalögum, taka þeir laun samkvæmt III. launaflokki laga nr. 92/1955 og borgardómarar, borgarfógetar og sakadómarar samkvæmt IV. launaflokki sömu laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 65 16. desember 1943, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1962.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval
innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.

99

28. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

100

11. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40/1954, um aukatekjur rikissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

21. gr. laga nr. 17/1948 orðist svo:

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr., nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskirteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskirteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skips skal eigandi greiða gjöld í rikissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin ákvæði í lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur rikissjóðs:

1. 16. töluliður 29. gr.
2. 12., 13., 14. og 15. töluliðir 32. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

101

28. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 12. maí 1954, um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu.

Samþykkt þessi er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfest, skulu ákvæði hennar hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ráðherra þeim, er fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur um meðferð olíu í oliustöðvum á landi, verksmiðjum og annars staðar, þar sem olía er notuð, til varnar óhreinkun sjávar af völdum olíu, svo og um meðferð olíu á skipum, sem samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., nær ekki til.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. gr., svo og gegn reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 3. gr., skulu varða sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT

UM AÐ FYRIRBYGGJA ÓHREINKUN SJÁVAR AF VÖLDUM OLÍU, 1954.

London, 12. maí 1954.

Ríkisstjórnir þær, er sent hafa fulltrúa á alþjóðaráðstefnuna um óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem haldin var í London á tímabilinu frá 26. apríl 1954 til 12. maí 1954, óska eftir að gera, með allsherjarsamkomulagi, ráðstafanir til þess að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem losuð er úr skipum, og álíta, að þessum tilgangi verði bezt náð með því að gera samþykkt, og hafa samkvæmt því skipað undirritaða með fullu umboði, og að framlögðum skilríkjum sínum um fullt umboð, sem við athugun reyndust fullgild og formleg, hafa þeir gert samkomulag svo sem hér segir:

1. gr.

(1) Í þessari samþykkt skulu eftirfarandi orð hafa þær merkingar, sem þeim eru hér með gefnar hverri um sig, þ. e. a s.:

„Skrifstofan“ hefur þá merkingu, sem því orði er gefin í 21. gr.

THE INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE PREVENTION OF POLLUTION OF THE SEA BY OIL, 1954

London, May 12, 1954

The Governments represented at the International Conference on Pollution of the Sea by Oil held in London from 26th April, 1954, to 12th May, 1954,

Desiring to take action by common agreement to prevent pollution of the sea by oil discharged from ships, and considering that this end may best be achieved by the conclusion of a Convention,

Have accordingly appointed the undersigned plenipotentiaries, who, having communicated their full powers, found in good and due form, have agreed as follows:—

Article I

(1) For the purposes of the present Convention, the following expressions shall (unless the context otherwise requires) have the meanings hereby respectively assigned to them, that is to say:—

“The Bureau” has the meaning assigned to it by Article XXI;

101 „Losun“ í sambandi við olíu eða olíu-
28. des. blandinn vökva merkir alls konar losun eða leka af hvaða orsök sem er.

„Þykk dísilolía“ merkir dísilolíu fyrir skipavélar, nema þau eimi, sem rýrna um meira en 50% af rúmmáli við 340 stig C., eða minni hita, þegar þær eru prófaðar samkvæmt A.S.T.M. Standard Method D. 158/53.

„Míla“ merkir sjómílu, 6080 fet, eða 1852 metra.

„Olía“ merkir hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu og smurningsolíu, og „olíu-mengað“ skal hafa merkingu samkvæmt því.

(2) Í samþykkt þessari merkir umdæmi ríkisstjórnar, sem er aðili að henni, land það, sem hún stjórnar, og sérhvert annað land, er hún er ábyrg fyrir um millríkjaviðskipti og sem samþykktin hefur verið látin ná til samkvæmt 18. gr.

2. gr.

Samþykkt þessi skal gilda um hafskip, sem eru á skipaskrá einhvers landsvæðis þeirrar ríkisstjórnar, sem er aðili að henni, að undanteknum

- (1) skipum er að sinni eru í notkun sem aðstoðarskip flotans,
- (2) skipum sem eru minni en 500 brúttó-rúmllestir,
- (3) skipum sem eru sem stendur starfrækt í þágu hvalveiðaútvegsins,
- (4) skipum sem að sinni sigla um Mikluvötn Norður-Ameríku, vatnaleiðir þeirra á milli og ár sem í þau falla, allt austur að neðra mynni Lachine skipaskurðarins við Montreal í fylkinu Quebec, Kanada.

3. gr.

(1) Með þeim undantekningum, sem tilgreindar eru í 4. og 5. gr., skal bannað að losa úr hverju olíuflutningaskipi, enda heyri það undir ákvæði samþykktarinnar, innan bannsvæða þeirra, sem um getur í viðauka A við samþykktina í sambandi við olíuflutningaskip,

“Discharge” in relation to oil or to an oily mixture means any discharge or escape howsoever caused;

“Heavy diesel oil” means marine diesel oil, other than those distillates of which more than 50 per cent. by volume distills at a temperature not exceeding 340°C. when tested by A.S.T.M. Standard Method D.158/53;

“Mile” means a nautical mile of 6080 feet or 1852 meters;

“Oil” means crude oil, fuel oil, heavy diesel oil and lubricating oil, and “oily” shall be construed accordingly.

(2) For the purposes of the present Convention the territories of a Contracting Government mean the territory of the country of which it is the Government and any other territory for the international relations of which the Government is responsible and to which the Convention shall have been extended under Article XVIII.

Article II

The present Convention shall apply to sea-going ships registered in any of the territories of a Contracting Government, except

- (i) ships for the time being used as naval auxiliaries;
- (ii) ships of under 500 tons gross tonnage;
- (iii) ships for the time being engaged in the whaling industry;
- (iv) ships for the time being navigating the Great Lakes of North America and their connecting and tributary waters as far east as the lower exit of the Lachine Canal at Montreal in the Province of Quebec, Canada.

Article III

(1) Subject to the provisions of Articles IV and V, the discharge from any tanker, being a ship to which the Convention applies, within any of the prohibited zones referred to in Annex A to the Convention in relation to tankers of—

- (a) olíu,
 (b) hvers konar olíumengaðan vökva, er inniheldur olíu sem óhreinakar yfirborð sjávar.

Hvað þessa grein snertir skal álíta, að olíumengaður vökvi, er inniheldur færri en 100 hluta af olíu á móti 1.000.000 hlutum af vökva, óhreinki ekki yfirborð sjávar.

(2) Með þeim undantekningum, sem tilgreindar eru í 4. og 5. gr., skal öll losun olíumengaðs kjölfestuvatns eða skolvatns úr olíuhylkjum frá skipi, þ. e. skipi, sem heyrir undir ákvæði samþykktarinnar, en ekki er olíuflutningaskip, fara fram eins langt frá landi og framkvæmanlegt er. Frá dagsetningu þremur árum eftir dagsetningu þá er samþykktin gengur í gildi skal greinarliður (1) þessarar greinar gilda um skip, sem ekki eru olíuflutningaskip, á sama hátt og um olíuflutningaskip, með þessum undantekningum:

- (a) Bannsvæðin vegna skipa, sem ekki eru olíuflutningaskip, skulu vera þau, sem tilgreind eru sem bannsvæði í viðauka A við samþykktina.
 (b) Losun olíu, eða olíumengaðs vökva, úr slíku skipi skal eigi bönnuð þegar skipið er á leið til hafnar, þar sem ekki eru fyrir hendi slík skilyrði, sem nefnd eru í 8. gr.

(3) Sérhvert brot á greinarlið (1) og (2) þessarar greinar skal vera refsivert samkvæmt lögum lands þess, sem skipið er skráð í.

4. gr.

- (1) 3. gr. skal eigi gilda um:
 (a) losun olíu eða olíumengaðs vökva úr skipi í þeim tilgangi að tryggja öryggi þess, koma í veg fyrir skemmdir á skipinu eða farmi, eða að bjarga lífi þeirra, sem eru í sjávarháska; eða
 (b) olíu eða olíumengaðs vökva, sem fer til spillis sakir skemmda á skipinu eða sakir leka, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir, enda hafi, eftir að skemmdin varð eða lekinn var uppgötvaður, verið gerðar allar þær ráð-

(a) oil;

(b) any oily mixture the oil in which fouls the surface of the sea, shall be prohibited.

For the purposes of this paragraph the oil in an oily mixture of less than 100 parts of oil in 1.000.000 parts of the mixture shall not be deemed to foul the surface of the sea.

(2) Subject to the provisions of Articles IV and V, any discharge into the sea from a ship, being a ship to which the Convention applies and not being a tanker, of oily ballast water or tank washings shall be made as far as practicable from land. As from a date three years after the date on which the Convention comes into force, paragraph (1) of this Article shall apply to ships other than tankers as it applies to tankers, except that:—

- (a) the prohibited zones in relation to ships other than tankers shall be those referred to as such in Annex A to the Convention; and
 (b) the discharge of oil or of an oily mixture from such a ship shall not be prohibited when ship is proceeding to a port not provided with such reception facilities as are referred to in Article VIII.

(3) Any contravention of paragraphs (1) and (2) of this Article shall be an offence punishable under the laws of the territory in which the ship is registered.

Article IV

- (1) Article III shall not apply to:—
 (a) the discharge of oil or of an oily mixture from a ship for the purpose of securing the safety of the ship, preventing damage to the ship or cargo, or saving life at sea; or
 (b) the escape of oil, or of an oily mixture, resulting from damage to the ship or unavoidable leakage, if all reasonable precautions have been taken after the occurrence of the damage or discovery of the leakage

101
28. des. stafanir, sem með sanngirni má krefjast til þess að koma í veg fyrir, eða draga úr því, að olía færi til spillis,

- (c) losun sora,
(1) sem ekki er hægt að dæla úr farmhýlkjum olíuflutningaskipa sakir þess hve þykkur hann er; eða
(2) sem fallið hefur til botns við hreinsun brennsluolíu eða smurningsolíu, enda fari slík losun fram eins langt frá landi og tök eru á.

(2) Þegar losað er, eða fer til spillis með þeim hætti, sem tilgreint er í þessari grein, skal skrá í olíufærslubók þá, er skylt er að hafa samkvæmt 9. gr., allar kringumstæður og orsök þess að losað var.

5. gr.

3. gr. skal eigi gilda um losun úr austurrásum skips

- (a) á hvers konar olíumenguðum vökva um tólf mánaða tímabil frá því er samþykktin öðlast gildi fyrir það land, þar sem skipið er skráð,
(b) eftir lok slíks tímabils, á olíumenguðum vökva, er inniheldur eigi aðra olíu en smurningsolíu.

6. gr.

Viðurlögin, sem heimilt er að beita samkvæmt 3. gr. og lögum einhvers þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, vegna ólöglegrar losunar í sjóinn á olíu eða olíumenguðum vökva utan landhelgi viðkomandi lands, skulu eigi vera vægari en viðurlög þau, sem heimilt er að beita samkvæmt lögum viðkomandi lands vegna ólöglegrar losunar úr skipi á olíu eða olíumenguðum vökva innan landhelgi þess.

7. gr.

Frá og með degi, tólf mánuðum eftir að þessi samþykkt öðlast gildi fyrir eitt-hvert þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, skal öllum skipum viðkomandi lands skylt að

for the purpose of preventing or minimising the escape;

- (c) the discharge of sediment:—
(i) which cannot be pumped from the cargo tanks of tankers by reason of its solidity; or
(ii) which is residue arising from the purification or clarification of oil fuel or lubricating oil,
provided that such discharge is made as far from land as is practicable.

(2) In the event of such discharge or escape as is referred to in this Article a statement shall be made in the oil record book required by Article IX of the circumstances of and reason for the discharge.

Article V

Article III shall not apply to the discharge from the bilges of a ship:—

- (a) of any oily mixture during the period of twelve months following the date on which the Convention comes into force in respect of the territory in which the ship is registered;
(b) after the expiration of such period, of an oily mixture containing no oil other than lubricating oil.

Article VI

The penalties which may be imposed in pursuance of Article III under the law of any of the territories of a Contracting Government in respect of the unlawful discharge from a ship of oil or of an oily mixture into waters outside the territorial waters of that territory shall not be less than the penalties which may be imposed under the law of that territory in respect of the unlawful discharge of oil or of an oily mixture from a ship into such territorial waters.

Article VII

As from a date twelve months after the present Convention comes into force in respect of any of the territories of a Contracting Government all ships registered in that territory shall be required to be so

vera þannig útbúin, að brennsliuolia eða þykk dísilolía geti eigi komizt í austur-rásir þær, sem úr er tæmt í sjóinn, án þess að innihald þeirra sé látið ganga í gegnum hylki, sem aðskilur olíu frá vatni.

8. gr.

Frá og með degi, þremur árum eftir að samþykkt þessi öðlast gildi fyrir eitthvert þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, skal sú ríkisstjórn tryggja það, að á öllum aðalhafnarstöðum viðkomandi lands séu fyrir hendi fullnægjandi skilyrði til þess að taka á móti — án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum — sora þeim úr olíumenguðu kjölfestuvatni og skolvatni því úr hylkjum, sem mundi hafa verið eftir til losunar úr skipum, öðrum en olíuflutningaskipum, sem nota höfnina, ef vatnið hefði verið aðskilið í þar til gerðu hylki eða í dregghylki, eða með öðrum hætti. Sérhver aðildarríkisstjórn að samþykktinni skal ákveða á hverjum tíma hvaða hafnir landa þeirra, er heyra undir hana, séu aðalhafnir hvað þessa grein snertir, og skal hún senda skrifstofunni skriflega tilkynningu samkvæmt því og taka fram, hvort séð hafi verið fyrir fullnægjandi skilyrðum til móttöku.

9. gr.

(1) Í hverju skipi, er heyrir undir ákvæði samþykktarinnar, skal hafa olíufærslubók (hvort sem hún er hluti hinnar lögskipuðu leiðarbókar skipsins eða ekki) í því formi, sem tiltekið er í viðauka B við samþykkt þessa. Tilheyrandi innfærslur skulu skráðar í þá bók og hver blaðsíða bókarinnar, þar með taldar allar skýrslur samkvæmt greinarlið (2), 4. gr., skulu undirskrifaðar af yfirmanni eða yfirmönnum þeim, er umsjá hafa með framkvæmdum þeim, sem um er að ræða, og einnig af skipstjóranum. Hinar skráðu innfærslur í olíufærslubókina skulu vera á ríkismáli þess lands, þar sem skipið er skráð, eða á ensku eða frönsku.

(2) Réttbærum yfirvöldum hvers þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, er frjálst að athuga um

fitted as to prevent the escape of fuel oil or heavy diesel oil into bilges the contents of which are discharged into the sea without being passed through an oily-waterseparator.

101
28. des.

Article VIII

As from a date three years after the present Convention comes into force in respect of any of the territories of a Contracting Government, that Government shall ensure the provision in each main port in that territory of facilities adequate for the reception, without causing undue delay to ships, of such residues from oily ballast water and tank washings as would remain for disposal by ships, other than tankers, using the port, if the water had been separated by the use of an oily-water separator, a settling tank or otherwise. Each Contracting Government shall from time to time determine which ports are the main ports in its territories for the purposes of this Article, and shall notify the Bureau in writing accordingly indicating whether adequate reception facilities have been installed.

Article IX

(1) There shall be carried in every ship to which the Convention applies an oil record book (whether as part of the ship's official log-book or otherwise) in the form specified in Annex B to the present Convention. The appropriate entries shall be made in that book, and each page of the book, including any statement under paragraph (2) of Article IV, shall be signed by the officer or officers in charge of the operations concerned and by the master of the ship. The written entries in the oil record book shall be in an official language of the territory in which the ship is registered, or in English or French.

(2) The competent authorities of any of the territories of a Contracting Government may inspect on board any such ship

101 borð í hverju slíku skipi, meðan það er í
 28. des. höfn þessa lands, olíufærslubók þá, sem skylt er að hafa í skipinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar, og þeim er einnig frjálst að skylda skipstjórann til þess að staðfesta, að afritið sé rétt afrit af slíkri innfærslu. Sérhverft afrit, er þannig er frá gengið og sem af má ráða, að það hafi verið staðfest af skipstjóra, sem rétt afrit af innfærslu í olíufærslubók skipsins, skal taka til greina þegar lagt er fram í sérhverjum réttarhöldum til sönnunar þeirra staðreynda, sem getur í færslunni. Sérhver ráðstöfun, sem gerð er af hálfu réttbærra yfirvalda samkvæmt þessum greinarlið, skal framkvæmd eins greiðlega og unnt er og eigi skal tefja skipið.

10. gr.

(1) Sérhverri aðildarríkisstjórn að samþykktinni er frjálst að veita ríkisstjórn þess lands, enda sé hún einnig aðili, þar sem skip er skráð, skriflegar upplýsingar, er tilgreina sannanir fyrir því, að eitthvert ákvæði samþykktarinnar hafi verið brotið hvað það skip snertir, hvar sem brot það, sem kært er út af, kann að hafa átt sér stað. Ef tók eru á, skulu réttbær yfirvöld fyrrnefndrar ríkisstjórnar tilkynna skipstjóra viðkomandi skips um brot það, sem kært er út af.

(2) Siðarnefnd ríkisstjórn skal, jafn-skjótt og slíkar upplýsingar berast henni, taka málið til rannsóknar, og er henni frjálst að æskja þess af fyrrnefndri ríkisstjórn, að hún veiti frekari og nánari upplýsingar um brot það, sem út af er kært. Ef ríkisstjórn þess lands, þar sem skipið er skráð, er þess fullviss, að nægar sannanir séu fyrir hendi í því formi, sem lög krefjast, til þess að hægt sé að höfða mál á eiganda skipsins eða skipstjóra þess vegna brots þess, sem út af er kært, skal hún hlutast til um, að málið sé höfðað hið fyrsta að unnt er, og hún skal tilkynna hinni ríkisstjórninni og skrifstofunni um úrslit málsins.

11. gr.

Eigi skal túlka neitt í þessari samþykkt á þá lund, að það skerði vald neinnar ríkis-

while within a port in that territory the oil record book required to be carried in the ship in compliance with the provisions of the Convention, and may make a true copy of any entry in that book and may require the master of the ship to certify that the copy is a true copy of such entry. Any copy so made which purports to have been certified by the master of the ship as a true copy of an entry in the ship's oil record book shall be made admissible in any judicial proceedings as evidence of the facts stated in the entry. Any action by the competent authorities under this paragraph shall be taken as expeditiously as possible and the ship shall not be delayed.

Article X

(1) Any Contracting Government may furnish to the Contracting Government in the territory of which a ship is registered particulars in writing of evidence that any provision of the Convention has been contravened in respect of that ship, wheresoever the alleged contravention may have taken place. If it is practicable to do so, the competent authorities of the former Government shall notify the master of the ship of the alleged contravention.

(2) Upon receiving such particulars the latter Government shall investigate the matter, and may request the former Government to furnish further or better particulars of the alleged contravention. If the Government in the territory of which the ship is registered is satisfied that sufficient evidence is available in the form required by law to enable proceedings against the owner or master of the ship to be taken in respect of the alleged contravention, it shall cause such proceedings to be taken as soon as possible, and shall inform the other Contracting Government and the Bureau of the result of such proceedings.

Article XI

Nothing in the present Convention shall be construed as derogating from the

stjórnar, sem er aðili að henni, til þess að gera ráðstafanir innan lögsagnarumdæmis hennar vegna hvers þess máls, er samþykkt þessi á við um, né á þá lund, að með því sé víkkað lögsagnarumdæmi neinnar ríkisstjórnar, sem er aðili að samþykktinni.

12. gr.

Hver aðildarríkisstjórn að samþykkt þessari skal senda skrifstofunni og viðkomandi ráði Sameinuðu þjóðanna

- (a) texta þeirra laga, tilskipana, fyrir- mæla og reglugerða, sem í gildi eru í landi, sem heyrir undir hana, og sem miða að því að framkvæma ákvæði samþykktar þessarar,
- (b) allar opinberar skýrslur eða ágríp af opinberum skýrslum að svo miklu leyti, sem þær sýna árangur af framkvæmd ákvæða samþykktarinnar, þó ávallt með þeim fyrirvara, að slíkar skýrslur eða ágríp séu ekki þess eðlis, að um trúnaðarmál sé að ræða að áliti þeirrar ríkisstjórnar.

13. gr.

